# LITRÍKT ÆVISKEIÐ

**Steingríms Hermannssonar minnst í máli og myndum**

MINNING 22



## ERU ÁLFAR KANNSKI MENN?

TÓNLIST 32



## CELINE Í ENDURNÝJUN LÍFDAGA

TÍSKA 44




# FRÉTTABLAÐIÐ

PITT

HELGARÚTGÁFA

6. febrúar 2010 — 31. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**VIÐTAL** 20



Þóra Tómasdóttir ræðir um fjölmiðla og ný tækifæri

**SKATTAR** 28

Ekki deilt um meginmarkmið breytinga

**MATUR**

Allir vilja kleinur



**TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG**










**HLAUPIÐ Á VATNI** Þessi ungi maður fór á stökki yfir ísilagða Reykjavíkurtjörnina í kuldanum síðdegis í gær og virtist ekki hafa nokkrar áhyggjur af því að ísinn bæri hann ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Flest bendir til mun betri Icesave-lausnar

**Bretar og Hollendingar leggja höfuðáherslu á að fá höfuðstól Icesave-skuldarinnar greiddan. Þeir hafa lýst sig reiðubúna til að semja upp á nýtt um afborganir og vexti. Unnið að tæknilegum úrlausnum á hámörkun eigna þrotabús LÍ.**

**STJÓRNMÁL** Grundvöllur að nýjum samningaviðræðum um Icesave er í sjónmáli. Bjartsýni og jákvæðni gætir á öllum vígstöðvum. Samræður stjórnar og stjórnarandstöðu á Íslandi síðustu daga hafa gengið vel og fært menn nær hvern öðrum. Góður tónn var í breskum og hollenskum ráðherrum á fundi með þremur flokksformönnum í Haag fyrir rúmri viku.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leggja Bretar og Hollendingar höfuðáherslu á að fá höfuðstól Icesave-skuldarinnar greiddan. Nemur hann tæpum 700 milljörðum króna. Lýstu þeir sig reiðubúna til viðræðna um hvaðeina annað, svosem afborgunartíma og vexti. Á móti kemur að þeir vilja ekki að málið verði sett í dóm. Er horft til þess að vextir verði breytilegir, en ekki fastir eins og bundið var í fyrri samninga.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst miðar nú vinnan á Íslandi ekki síst að því að leita allra leiða til að hámarka eignir þrotabús Landsbankans. Erlendir sérfræðingar hafa verið fengnir til ráðgjafar. Nýjustu spár gera ráð fyrir að eigurnar kunni að duga fyrir rúmlega níutíu prósentum Icesave-skuldanna. Vongóðir segja mögulegt að eigurnar standi undir öllum kostnaðinum.

Niðurstaðan kemur ekki í ljós fyrr en að nokkrum árum liðnum þar sem þrotameðferð tekur jafnan talsverðan tíma.

Það er Bretum og Hollendingum nokkurt kappsmál að málinu verði lokið sem fyrst. Íslenskir stjórnmálamenn eru sömu skoðunar. Hérlendis óttast menn raunar að snurða kunni að hlaupa á þráðinn ef málið tefst úr hófi fram. Þokist sjáanleg lausn of nærri fyrirhugaðri þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave-lögin frá því í desemberlok geti spillst fyrir nýfengnu ágætu samstarfi formanna flokkanna. Þeir þurfi að beita sér í kosningabaráttu.

- bþs







## SPURNING DAGSINS



*Pétur, þurfið þið ekki bara að Höfðamál?*

„Jú, eða breyta nafninu í Kvennatorg.“

Forsvarsmenn Höfðatorgs eru óánægðir með að nafni Höfðatúns skuli breytt í Katrínartún. Pétur Guðmundsson er stjórnarformaður Höfðatúns og byggingarfyrirtækisins Eyktar.

Dómari telur hættu á að fé verði skotið undan, það glatist eða rýrni:

# Eigur Baldurs áfram kyrrsettar

**DÓMSMÁL** Kyrrsetningu á eigum Baldurs Guðlaugssonar, fyrrverandi ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins, verður ekki aflétt. Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp úrskurð þess efnis í gær.

Sérstakur saksóknari fór fram á það við Sýslumanninn í Reykjavík í nóvember að eignir Baldurs yrðu kyrrsettar vegna rannsóknar á meintum innherjasvikum hans með 193 milljóna króna hlut í Landsbankanum. Sýslumaður féllst á beiðnina og kyrrsetti upphæðina á bankareikningum Baldurs.

Baldur kærði niðurstöðuna og taldi hana ekki eiga sér stoð í lögum. Ekkert benti til þess að hann myndi reyna að skjóta eigum sínum undan.

Dómurinn kemst að annarri niðurstöðu. Fallast verði á það með saksóknara að því skilyrði, að hætta sé á að eignum verði skotið undan, þær glatist eða rýrni, sé fullnægt í málinu.

„Við þá niðurstöðu er haft í huga að þótt segja megi að almennt séð sé það nokkuð inngrip í persónuleg fjármál aðila að kyrrsetja eignir hans, má fallast á það með varnaraðila [saksóknara] að sú aðferð að kyrrsetja innstæður á bankareikningum sé eins væg aðferð og kostur er, eins og háttar til í þessu máli,“ segir í úrskurðinum.

Baldur hefur ákveðið að kæra úrskurðinn til Hæstaréttar. - sh



**BALDUR GUÐLAUGSSON** Hæstiréttur hefur þegar kveðið upp úr með það að rannsókn á máli Baldurs skuli ekki hætt.

Sveitarstjórnir í hart:

## Stjórnendur Giftar kærðir

**VIÐSKIPTI Sveitarfélögin Djúpivogur og Vopnafjörður ætla að kæra stjórnendur fjárfestingarfélagsins Giftar til ríkissaksóknara fyrir umboðssvik. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.**

**Fjárfestingarfélagið Gift var stofnað utan um eignir Samvinnutrygginga árið 2007. Fimmtíu þúsund manns áttu eignarrétt í félaginu í ljósi þess að þeir greiddu tryggingar í áravís. Eignir félagsins brunnu inni í bankahruninu og tap félagsins fyrir árið 2008 var 58 milljarðar króna. Ljóst er að stjórnendur félagsins stýrðu því án umboðs.**

Kristján Bjarki:

## Marktækur metsölulisti

**BÆKUR Fréttablaðið mun á næstunni birta lista yfir mest seldu bækurnar á Íslandi en hann er tekinn saman af Rannsóknarsetri verslunarinnar fyrir Félag íslenskra bókaútgefenda.**

**Kristján Bjarki Jónasson, formaður félagsins, segir þetta vera eina marktæka metsölulistann enda nái hann til allra sölustaða bóka á Íslandi.**

**„Við munum í fyrstu birta hann hálfsmánaðarlega en þegar nær dregur páskum birtist hann vonandi vikulega,“ segir Kristján en listann er hægt að nálgast á síðu 43. Ekki kemur kannski á óvart að sá sem situr í efsta sæti listans um þessar mundir heitir Stieg Larsson með bókina Loftkastalinn sem hrundi.** - fgg

Í fyrra fæddust 89 börn heima:

## Mikil aukning heimafæðinga

**HEILBRIGÐISMÁL** Heimafæðingar hér á landi hafa í áratugi ekki verið eins margar og í fyrra. Árið 2009 fæddust 89 börn í skjóli heimilis síns. Það er 46 prósenta aukning frá árinu 2008, þegar 61 barn fæddist heima. Nú eru heimafæðingar um tvö prósent af heildarfjölda fæðinga.



**ÁSLAUG HAUKSDÓTTIR**

Áslaug Hauksdóttir heimafæðingarljósmóðir hefur tekið á móti nær helmingi þeirra barna sem fæðst hafa heima á undanförnum þrettán árum, eða 214 af 447 börnum. Hún skýrir aukningu heimafæðinga fyrst og fremst með upplýstari umræðu kvenna í milli. - hhs / sjá síðu 30

# Sorpstöðin kærð og sökuð um getuleysi

**Forstjóri Íslenska gámafélagsins segir aðgerðaleysi Sorpstöðvar Suðurlands í að finna nýjan urðunarstað fyrir sorp dýrkeypt. Gámafélagið kærði Sorpstöðina og Sorpu vegna samnings þeirra um urðun á sunnlenskum úrgangi í Reykjavík.**

**DÓMSMÁL** Íslenska gámafélagið hefur kært Sorpstöð Suðurlands fyrir brot á bæði samkeppnislögum og stjórnsýslulögum.

Jón Frantzson, forstjóri Íslenska gámafélagsins, segir í grein í Sunnlenska fréttablaðinu að aðgerðarleysi Sorpstöðvarinnar í að finna nýjan sorpurðunarstað hafi í för með sér gríðarlegan kostnaðarauka fyrir íbúa og fyrirtæki á starfssviði stöðvarinnar. Eftir að Íslenska gámafélagið (ÍG) hafi kært Sorpstöðina fyrir meinta ólöglega samkeppni hafi sveitarfélagið Árborg sagt upp sammingi um sorphirðu við ÍG.

„Við kærðum Sorpstöð Suðurlands og Sorpu fyrir samning sem þessir aðilar gerðu sín á milli til samkeppniseftirlitsins og til ráðuneytis sveitarstjórnarmála. Þeir gera samning sín á milli um að úrgangur sem fellur til á Suðurlandi komi til urðunar á Álfsnesi. Það sem við finnum að er lítil klausa um að Sorpstöð Suðurlands verði að koma með allan endurvinnanlegan úrgang af svæðinu líka til Sorpu, annars fái þeir ekki að urða,“ útskýrir Jón fyrir Fréttablaðinu. ÍG hefur einmitt verið að reisa umhleðslustöð fyrir endurvinnanlegan úrgang og hugðist nýta það sem til fellur á Suðurlandi. Þrjú sveitarfélög á svæðinu hafi samning við ÍG um að selja fyrirtækinu allan endurnýjanlegan úrgang. „Það átti að neita þeim um að urða ruslið í Álfsnesi. Niðurstaðan var sú að það var lagður á 321 krónu nefskattur á hvern íbúa þessara sveitarfélaga svo þau fái að urða í Álfsnesi. Þarna er verið að refsa þeim þremur sveitarfélögum á Suðurlandi sem er langlengst komin í að flokka úrgang,“ segir forstjóri ÍG.



**JÓN ÞÓRIR FRANTZSON** Forstjóri Íslenska gámafélagsins ber þungar sakir á forsvarsmenn Sorpstöðvar Suðurlands sem er í eigu sveitarfélaga á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Það sem við finnum að er lítil klausa um að Sorpstöð Suðurlands verði að koma með allan endurvinnanlegan úrgang af svæðinu líka til Sorpu, annars fái þeir ekki að urða.
>
> JÓN ÞÓRIR FRANTZSON
> FORSTJÓRI ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGSINS

Jón er afar gagnrýninn á að Sorpstöð Suðurlands skuli ekki hafa brugðist við fyrirsjáanlegri lokun urðunarstaðar í Kirkjuferjuhjáleigu hinn 1. desember síðastliðinn. Lokunin hefði verið löngu ljós. „Samt sem áður var getuleysi þeirra sem fóru með málefni Sorpstöðvar Suðurlands slíkt að ekkert var búið að gera í málinu og engar lausnir búið að kanna og fyrir þau mistök þurfum við að greiða með dýrustu urðunargjöldum á landinu og flutningum yfir Hellisheiði,“ skrifar Jón í Sunnlenska fréttablaðið. Hann kveður nýja fyrirkomulagið hafa allt að sexfaldað urðunarkostnað fyrirtækja á Suðurlandi. Ekki náðist í gær í Guðmundur Tr. Ólafsson, framkvæmdastjóra Sorpstöðvar Suðurlands. gar@frettabladid.is

Fjórir fengu níu mánuði:

## Dæmdir fyrir hrottalega árás

**DÓMSMÁL** Fjórir karlmenn hafa verið dæmdir í níu mánaða fangelsi, þar af sex skilorðsbundna, fyrir fólskulega líkamsárás og innbrot haustið 2008. Mennirnir, sem allir eru Lettar, ruddust grímuklæddir inn í íbúðarhús við Hverfisgötu að kvöldi laugardags 25. október. Þar réðust þeir á fjóra samlanda sína.

Ofbeldismennirnir, sem allir eru á þrítugsaldri, skipuðu mönnunum fjórum að leggjast í gólfið áður en þeir hófu að berja þá ítrekað með krepptum hnefum og billjarðkjuðum í líkama og höfuð.

Tveir þeirra sem ráðist var á voru fluttir á slysadeild. Hinir tveir voru einnig með áverka. Einn mannanna fór fram á 400 þúsund krónur í skaðabætur en hann fékk dæmdar 300 þúsund krónur. - jss

Umdeilt frumvarp:

## Strandveiðar bundnar í lög

**SJÁVARÚTVEGUR Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, leggur á næstu dögum fram frumvarp á Alþingi um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða þar sem gert er ráð fyrir að strandveiðar verði lögfestar. Fyrirkomulag veiðanna verður að mestu leyti það sama og í fyrrasumar.**

**Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að strandveiðar muni einkum takmarkast af þeim aflaheimildum sem ráðstafað er sérstaklega til veiðanna, eða allt að sex þúsund lestum af óslægðum botnfiski í stað 3.995 lesta af þorski auk annarra tegunda líkt og var á síðasta ári. Gert er ráð fyrir að veiðitímabilið verði fjórir mánuðir frá maí að telja.** - shá




FORVAL VINSTRI GRÆNNA Í DAG Í REYKJAVÍK

Kjörstaður er í húsnæði Kvennaskólans, Þingholtsstræti 37 (gegnt breska og þýska sendiráðinu) frá kl. 10-18 og er opið öllum félögum í Reykjavík.

VINSTRI GRÆN –vegur til framtíðar

Nánari upplýsingar á www.vg.is og í síma 552 8872


Fyrrum starfsmaður SS ákærður fyrir ærumeiðandi móðganir og aðdróttanir:

# Sagði yfirmann sennilega leiðinlegasta mann í heimi

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært Odd Eystein Friðriksson, fyrrum starfsmann Sláturfélags Suðurlands fyrir ærumeiðandi móðganir og aðdróttanir í garð Steinþórs Skúlasonar, forstjóra Sláturfélagsins. Skrifin birti Oddur Eysteinn nafnlaust á vefsíðu sem aðgengileg var almenningi.

Þar sagði meðal annars að Steinþór sé „sennilega leiðinlegasti maður í heimi – frá upphafi!“, „húmorslaus“, hann sitji „stjarfur í horninu sínu, blýantslaus, ... og fyrir luktum dyrum!, Alls staðar sé kvartað undan Steinþóri eða „forstjórafíflinu“ eins og hann sé almennt kallaður innan veggja félagsins. Bændur líki honum við Edward John Smith, skipstjóra Titanic...“

Enn fremur er fyrrum starfsmaðurinn ákærður fyrir að skrifa að Sláturfélagið sé sökkvandi skip enda hafi þjónusta verið hræðileg í allt sumar og mikið um vöruvantanir, þar ríki fullkomið stjórnleysi þar sem áður ríkti óstjórn. Allur kostnaður sé úr böndunum, vörur fáist ekki í búðum vegna aðgerða kaupmanna og klúðurs í framleiðslunni, sem sé komin í algert lágmark og algert ráðaleysi virðist vera á sölunni. Innanhússdeilur séu alveg að fara með fyrirtækið. - jss



**SLÁTURFÉLAGIÐ** Maðurinn fer hörðum orðum um fyrrum vinnustað sinn.



Þýsk gæðaframleiðsla

7 mm

1.490kr/m²

1.990kr/m²

Plastparket
Egger, Eikarplankalíki, Euroclic-krækja.
Þýsk gæðaframleiðsla
146948

EGGER

FYRIR BÍLSKÚRINN
OG GEYMSLUNA



Hillurekkar
verð frá:
7.995

Electrolux
KRAFTMIKIL
RYKSUGA

1800W



Ryksuga
315W sog-
kraftur
1805264

15.900

19.900

# HEIMILISDAGAR

UM HELGINA

## Fermingar sýning

Skútuvogi
laugardag og sunnudag



10 STK
TÚLIPANAR
799

blómaval



25%
AFSLÁTTUR
af öllum
búsáhöldum



GÓÐ
ÞJÓFAVÖRN
HREYFISKYNJARI

3.499

4.299

Útiljóskastari með hreyfiskynjara
500W, hvítur einnig til svartur.
5880036/46

NILFISK
KRAFTMIKIL
HÁÞRÝSTIDÆLA

110 Bör



15.995

HÁÞRÝSTIDÆLA NILFISK
110 Bör, 1400W, sjálfvirkt mótorstopp
sem sparar vatn og rafmagn.
5m rafmagnskapall, 5 m slanga, sápubrúsi
5254241

2.990

3.695




Jotaproff 3 ltr.
Gæða veggmálning gljástig 7.
7119858

3 ltr.

**Aðeins brot af úrvalinu!**

www.husa.is

HÚSASMIÐJAN

**GENGIÐ 05.02.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,47 | 129,09 |
| Sterlingspund | 201,71 | 202,69 |
| Evra | 175,70 | 176,68 |
| Dönsk króna | 23,596 | 23,734 |
| Norsk króna | 21,367 | 21,493 |
| Sænsk króna | 17,173 | 17,273 |
| Japanskt jen | 1,4348 | 1,4432 |
| SDR | 197,78 | 198,96 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

231,2663

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ekki útilokað að Hagar komist aftur í eigu fárra eftir skráningu á markað:

# Fagfjárfestar verða mótvægi



**FINNUR SVEINBJÖRNSSON** Verði yfirtökutilboð lagt fram í Haga eftir skráningu félagsins í Kauphöll verða aðrir hluthafar að meta hvort þeim finnist það sanngjarnt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**VIÐSKIPTI** Svo kann að fara að fagfjárfestum, svo sem lífeyrissjóðum, verði boðið að kaupa stóran hlut Arion banka í Högum í lokuðu útboði fyrir skráningu félagsins á markað seinni hluta árs og þeir verði mótvægi við aðra hluthafa félagsins sem fá að kaupa í opnu útboði. Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Arion banka, segir þetta á meðal þeirra hugmynda sem unnið sé með í samráði við erlendan ráðgjafa í útfærslu á útboðsferlinu.

Finnur segir ekkert standa gegn því að einstakir hluthafar og aðilar þeim tengdir geti tryggt sér meira en 33 prósenta hlut í Högum. Gerist það eru þeir skyldir til að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð lögum samkvæmt. Aðrir hluthafar munu þá þurfa að vega það og meta, að sögn Finns. Samkvæmt samkomulagi um skráningu Haga fá eigendur og stjórnendur Haga að kaupa allt að fimmtán prósenta hlut Arion banka í Högum. Þar af getur Jóhannes Jónsson, stofnandi Bónuss og stjórnarformaður Haga, keypt tíu prósenta hlut.

Finnur Árnason, forstjóri Haga, og framkvæmdastjórar eiga nú um tveggja prósenta hlut í félaginu. Finnur sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að stjórnendur fyrirtækisins og hópur starfsfólks myndu nýta rétt sinn. Erlendir fjárfestar koma ekki að fjárfestingunni, að hans sögn. - jab

Mid-Atlantic ráðstefna:

## Nú koma fleiri frá útlöndum

**FERÐAMÁL** Hin árvissa Mid-Atlantic kaupstefna Icelandair hófst á fimmtudag og stendur fram á sunnudag. Markmiðið er sagt vera að tengja saman kaupendur og seljendur ferðaþjónustu í Bandaríkjunum og Evrópu.

„Fulltrúar á Mid-Atlantic eru nú um 500 alls frá fjórtán löndum. Að þessu sinni koma mun fleiri fulltrúar erlendis frá en undanfarin ár, eða um 350,“ segir á vef Ferðamálastofu. „Þar af er von á um 150 kaupendum ferðaþjónustu frá Bandaríkjunum og Kanada, sem sýnir óvenjumikinn áhuga.“ - óká

Höfuðborgarsvæðið:

## Þrír teknir í vímuakstri

**LÖGREGLUMÁL Þrír karlmenn voru teknir fyrir vímuakstur í Reykjavík í fyrradag.**

**Karlmaður á fimmtugsaldri var tekinn fyrir ölvunarakstur. Hann hafði lent í árekstri í Álfheimum í hádeginu og stakk af frá vettvangi. Hann var stöðvaður og handtekinn skammt frá. Maðurinn hafði þegar verið sviptur ökuleyfi.**

**Þá voru tveir ökumenn teknir fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna. Báðir voru stöðvaðir um miðjan dag, annar í miðborginni en hinn í Háaleitishverfi. Annar þeirra hafði þegar verið sviptur ökuleyfi. Í bíl hins fundust ýmsir munir sem grunur leikur á að séu þýfi.** - jss

**ÖRYGGISMÁL**

### Minnt á 112

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur í samstarfi við Námsgagnastofnun gefið út smálestrarbókina Númi og konurnar þrjár. Bókin er til lestrarþjálfunar auk þess sem henni er ætlað að vekja ungmenni til vitundar um mikilvæg atriði í tengslum við slysavarnir. Einnig minnir hún á neyðarnúmerið 112.

**ÁRÉTTING**

Vegna fyrirhugaðra áheyrnarprufa vegna hlutverks Sollu stirðu, sem fara fram á Hilton Nordica laugardaginn 13. febrúar, er rétt að taka fram að aldursbilið er 8-28 ára.

**LEIÐRÉTTING**

Í grein Einars Benediktssonar 30. janúar misritaðist málsgrein sem er svofelld rétt: Þá er ljóst að í því opna umhverfi viðskipta og efnahagslegra samskipta sem ríkjandi verður í heiminum getur Ísland ekki búið við kerfi peningamála sem byggir á eigin gjaldmiðli.

# Fleiri á bráðamóttöku geðsviðs eftir hrunið

**Komum fólks á bráðaþjónustu geðsviðs LSH fjölgaði um sautján prósent fyrstu þrjá mánuðina eftir bankahrunið. Frá október 2008 til loka september 2009 var aukningin tíu prósent. Geðlyfjanotkun og tíðni sjálfsvíga standa í stað.**



**GEÐDEILD LANDSPÍTALA** Álagið á geðsvið Landspítala - háskólasjúkrahúss hefur aukist jafnt og þétt meðan fjárveitingar hafa verið skornar niður um 4,6 prósent 2009 og 6,9 prósent 2010.

**SJÁLFSVÍGSTILRAUNIR og hugsanlegar sjálfsvígstilraunir**

| | |
|---|---|
| 2006 | 252 |
| 2007 | 223 |
| 2008 | 198 |
| 2009 | 178 |

HEIMILD: LANDSPÍTALI

**KOMUR Á BRÁÐAÞJÓNUSTU GEÐSVIÐS**

| Tímabil | fjöldi | aukning |
|---|---|---|
| 01/10/08 - 30/09/09 | 6.545 | 10,0% |
| 01/10/07 - 30/09/08 | 5.942 | |
| 01/10 - 31/12 '08 | 1.624 | 16,5% |
| 01/10 - 31/12 '07 | 1.394 | |
| 01/01 - 31/12 '09 | 6.481 | 5,0% |
| 01/01 - 31/12 '08 | 6.172 | 7,9% |
| 01/01 - 31/12 '07 | 5.718 | |

HEIMILD: LANDSPÍTALI

**HEILBRIGÐISMÁL** Komum á bráðaþjónustu geðsviðs Landspítalans fjölgaði um rúm tíu prósent frá því að hrun hófst í október 2008 og til loka september 2009. Notkun geðlyfja hefur hins vegar staðið í stað, eða heldur minnkað á sumum tegundum á milli ára 2008 og 2009. Tíðni sjálfsvíga hefur ekki breyst og sjálfsvígstilraunum sem leiða til komu á sjúkrahús hefur fækkað verulega allt frá árinu 2006 til 2009.

Þetta kom fram í viðtali Fréttablaðsins við Pál Matthíasson, framkvæmdastjóra geðsviðs LSH, og Halldóru Halldórsdóttur aðstoðarlandlækni.

„Á fyrstu þremur mánuðum eftir hrunið varð sautján prósent aukning á komum á bráðamóttöku, sem hefur heldur jafnast út,“ útskýrir Páll. „Innlögnum á bráðageðdeildir fjölgaði um rúm sex prósent 2008-09. Hins vegar fækkar legudögum vegna styttri legutíma sjúklinga. Meðallegutími nú er ellefu dagar á bráðageðdeildum, en heldur styttri fyrir flesta.“

Páll segir að fækkun legudaga stafi meðal annars af því að betur gangi nú en áður að koma fólki í önnur úrræði eftir dvöl á geðdeild. Þetta þýði að geðsviðið hafi meiri getu til að taka inn nýja sjúklinga. Aukning í innlögnum felist ekki í því að fólk sé að koma aftur vegna þess að það hafi verið útskrifað of snemma.

Matthías bætir við að opnuð hafi verið ný móttaka í kjölfar hruns. „Hún var mjög lítið notuð svo henni var fljótlega lokað aftur,“ segir hann.

„Hvað sjálfsvígin varðar hafa meðaltöl þeirra verið 35 á síðustu tíu árum. Bráðabirgðatala fyrir árið 2009 er 32 sjálfsvíg.“

Páll segir fólk þurfa að vera meðvitað um að kreppa hafi áhrif á heilsufar, einkum andlega heilsu. Jafnframt hætti til að lenda í vanda, svo sem öldruðum, útlendingum, fólki með geðfatlanir og börnum þessara hópa.

„Það verður að halda sérstaklega utan um þetta fólk og standa vörð um það.“

Páll segir eftirtektarvert að innlögnum vegna áfengis- og vímuefna hafi fjölgað um rúm sex prósent milli 2008 og 2009.

„Heildarniðurstaðan er sú, að álagið hefur aukist jafnt og þétt á geðsviðið,“ segir Páll, „meðan fjárveitingar hafa verið skornar niður um 4,6 prósent 2009 og 6,9 prósent 2010“. jss@frettabladid.is

Norðfirðingar selja snjóbyssur:

## Ólafsfirðingar í snjóframleiðslu

**SVEITARFÉLÖG** Skíðafélag Ólafsfjarðar hefur keypt snjóframleiðslukerfi Norðfirðinga í Oddskarði. Kerfið, sem keypt var árið 2006, var selt á þrjá milljónir króna. Austurgluugginn greinir frá þessu. Í frétt blaðsins kemur fram að söluandvirðinu verði varið til framkvæmda á skíðasvæðinu í Oddskarði, meðal annars stækkun bílastæðis og uppsetningu á snjósöfnunargirðingum. - bþs

Ofmátu áhrif skertra framlaga:

## Minna skorið niður hjá HSS

**HEILBRIGÐISMÁL Niðurskurður á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja verður ekki jafnmikill og forsvarsmenn hennar töldu áður óhjákvæmilegt. Á fundi stjórnenda stofnunarinnar með heilbrigðisráðherra í gær kom fram að áhrif skertra framlaga á rekstur stofnunarinnar hefðu verið ofmetin, að því er segir í tilkynningu.**

**„Vegna þessa er ljóst að stjórn HSS verður að endurmeta fyrri ákvarðanir og standa vonir til að hægt verði að halda þjónustu við sykursjúka áfram opinni og sama er að segja um sálfélagslegu þjónustuna. Þá verður almenn móttaka lækna um helgar áfram opin,“ segir í tilkynningu.** - sh

**ÖRYGGISMÁL**

### Höfðinglег gjöf

Lionshreyfingin á Íslandi hefur fært Slysavarnafélaginu Landsbjörgu eina milljón króna til kaupa á tveimur rafstöðvum fyrir íslensku alþjóðabjörgunarsveitina en slíkar rafstöðvar eru meðal þess búnaðar sveitarinnar sem skilinn var eftir á Haítí þegar sveitin fór til hjálparstarfa þar.




**VEÐURSPÁ**



**Soffía Sveinsdóttir** Veðurfréttamaður

**LITLAR BREYTINGAR** Næstu dagar verða tíðindalitlir. Vindur verður austlægur og fremur hægur nema allra syðst, þar má búast við strekkingi. Yfirleitt verður bjart með köflum og él á stöku stað. Heldur dregur úr frosti á morgun og mánudaginn.



Á MORGUN 3-8 m/s en hvassara allra syðst.

MÁNUDAGUR Austlæg eða breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 17° |
| Basel | 7° |
| Berlín | 1° |
| Billund | 0° |
| Eindhoven | 5° |
| Frankfurt | 2° |
| Friedrichshafen | 2° |
| Gautaborg | 0° |
| Kaupmannahöfn | 0° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 7° |
| Mallorca | 15° |
| New York | -1° |
| Orlando | 17° |
| Ósló | -2° |
| París | 7° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | -2° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

# ÚTSÖLU LOK

4.-7. febrúar

Allt að 90% afsláttur

## Götumarkaðsstemmning

Komdu og gerðu frábær kaup á allra síðustu dögum útsölunnar í Smáralind.
Útsölunni lýkur á morgun! Frábær tilboð og algjört verðhrun.

ENNEMM / SÍA / NM38750

Opið til kl. 18 í dag

SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
**Verslanir opnar:** mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000

Smáralind

## KJÖRKASSINN



*Verður þú vör/var við að húsaleiga hafi lækkað verulega?*

| | |
|---|---|
| Já | 15,3% |
| Nei | 84,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á Landhelgisgæslan að fá aukið fjármagn til að halda úti þyrlurekstri?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Formaður skipulagsráðs vill helst lækningastarfsemi í Heilsuverndarstöðinni:

# Breytingar verði gerðar af virðingu

**SKIPULAGSMÁL** „Það er mikilvægt, ef af verður, að breytingarnar verði framkvæmdar af virðingu við þetta merka hús,“ segir Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur, um ósk eiganda Heilsuverndarstöðvarinnar á Barónsstíg að innrétta húsið sem hótel.

Júlíus bendir á að um sé að ræða atvinnuhúsnæði í einkaeigu. „Þeir sem vilja reka hótel í atvinnuhúsnæði hafa rétt til þess og geta byggt umsókn um slíkt á þeim forsendum. Það er hálf sorglegt að svona flott hús sem er ákveðið kennileiti hér í Reykjavík skuli ekki vera í notkun,“ segir hann.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær kveðst eigandi hússins, Álftavatn ehf., árangurslaust hafa reynt að koma því í notkun sem læknamiðstöð og sjúkrahótel. „Auðvitað hefði maður helst viljað sjá þetta hús í þeirri notkun sem það var byggt fyrir – í þágu heilbrigðisgæslu,“ segir Júlíus.

Skipulagsráð hefur ekki tekið afstöðu til málsins. Álftvatn ehf. leggur áherslu á að vinnslu málsins sé hraðað svo að Icelandair Hotels geti hafið þar rekstur strax í vor en Júlíus segir margt ógert. Við blasi að gera þurfi miklar breytingar á innviðum hússins. „Ég reikna með að húsafriðunarnefnd og fleiri fagaðailar hafi áhuga á að fylgjast vel með þessu máli. Þá verður að hafa í huga hvaða áhrif breytt notkun geti haft á nærumhverfið,“ segir formaður skipulagsráðs. **- gar**



**NÝTT HLUTVERK Á BARÓNSSTÍG?** Eigandi gömlu Heilsuverndarstöðvarinnar vill leigja hana til Icelandair Hotels. SAMSETT MYND/FRÉTTABLAÐIÐ

Ekki hætt við fjarskiptaútboð:

## Fær bætur en ekki nýtt útboð

**STJÓRNSÝSLA** Ríkiskaup þurfa ekki að hætta við útboð á fjarskiptaþjónustu fyrir Landspítalann. Kærunefnd útboðsmála segir Ríkiskaup hins vegar bera skaðabótaskyldu gagnvart Símanum fyrir að hafa brotið á rétti fyrirtækisins í sams konar útboði í fyrravetur.

Tvö tilboð bárust í fyrra útboðinu: frá Símanum og frá Vodafone sem bauð lægri upphæð. Samið var við Vodafone en Síminn kærði það og benti á að Vodafone hefði á þeim tíma ekki uppfyllt skilyrði um jákvæða eiginfjárstöðu. Kærunefndin tók undir það.

Í stað þess að semja þá við Símann, sem átti hitt tilboðið, ákváðu Ríkiskaup að efna til nýs útboðs. Síminn kærði það en kærunefndin segir að nýja útboðið sé löglegt. **- gar**

Utanríkismálanefnd Alþingis:

## Framferði Írana verði mótmælt

**STJÓRNMÁL Mannréttindamál í Íran voru til umfjöllunar á fundi utanríkismálanefndar Alþingis í gær. Komu starfsmenn utanríkisráðuneytisins fyrir nefndina.**

**Árni Þór Sigurðsson, formaður nefndarinnar, segir líklegt að ríkisstjórnin eða utanríkisráðuneytið muni í framhaldinu senda írönskum stjórnvöldum ályktun þar sem mannréttindabrot verði hörmuð. „Nefndin hvetur ríkisstjórnina til þess,“ segir Árni.**

**Í Íran er fólk tekið af lífi fyrir að mótmæla stjórnvöldum.** **- bþs**

**DÓMSTÓLAR**

### Ramos áfram í varðhaldi

Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð héraðsdóms þess efnis að brasilíski lýtalæknirinn Hosmany Ramos skuli sæta gæsluvarðhaldi á meðan fjallað er um framsalsmál hans. Ekki er langt síðan Ramos reyndi að flýja úr haldi og hótaði fangaverði með heimatilbúnu eggvopni.

# Villa í reikningi VG

**VG láðist að telja fram styrki frá sveitarfélögum í ársreikningi 2008. Flokkurinn fékk um 5 milljónir frá Reykjavíkurborg og hálfa frá Hafnarfirði. Sveitarfélögum skylt að styrkja flokka sem fá yfir 5 prósent atkvæða í hlutfalli við atkvæði.**

**STJÓRNMÁL** Vinstrihreyfingin – grænt framboð oftaldi framlög frá einstaklingum en lét ekki getið um framlög til flokksins frá sveitarfélögum þegar ársreikningi 2008 var skilað til Ríkisendurskoðunar.

Fyrr í vikunni birti Ríkisendurskoðun útdrætti úr ársreikningum þeirra stjórnmálaflokka sem skilað höfðu upplýsingum til stofnunarinnar. Þar kom fram að VG hefði engar tekjur fengið frá sveitarfélögum.

Þó er sveitarfélögum með fleiri en 500 íbúa skylt að styðja stjórnmálaflokka, sem fengið hafa meira en 5 prósent atkvæða í sveitarstjórnarkosningum, samkvæmt lögum sem sett voru 2006.

Í reikningum Samfylkingarinnar kemur fram að sá flokkur hafði rúmlega 15 milljónir króna í tekjur frá sveitarfélögum en Framsóknarflokkurinn tæpar 5 milljónir.

„Það urðu mistök hjá VG, þeir blönduðu þessu saman við framlög frá einstaklingum,“ segir Lárus Ögmundsson, skrifstofustjóri hjá Ríkisendurskoðun. Hann segir að Ríkisendurskoðun muni senda frá sér leiðréttingu vegna reiknings VG þegar upplýsingar hafa borist frá flokknum.

Aðspurður sagði Lárus að væntanlega hefði VG átt að færa „einhverjar milljónir“ sem tekjur frá sveitarfélögunum.

Lárus segir að fjárhæð styrkjanna séu alfarið á valdi hverrar sveitarstjórnar. Hins vegar sé sveitarfélögum skylt að dreifa framlögum jafnt á flokkana í hlutfalli við atkvæðamagn þeirra.



**EKKI AÐGREINT** Framkvæmdastjóri VG segir að einstaka aðildarfélög hafi skellt saman framlögum frá sveitarfélögum og öðrum framlögum. Unnið er að leiðréttingu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR BIRKISSON

VG gaf upp 18,7 milljóna króna tekjur frá einstaklingum, þar með talin félagsgjöld. Samfylkingin gaf upp 17 milljóna króna tekjur frá einstaklingum og Framsóknarflokkurinn 10,6 milljónir.

Árið 2007 gaf VG upp 7,7 milljónir króna í tekjur frá sveitarfélögum en 9,8 milljónir frá einstaklingum.

Drífa Snædal, framkvæmdastjóri VG, staðfesti við Fréttablaðið að flokkurinn hefði fengið styrki frá sveitarfélögum. Sum aðildarfélög hefðu ekki aðgreint þau frá öðrum framlögum. Verið sé að vinna að leiðréttingu. Styrkurinn frá Reykjavíkurborg nam 4-5 milljónum króna, að sögn Drífu, en mun lægri fjárhæðir komu frá öðrum sveitarfélögum. Samkvæmt upplýsingum frá Hafnarfirði fékk VG þaðan um 543.850 krónur en framlagið frá Mosfellsbæ var rúmar 182.000 krónur.

**peturg@frettabladid.is**

### LÖG UM FJÁRMÁL STJÓRNMÁLASAMTAKA

*5. gr. Framlög til stjórnmálasamtaka frá sveitarfélögum.*

Sveitarfélögum með fleiri en 500 íbúa er skylt, en öðrum sveitarfélögum heimilt, að veita stjórnmálasamtökum, sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum, fjárframlög til starfsemi sinnar. Ákvörðun um slík framlög tekur sveitarstjórn samhliða samþykkt fjárhagsáætlunar. Fjárhæðinni skal úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn.

### STYRKIR TIL FLOKKANNA

**2008***

| | |
|---|---|
| Hafnarfjörður | 4.250.000 |
| Garðabær | 3.500.000 |
| Mosfellsbær | 1.500.000 |
| Kópavogur | 0 |
| Reykjavík | svar barst ekki |

***heildarstyrkir skv. svörum við fyrirspurn um styrki skv. lögum um fjármál flokkanna, sem send var til þessara sveitarfélaga 5. febrúar 2010.**



**KRÖFUR SKRÁÐAR** Skilanefnd Kaupþings leitar eftir því að stokka upp í kröfuhafaráði bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skilanefnd Kaupþings banka:

## Kröfuhafaráðið endurnýjað

**VIÐSKIPTI Skilanefnd Kaupþings auglýsti í fyrradag eftir nýjum fulltrúum í kröfuhafaráð bankans. Stefnt er að því að það verði endurnýjað í lok mánaðar, að því er segir í tilkynningu.**

**Óformlegt kröfuhafaráð Kaupþings hefur verið starfandi frá í nóvember 2008. Í því sitja sjö fulltrúar fyrir hönd stærstu kröfuhafa, lánveitenda og skuldabréfaeigenda.**

**Eftir að kröfuhafalisti lá fyrir í lok síðasta árs var ákveðið að stokka upp í ráðinu. Fulltrúi frá alþjóðlegu lögmannsstofunni Bingham er á meðal þeirra sem sitja í kröfuhafaráðinu.** **- jab**

Kúabændur í Danmörku:

## Meira tap en lengi hefur sést

**DANMÖRK** Fyrstu uppgjör danskra kúabúa fyrir árið 2009 sýna verri niðurstöðu en sést hefur í áraraðir, að því er fram kemur á vef Landssambands kúabænda.

Tap af rekstrinum er sagt tæpar 1,6 milljónir danskra króna, sem séu tæp 42 prósent af veltu. „Þetta byggir á tölum úr rekstri 55 kúabúa á starfssvæðum LRØ, LandboNord og LandboSyd, sem öll eru á Jótlandi,“ segir á vefnum. Tapið er að mestu sagt vegna lágs mjólkurverðs til framleiðenda.

Spáin fyrir þetta ár er sögð líta mun betur út. „Mjólkurverðið er komið í 2,22 dkk/kg, fallandi fóðurverð og lækkandi vextir gefa möguleika á að lítils háttar hagnaður verði af búrekstrinum.“ **- óká**

N1 Deildin
2009 - 2010
KONUR
Laugardagur
Framhús Fram - KA/Þór 15:00
Víkin Víkingur - Fylkir 16:00
Vodafone höll Valur - Haukar 16:00

Gæsluvarðhaldsúrskurður yfir Facebook-manninum staðfestur í Hæstarétti:

# Gæti fengið sextán ára fangelsi

**DÓMSMÁL** Brot karlmanns sem situr í gæsluvarðhaldi vegna gruns um gróf kynferðisbrot gegn fjórum unglingsstúlkum, sem hann kynntist í gegnum Facebook, varða allt að sextán ára fangelsi.

Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð héraðsdóms þess efnis að maðurinn sitji í gæsluvarðhaldi til 3. mars. Þrjú þessara brota eru komin til ríkissaksóknara og hið fjórða á leiðinni. Að auki hefur ríksisaksóknari til meðferðar mál er varðar vörslu mannsins á barnaklámi.

Kynferðisbrotamál mannsins gegn stúlkunum fjórum komu til kasta lögreglu í árslok 2009 með stuttu millibili og eiga það sammerkt að meintir brotaþolar eru ungar stúlkur undir lögaldri, þar af tvær undir kynferðislegum lögaldri. Lögreglan lítur málið mjög alvarlegum augum enda hafi maðurinn yfirburði í aldri og þroska fram yfir stúlkurnar. Þá endurspegli það aukinn ásetning mannsins að hann láti ekki segjast og hafi ekki liðið nema vika frá því að ákærði hafi verið yfirheyrður vegna meints kynferðisbrots gegn ungri stúlku og þar til hann hafi sett sig í samband við fjórðu stúlkuna. **- jss**



**FACEBOOK-MAÐURINN** Sakborningurinn leiddur fyrir dómara.


Fríhafnardagar
um helgina
TAX
FREE
SNYRTIVÖRU
DAGAR
FRÍHAFNARDAGAR
Dagana 4.-7. febrúar
afnemum við virðisaukaskatt
af öllum snyrtivörum.
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.
Tilboðin gilda út sunnudaginn 7. febrúar 2010.
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
50 ára
HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

**VEISTU SVARIÐ?**



*1. Hvað vill eigandi hússins við Barónsstíg sem áður hýsti Heilsuverndarstöðina gera við það?*

*2. Hvað á Höfðatún í Reykjavík að heita samkvæmt tillögu skipulagsráðs borgarinnar?*

*3. Hvað ætlar Arion banki að gera við Haga?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 58

Atvinnulausir á aldrinum 16 til 19 ára voru rúmlega fimm hundruð í desember:

# Einangrun atvinnulausra ungmenna áhyggjuefni

**RANNSÓKN** Atvinnulaus ungmenni sem voru rúmlega fimm hundruð í desember, standa fyrir utan kerfið að mörgu leyti, erfitt er að nálgast þau og þar sem hefðbundnar forvarnir, til að mynda gegn áfengi og vímuefnum, fara að miklu leyti fram í framhaldsskólum þá ná þær ekki til hópsins.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra og Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri Reykjavíkur, tóku til máls á fundinum og kom fram í máli þeirra áhyggjur af stöðu þessa hóps, sem fer stækkandi. „Þetta litla samfélag þolir ekki atvinnuleysi í þessum hópi," sagði Hanna Birna sem sagði mjög mikilvægt að ná til sem flestra, svo það gerðist ekki hér á landi sem gerðist til dæmis í Finnlandi þar sem atvinnulaust ungt fólk rataði ekki aftur á vinnumarkaðinn eða í skóla.

Menntamálaráðherra var sama sinnis og sagði nauðsynlegt að rjúfa vítahringinn sem ungmennin væru stödd í. Niðurstöðurnar væru einnig hvatning til foreldra til að fylgjast með og rækta samband við börn sín. Hún sagði og niðurstöðurnar kalla á að hlúð verði að óhefðbundnum námsleiðum.

Einar Magnús Magnússon hjá Umferðarstofu sagði menn á þeim bæ mikið velta fyrir sér hvernig ná eigi til þessa hóps í forvörnum þar sem hann kemur við sögu í mörgum alvarlegum umferðarslysum.

Menntamálaráðherra og borgarstjóri bentu á að verið væri að vinna að verkefnum til að mynda hjá Vinnumálastofnun og Reykjavíkurborg sem hefði það að markmiði að ná til þessa hóps.

**- sbt**



**FYLGST MEÐ** Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra og Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri við kynningu rannsóknarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


# Myglaðar auglýsingar Múrbúðarinnar

Fyrir stuttu fékk ég fund með stjórnendum Múrbúðarinnar til að sýna hvernig fyrirtækið gæti náð miklu meiri sölu með nútíma marketing.

Best ég komi mér strax að efninu: - öðrum eins hallærisgangi í markaðsmálum hef ég aldrei kynnst og hjá Múrbúðinni. Samt er ég búinn að vera í sjö ár í bransanum og þar áður rak ég grillsjoppu.

Ég hreinlega GAF Múrbúðinni uppskritt að topp árangri í markaðssetningu. Vera með tilboð, útsölur, vask-free, súperdíla, sölusprengjur og verðhrun. Þannig smalar maður liðinu inn í búðina. Ég benti þeim á að hakka verðið og lakka það svo aftur. Þá halda allir að þeir séu að græða feitt.

Andlitið hreinlega datt af mér þegar Múrbúðin sagði nei takk við tilboði mínu um markaðsráðgjöf. Í staðinn ætlar Múrbúðin að halda sig við gamla og myglaða hallærisganginn. Einga afslætti, bara gott verð alltaf og fyrir alla. Þeir sögðust ekki vilja hakka verðið til að lakka það svo aftur.



**MARKÚS LÁKI SALÓMONSSON**

Ég spurði hvort þeir ættu ekki skrújárn þarna í búðinni til að herða eitthvað af lausu skrúfunum í hausnum á sér. Marketing gengur nefnilega ekki út á að vera alltaf með gott verð, heldur að láta fólk HALDA að það sé að fá gott verð. Það er geðveikt lame að hjakka bara alltaf á sömu tuggunni, afslátt eða gott verð, afslátt eða gott verð.

Vegna þess að einhverjir sáu bílinn minn fyrir utan Múrbúðina og hafa þekkt hann á einkanúmerinu, þá vil ég taka fram að ég ber einga ábyrð á þessari hallærislegu markaðssetningu fyrirtækisins. Einga.

*Markús Láki Salómonsson*
*sexy@musko.is*
*Höfundur er forstjóri*
*Musko Marketing*

AUGLÝSING


# Standa höllum fæti

**Ungmennum á aldrinum sextán til tuttugu ára sem eru atvinnulaus líður verr en jafnöldrum þeirra sem eru í námi. Þau reykja frekar en jafnaldrar þeirra, neyta frekar vímuefna og stunda síður líkamsrækt svo fátt eitt sé nefnt.**

**RANNSÓKN** Viðamikil rannsókn á ungu fólki á framhaldsskólaaldri sem ekki stundar nám í framhaldsskólum leiðir í ljós að sá hluti hópsins sem er atvinnulaus hefur það miklu verr en jafnaldrar þeirra sem eru í einhverju námi eða vinnu.

Rúmur þriðjungur hópsins sem tók þátt í könnun Rannsóknar og greiningar, rannsóknarstofnunar við Háskólann í Reykjavík, var í öðru námi en hefðbundnum framhaldsskólum og reyndist sá hluti vera hliðstæður framhaldsskólanemum, jafn vel staddur félagslega, í góðum tengslum við foreldra sína og svo framvegis.

Hópurinn sem aðallega sagðist stunda vinnu var í flestum spurningum mitt á milli þeirra atvinnulausu og þeirra sem voru í námi, en þó má nefna að ríflegur helmingur þeirra reykti dag hvern, rétt eins og atvinnulaus ungmenni. Einungis sjö prósent námsfólksins yngri en átján ára reykti daglega, en nítján prósent þeirra eldri en átján ára.

Atvinnulaus ungmenni skera sig frá jafnöldrum sínum að mjög mörgu leyti, stórum hluta þeirra líður illa, segist vera einmana, mikill minnihluti þeirra segir að foreldrar viti af ferðum þeirra.




Stór hluti atvinnulausu ungmennanna hefur prófað hass og önnur ólögleg vímuefni og sagði Álfgeir Logi Kristjánsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, sem stýrði rannsókninni, ekki hafa séð viðlíka tölur í rannsóknum undanfarin ár en Rannsóknir og greining hafa gert margar rannsóknir á lífsstíl ungmenna undanfarin ár.

Álfgeir benti á það á kynningarfundi um rannsóknina í gær að atvinnulausu ungmennin stæðu mjög höllum fæti, þau væru einmana, þætti framtíðin vonlaus. Það væri afar mikilvægt að ná til þeirra. Nú um stundir væri litla vinnu að fá og hætta á að þau einangruðust væri veruleg, yrði ekkert að gert. **sigridur@frettabladid.is**



**ATVINNULEYSISÁTAK HINS HÚSSINS** Ungu fólki án atvinnu í Reykjavík hefur meðal annars staðið til boða að taka þátt í verkefni á vegum Hins hússins þar sem hugmyndafræðin er sú að allir geti fundið hugmynum sínum farveg. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## ERFITT AÐ NÁ TIL HÓPSINS

Lífsstíll og viðhorf ungmenna á aldrinum 16 til 20 sem ekki er í framhaldsskólum hefur ekki verið kannaður á jafn umfangsmikinn máta áður og gert var í rannsókn Rannsóknar og greiningar. Álfgeir Logi Kristjánsson, lektor við kennslu og lýðheilsudeild HR og stjórnandi rannsóknarinnar, greindi frá því í gær að mikið hefði verið haft fyrir því að ná til sem flestra úr hópnum. Fengust að lokum svör frá tæplega 800 ungmennum sem Rannsóknir og greining, rannsóknarmiðstöð við Háskólann í Reykjavík, hafa unnið úr. Það eru um 56 prósent þeirra ungmenna sem síðastliðið vor voru utan hefðbundinna framhaldsskóla. Af þeim sem tóku þátt í rannsókninni sögðust tæp 35 prósent vera aðallega í skóla, 42 prósent í vinnu en 23 prósent atvinnulaus. Fram kom á fundinum að ef hefði náðst í alla væri hlutur þeirra líklega hærri.

Niðurstöðurnar verða aðgengilegar á vef stofnunarinnar, öllum áhugasömum til frekari nota.







**Tilkynning**

Hef hafið störf hjá augnlæknastöðinni Sjónlagi í Vesturhúsi Glæsibæjar, 5. hæð.

**Þóra Gunnarsdóttir**
Augnlæknir
*Almennar augnlækningar*

Glæsibær | Álfheimar 74 | 104 Reykjavík | Sími 577 1001 | Fax 577 1021 | sjonlag@sjonlag.is | www.sjonlag.is



# 25%

sýningarafsláttur af fermingarvörum um helgina







# FERMINGARVEISLUSÝNINGIN

## er um helgina

### Hvernig vilt þú hafa fermingarveisluna þína?

Fáðu hugmyndir að:

Borðskrauti | Veitingum | Myndatöku | Fatnaði | Hárgreiðslu

Við tökum þátt í fermingarsýningu Garðheima:

NÓI SÍRÍUS · SAFFRAN · VERO MODA · hár expo · BED HEAD · hrund · OUTFITTERS NATION · KONDITORI · heilsa · Amé

Flottur fermingarfatnaður frá Vero Moda og Outfitters Nation sýndur á dansandi tískusýningu kl. 15.00 laugardag og sunnudag!



Hollur, framandi og hagkvæmur veislumatur frá Saffran



GARÐHEIMAR
10 ára!



Lukkupottur!
Mundu eftir fermingarbréfinu!



Minnum á fermingarvefinn á www.gardheimar.is

Fermingarveislusýningin
er frá 13.00 – 17.00 báða dagana

Garðheimar eru opnir
frá kl. 11.00 – 21.00

KÓPAVOGUR - GERUM ENN BETUR

OPNUN KOSNINGASKRIFSTOFU *Karen E. Halldórsdóttur*
OG MYNDLISTARSÝNING *Hfjörð.*




PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS 20. FEBRÚAR



*Opnun 6. febrúar milli 14 -16.*
*Bæjarlind 14 - 16, Kópavogi*



TF-LÍF Öryggisreglur LHG kveða á um að ekki sé farið út fyrir 20 sjómílur nema öryggi flugáhafnar sé tryggt. Það er gert með annarri þyrlu á bakvakt eða að skip á flugleiðinni sé ekki meira en klukkustund að sigla að þyrlunni brotlendi hún í sjónum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Vilja öryggi

**Skorað hefur verið á stjórnvöld að tryggja öryggi sjómanna við landið með því að veita nægu fjármagni til Gæslunnar. Myndi fólk í landi sætta sig við að vera án sjúkrabíla? spyrja sjómenn.**

**ÖRYGGISMÁL** Samtök útvegsmanna og sjómanna skora á stjórnvöld að efla starfsemi Landhelgisgæslunnar svo hún fái sinnt lögbundnu eftirlits- og öryggishlutverki sínu. Tilefnið er alvarleg veikindi sjómanns um helgina á togaranum Sturlaugi Böðvarssyni. LHG gat ekki orðið við beiðni um aðstoð þar sem skipið var um sjötíu sjómílur frá landi og aðeins ein þyrluvakt til taks. Við slíkar aðstæður er þyrla ekki send lengra en tuttugu mílur á haf út.

Jakob Örn Haraldsson, skipsverji á Sturlaugi, lýsti því í viðtali við Fréttablaðið í gær hversu hastarlega hann veiktist. Í bráðaaðgerð á Landspítalanum kom í ljós að æð til hjartans var nær alveg stífluð og hann því í bráðri lífshættu. Togarinn var um tíu klukkustundir að sigla í land og var Jakobi „haldið gangandi“ á sprengitöflum og súrefni, eins og hann orðaði það.

Landssamband útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands og VM - félag vélstjóra og málmtæknimanna sendu frá sér áskorun í gær vegna þessa máls sem undirstriki að niðurskurður á rekstrarfé LHG ógni öryggi sjómanna á hafi úti. Þeir minna á að Landhelgisgæslunni er ætlað að sinna mjög víðfeðmu hafsvæði og hún gegni mikilvægu öryggishlutverki fyrir íslenska sjómenn. „Upp geta komið tilvik eða aðstæður, þar sem tími til björgunar er svo naumur að þyrla er eina tækið sem sjómenn geta treyst á. Þótt þrengingar séu í ríkisrekstri er það dýrkeyptur sparnaður að vega að ákveðnum grunnþáttum á borð við þyrluþjónustu LHG og þar með öryggi sjómanna á hafi úti.

Í viðtölum Fréttablaðsins við sjómenn er undantekningarlaust lýst áhyggjum af þeirri stöðu sem komin er upp. Eftir stendur spurning þeirra um hvort það sé réttlætanlegt, og þá í ljósi staðhæfinga stjórnvalda um að byggja upp velferðarríki að norrænni fyrirmynd, að hluti þjóðarinnar þurfi að sætta sig við að lifa í óvissu um hvort hann verði sóttur þegar alvarleg veikindi eða slys ber að höndum.

Flugdeildin er dýrasti rekstrarþáttur LHG eða um 60 prósent af heildarkostnaði sem er þrír milljarðar króna. Talið er að með 400 til 500 milljóna króna framlagi ríkisins væri hægt að reka flugdeildina eins og gert var ráð fyrir eftir brotthvarf varnarliðsins og krafist er af samtökum sjómanna og útvegsmanna. svavar@frettabladid.is

## HRIKALEGT AÐ HORFAST Í AUGU VIÐ ÞETTA



RAGNA ÁRNADÓTTIR

„Er það svo að Landhelgisgæslan geti ekki haldið úti lögbundnu hlutverki sínu nema með þeim peningum sem hún hefur haft og er lítið hægt að skerða þau framlög? Að þessu spyr ég mig þessa dagana. Allt sem gert er virðist ógna öryggi sjómanna og það er hrikalegt að þurfa að horfast í augu við það,“ segir Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra, um stöðu Landhelgisgæslunnar.

En mun hún beita sér fyrir því að LHG verði tryggt fjármagn til að halda úti tveimur þyrluvöktum? „Við komum alltaf að því að sama. Hvaðan eiga þessir peningar að koma? En ef það er engin önnur leið til að spara en að fækka þyrlum eða áhöfnum þeirra finnst mér komin upp sú staða að ríkisstjórnin þurfi að taka ákvörðun um hvað skuli gera. Við erum að tala um þjónustu sem er jafn mikilvæg og margt annað sem við teljum sjálfsagt – til dæmis sjúkrahús og heilsugæsla.“

Ragna segist skilja áhyggjur sjómanna og niðurskurður hjá LHG sé mjög viðkvæmt mál. „Blessunarlega tókst að koma sjómanninum heim óhultum í þessu tilviki. Ég verð að segja að það gengur ekki að fólk sé með lífið í lúkunum í orðsins fyllstu merkingu. Þetta atvik gefur fullt tilefni til að ráðuneytið og Gæslan fari yfir þetta.“

Námskeið
í tölvufærðu bókhaldi

**Nú býðst þér yfirgripsmikið námskeið hjá Skýrr í tölvufærðu bókhaldi sem er að mestu leyti niðurgreitt af Vinnumálastofnun (VMST) og þínu eigin stéttarfélagi.**

Námskeiðið hefst 15. febrúar og verður kennt fyrir hádegi mánudaga til fimmtudaga í 4 vikur.

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

**Helstu þættir sem farið verður í:**

- Grunnur
- Innkaup og birgðir
- Sala
- Samþykktarkerfi
- Fjárhagur
- Laun
- Innheimtukerfi
- Tollakerfi

Á námskeiðinu eru afhent vönduð kennslugögn sem koma að góðum notum til frekari færni í tölvufærðu bókhaldi.

Flest stéttarfélög veita styrk fyrir allt að 75% af námskeiðsgjöldum. VR veitir styrk fyrir allt að 75% af námskeiðsgjöldum eftir inneign og réttindum. Þeir sem koma á vegum VR eða VMST fá að auki 25% styrk frá Skýrr. Fullt verð fyrir námskeiðið án aðkomu stéttarfélags, VR eða VMST er 89.000 kr.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 10-0218

**Nánari upplýsingar eru á skyrr.is og í síma 569 5100.**
**Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á skyrr@skyrr.is**



569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
Velkomin

# SKJÁR*EINN* FÆRIR ÞÉR SVO MIKLU MEIRA

**SkjárEinn** býður þér glæsilegt úrval af íslensku og erlendu sjónvarpsefni á sérlega hagstæðu verði. Ef þú missir af uppáhaldsþættinum þínum á SkjáEinum getur þú horft á hann hvenær sem þér hentar með **SkjáFrelsi**. Áskriftin færir þér aðgang að þúsundum nýrra og klassískra bíómynda í **SkjáBíói** og frábæru úrvali af ókeypis barnaefni. Ofan á allt saman getur þú valið á milli mismunandi pakka af heimsklassa skemmtun, fræðslu og fréttum með yfir **60 erlendum sjónvarpsrásum**.

EKKERT VENJULEGT SJÓNVARP

Veldu áskrift á skjareinn.is: **Skjáreinn** 2.200 kr. | **Fjölskylda** 3.100 kr. | Skjáreinn + **Fjölskylda** 5.300 kr.




SkjárBíó VOD, SkjárFrelsi og SkjárHeimur er aðgengilegt um Sjónvarp Símans. Með Digital Ísland+ fæst aðgangur að SkjáEinum og SkjáFrelsi.



Prófkjör Sjálfstæðisflokksins
í Garðabæ, 6. febrúar 2010

Ragný
2. eða 3. sæti

Kjósum baráttukonu fyrir hagsýni í rekstri og velferðarmálum

Tryggjum Ragnýju Þóru Guðjohnsen öruggt sæti í bæjarstjórn

Þitt atkvæði skiptir máli www.ragny.is



Viltu verða dagforeldri í Reykjavík?

**Leitað er eftir dagforeldrum til starfa í Reykjavík, sérstaklega í Vesturbæ, Miðborg, Hlíðum og Laugardal.**

Allar upplýsingar fást hjá daggæsluráðgjöfum í þjónustumiðstöðvum borgarinnar í síma 411 1111

Næsta réttindanámskeið fyrir verðandi dagforeldra verður haldið hjá Námsflokkum Hafnarfjarðar 27. febrúar.

**Nánari upplýsingar í síma 664-5510/ 585-5860.**



Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



VIÐVÖRUN

EKKI kaupa markaðsráðgjöf af þessum manni.

Markús Láki Salómonsson kom í Múrbúðina til að veita ráð í markaðsmálum. En þau ráð reyndust tóm steypa. Snerust um að rugla neytendur. Hann lýsti frati á þá stefnu Múrbúðarinnar að bjóða alltaf gott verð. Virkar ekki, sagði hann. Við hentum honum út.




En Markús Láki hefur farið víða með ráðleggingar sínar og mörg fyrirtæki fara eftir þeim. Það sjáum við í afsláttar- og tilboðsauglýsingum alla daga. Við hin fyrirtækin, sem ekki hafa fengið kauða í heimsókn, viljum við bara segja: varið ykkur - nema auðvitað ef þið getið ekki boðið gott verð.

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?


Samkomulag tókst á Norður-Írlandi:

# Stjórninni bjargað

**NORÐUR-ÍRLAND, AP** Sambandssinnar og lýðveldissinnar á Norður-Írlandi náðu loks samkomulagi í gær eftir langvinnar deilur um framhald heimastjórnarinnar.

Samkomulagið felur í sér að umsjón löggæslu og dómsmála verður færð frá bresku stjórninni til heimastjórnar Norður-Írlands ekki síðar en 12. apríl, eins og kaþólskir lýðveldissinnar höfðu gert kröfu um. Nýtt ráðuneyti dómsmála verður stofnað í þessu skyni á Norður-Írlandi.

Í staðinn fengu sambandssinnar því framgengt að nýtt fyrirkomulag verður á skrúðgöngum Óraníumanna, sem báðir aðilar verða að koma sér saman um. Sinn Fein, flokkur kaþólskra, hafði hótað því að segja sig úr stjórninni, sem hefði hugsanlega orðið banabiti friðarsamkomulagsins frá 1998.

**- gb**



**GERRY ADAMS** Leiðtogi Sinn Fein blaðar í samningnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**BÖRN Á HAÍTÍ** Vinstra megin á myndinni er eitt af börnunum þrjátíu og þremur sem trúboðarnir reyndu að flytja úr landi án tilskilinna pappíra. NORDICPHOTOS/AFP

# Flest börnin áttu foreldra

**Bandarísku trúboðarnir, sem handteknir voru fyrir viku, hafa verið ákærðir fyrir mannrán á Haíti. Lögmaður hópsins segir leiðtoga hans bera alla ábyrgð.**

**HAÍTÍ, AP** Tíu bandarískir trúboðar eiga yfir höfði sér ákærur vegna mannráns á Haítí, en þeir ætluðu að flytja 33 börn úr landi í síðustu viku. Lögmaður hópsins reynir að fá níu þeirra látna lausa, en segir leiðtoga hópsins bera alla ábyrgð.

„Ég ætla að gera allt sem ég get til að ná þessum níu út. Þetta var barnaskapur í þeim. Þau höfðu ekki hugmynd um hvað var að gerast og þau vissu ekki að þau þyrftu opinbera pappíra til að fara yfir landamærin. Silsby vissi það,“ segir lögmaðurinn Edwin Coq en Laura Silsby er leiðtogi hópsins.

Trúboðarnir hugðust flytja börnin yfir landamærin og til Dóminíska lýðveldisins, þar sem meiningin var að koma þeim fyrir á hóteli sem breyta átti í heimili fyrir munaðarlaus börn.

Að minnsta kosti tvö af hverjum þremur börnum úr hópnum eiga hins vegar foreldra á lífi. Flest koma þau úr þorpinu Cellebas og sumir foreldranna segjast, í samtali við bandarísku fréttastofuna AP, hvorki hafa getað útvegað börnum sínum mat né fatnað. Trúboðarnir hafi lofað að börnin fengju betra líf og góða menntun, en jafnframt hafi þeir lofað að ættingjar fengju að heimsækja þau.

Þessar frásagnir foreldranna stangast á við yfirlýsingar frá Silsby, sem segir að börnin hafi ýmist komið frá heimilum munaðarlausra barna sem eyðilögðust í jarðskjálftanum, eða fjarskyldir ættingjar hafi afhent þau.



**LAURA SILSBY** Leiðtogi trúboðahópsins sem nú situr í fangelsi. NORDICPHOTOS/AFP

Aðstandendur trúboðanna tíu segjast sannfærðir um að þeir hafi haft gott eitt í huga.

Silsby hófst handa strax síðasta sumar við að breyta umræddu hóteli í heimili fyrir munaðarlaus börn. Þegar jarðskjálftinn reið yfir 12. janúar fékk hún trúfélaga sína til að slást í för með sér til að ná í börnin, sem eru á aldrinum tveggja til tólf ára.

Flestir eru trúboðarnir úr tveimur kirkjusöfnuðum baptista í Idaho í Bandaríkjunum. Hópurinn segist hafa ætlað að bjarga munaðarlausum börnum frá Haítí, þar sem munaðarlaus börn töldust vera 380 þúsund fyrir jarðskjálftann, samkvæmt tölum frá Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna.

Trúboðarnir voru hverjir fyrir sig ákærðir fyrir bæði mannrán og aðild að glæp. Þeir gætu átt yfir höfði sér allt að fimmtán ár í fangelsi. Dómari fær málið til meðferðar og úrskurðar er að vænta innan þriggja mánaða.

**gudsteinn@frettabladid.is**

Fyrirhuguð íbúakosning vegna stækkunar álversins:

# Bæjarstjórnin vill fá skýrari svör frá Alcan

**SKIPULAGSMÁL** Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, segir að þrátt fyrir formlegt svar frá Rannveigu Rist, forstjóra Alcan á Íslandi, séu enn atriði sem þarfnist útskýringar varðandi viðhorf fyrirtækisins til nýrrar íbúakosningar um stækkun álversins í Straumsvík. Þetta kom fram á síðasta fundi bæjarráðs. Þar benti áheyrnarfulltrúi Vinstri grænna á að álversforstjórinn hefði sagt að fyrirtækið sæktist ekki eftir stækkun. Þess utan komi fram í svari fyrirtækisins að það hafi ekki aðgang að orku sem þurfi fyrir stækkunina. - gar



**ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK** Bæjarstjórinn í Hafnarfirði óskar nánari upplýsinga frá Alcan.

Vírusvörnin Lykla-Pétur:

# Fær VB100 gæðastimpilinn

**UPPLÝSINGATÆKNI** Íslenska vírusvörnin Lykla-Pétur (F-PROT Antivirus í útlöndum) hefur fengið svokallaðan VB100-gæðastimpil tímaritsins Virus Bulletin.

Með VB100-vottuninni er Lykla-Pétur sagður settur í hóp öflugustu vírusvarna heims, en Virus Bulletin prufukeyrir reglulega allar helstu vírusvarnir sem í boði eru.

VB100-vottunin hefur verið veitt frá árinu 1998, en til þess að fá slíkan gæðastimpil verður vírusvörn að sýna fram á að hún grípi alla tölvuóværu sem gengur laus, bæði í skönnun og í vöktun. Þá má vírusvörnin ekki misgreina hreinar skrár sem vírusa þegar leitað er í ósýktum skrám.

Friðrik Skúlason ehf. framleiðir Lykla-Pétur. - óká



FRIÐRIK SKÚLASON

Björgunarfélagið Eyvindur:

# Fékk gefins hjartastuðtæki

**SAMFÉLAGSMÁL** Björgunarfélagið Eyvindur fékk fyrir skömmu að gjöf hjartastuðtæki frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps.

„Tækið er mikið öryggistæki en íbúar sveitarfélagsins eru um 800 auk þess sem fjölmörg frístundahús eru í hreppnum. Kvenfélagið styrkti kaup á þessu tæki, með því að láta allan ágóða af veitingasölu á aðventuhátíð sem haldin var í desember síðstliðnum renna til kaupa á tækinu,“ að því er fram kemur á vef björgunarfélagsins. Að auki gáfu velunnarar góðra málefna í sveitarfélaginu og þar eiga frístundahús 100 þúsund krónur til styrktar verkefninu. - óká

## KÍNA

### Frelsisher gegn sjóránum

Frelsisher fólksins í Kína (PLA) tekur þátt í baráttu gegn sjóræningjum undan ströndum Sómalíu. South China Morning Post greindi nýverið frá því að til skoðunar væri að hermenn yrðu um borð í skipum frá Hong Kong á hættulegum siglingaleiðum.

## LÖGREGLAN

### Tók 100 kannabisplöntur

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fann hundrað kannabisplöntur við húsleit í íbúð í fjölbýlishúsi í Grafarholti í fyrradag. Karlmaður á þrítugsaldri játaði aðild sína að málinu.

## MOSFELLSBÆR

### Lóð undir nýja slökkvistöð

SHS fasteignum, dótturfélagi Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., hefur verið úthlutað lóð við Skarhólabraut í Mosfellsbæ undir slökkvi- og lögreglustöð.


UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA




Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.

Prentun frá A til Ö.

50 kassar utan um augnakonfekt.

ODDI

Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is



*Málþing á Menntadegi iðnaðarins 2010*

**Menntun og vöxtur**

***Samtök iðnaðarins bjóða til málþings miðvikudaginn 10. febrúar frá kl. 9 til 12 á Grand Hóteli Reykjavík.***

*Hvernig treystir menntakerfið undirstöður atvinnulífsins?*
*Hvaða hlutverki gegna skólar í að byggja upp íslenskt atvinnulíf?*
*Felur hagræðingarkrafa í menntakerfinu í sér tækifæri til sóknar?*

***DAGSKRÁ***



***Jón Steindór Valdimarsson***, *framkvæmdastjóri SI*
*- Störfin og menntunin*



***Katrín Jakobsdóttir***, *menntamálaráðherra*

***Iðnmeistarakerfi í mótun***
*Ingi Bogi Bogason, Kristrún Ísaksdóttir, Ferdinand Hansen og Baldur Gíslason greina frá stöðu þess*

*Styrkur SI til kennslu á vinnustað verður afhentur*



***Ari Kristinn Jónsson***, *rektor Háskólans í Reykjavík*
*- Háskólamenntun til vaxtar*




***Sigurður Ólafsson***, *fræðslustjóri Alcoa og*
***Iðunn Kjartansdóttir*** *sérfræðingur hjá IÐUNNI fræðslusetri*
*- Hvernig er mannauður mótaður og metinn?*



*Fundarstjóri er* ***Vilborg Einarsdóttir***, *framkvæmdastjóri MENTOR*

*Málþingið er opið meðan húsrúm leyfir og aðgangur er ókeypis.*
*Skráning fer fram á mottaka@si.is.*

*Aukin þekking gefur iðnaðinum takmarkalausa möguleika til vaxtar og nýsköpunar.*
*Iðnfyrirtæki treysta á öflugt menntakerfi.*

*Samtök iðnaðarins - www.si.is*

SI

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvað getum við lært af reynslu Finna?

## Virði orðsporsins

**ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON SKRIFAR**

Í nýliðnum mánuði skrifaði Risto Penttilä, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Finnlands (EVA) og þingmaður á Evrópuþinginu, lesendabréf í Financial Times sem beint var sérstaklega til okkar, Íslendinga. Skrifin eru í fullri vinsemd og byggja á reynslu Finna.

Risto samhryggist Íslendingum að vera í þeirri stöðu að þurfa í þjóðaratkvæðagreiðslu að gera upp á milli slæmra kosta, en kveðst um leið ekki ætla að bætast í hóp þeirra sem ítreka alvarlegar afleiðingar þess að borga ekki, alþjóðlega einangrun, gífurlegan lántökukostnað, vantraust og útskúfun alþjóðasamfélagsins.

„Hefur einhver bent ykkur á hvað gæti unnist með því að segja: „Já, við borgum, hvað sem það kostar. Við borgum jafnvel þótt það hafi verið bankamenn okkar sem komu okkur í kreppu. Jafnvel þótt vinir okkar í Evrópu hafi brugðist þegar við þörfnuðumst þeirra mest. Jafnvel þótt þeir hafi notað lög sem ætluð voru gegn hryðjuverkum til að fást við borðleggjandi gjaldþrotamál“? Hefur einhver reynt að gera það?“ spyr Risto Penttilä.

Hann bendir á að Finnland hafi verið eina landið sem endurgreiddi Bandaríkjunum skuldir sem urðu til í fyrri heimsstyrjöldinni, þrátt fyrir miklar raunir í kjölfar borgarastyrjaldar, sem kostaði tugþúsundir lífið, og nýfengins sjálfstæðis 1917 sem varð til þess að Rússar hættu að kaupa timbur af Finnum. Finnar reiddu sig á timbrið líkt og Íslendingar á fisk. „Samt héldum við áfram að borga af lánum okkar. Væntanlega vorum við dálítið vitlaus, eða enginn sagði okkur að aðrar þjóðir hefðu einfaldlega hætt að borga. En við höfðum skrifað undir samning og héldum því áfram að borga.“

Þjóðir heims sýndu Finnum stuðning í vetrarstríðinu 1939 þegar Stalín réðst inn í landið, þótt ekki hafi komið til hernaðarstuðnings. Og þrátt fyrir að hafa stutt nasista gegn sameiginlegum óvini í austri þá bauðst Finnlandi betri friðarsamningur en flestir höfðu búist við. Risto lýsir því svo hvernig Finnar stóðu á ný frammi fyrir kreppu fimmtíu árum síðar þegar fall Sovétblokkarinnar þurrkaði út fimmtung af utanríkisviðskiptum landsins. „Bankakerfið hrundi og atvinnuleysi nálgaðist 20 prósent. Ríkisstjórnin var ekki viss um að bankar myndu halda áfram að lána peninga til Finnlands, en samt gerðu þeir það. Af hverju? Vegna þess að Finnland var eina landið sem greitt hafði skuldir sínar úr heimsstyrjöldinni fyrri. Vegna þess að Finnland hafði aldrei hlaupið frá skuldbindingum sínum.“

Í grein sinni bendir Risto Penttilä okkur á að hægt sé að endurgreiða gífurlegar skuldir, jafnvel þótt þær virðist í fyrstu óyfirstíganlegar. Erfið staða neyddi Finna til að leita nýrra markaða og tækifæra með góðum árangri. Hinn lærdómurinn er að í erfiðri stöðu þarfnist lönd vina og þá sé auðveldara að finna ef orðsporið er gott.

Ísland er ekki fyrsta Evrópuþjóðin sem gengur í gegnum þrengingar. Bæði Svíar og Finnar hafa upplifað hrun bankakerfis og það fyrir skömmu, á tíunda áratug síðustu aldar. Óskandi væri að við bærum gæfu til að læra af reynslu frænda okkar og legðum við hlustir þegar við fáum frá þeim hollráð. Risto Penttilä bendir réttilega á að heilindi skipti meira máli en skuldir sem hlutfall af þjóðarframleiðslu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

**Áfram traust og framsækin forysta í Garðabæ**

Ég hvet allt sjálfstæðisfólk til þess að taka þátt í prófkjörinu í dag og stilla þannig upp öflugu sigurliði fyrir Garðabæ.

Með góðri kveðju,



Erling Ásgeirsson
1. sæti
www.erlingasgeirsson.is





**AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR**

## Stjórnskipulagsbreyting án umræðu

Háskólamenn hafa sett fram rökstuddar skoðanir um að embætti forseta Íslands hafi breyst úr ópólitísku sameiningartákni í pólitíska valdastöðu. Staðfestingarsynjun forsetans á Icesave-lögunum og þátttaka hans í umræðum á alþjóðavettvangi er talin taka af allar efasemdir í því efni.

Þetta merkir með öðrum orðum að í framkvæmd hafi orðið grundvallarbreyting á íslenskri stjórnskipan. Þessi breyting er ekki niðurstaða umræðna. Hún er því lítt yfirveguð og hefur ekki verið tekin af þjóðinni eins og ráð er fyrir gert með stjórnarskrárbreytingar.



**ÞORSTEINN PÁLSSON**

Stjórnarskráin er að sönnu nógu loðin til þess að slíkar grundvallarbreytingar geta gerst án formlegra ákvarðana. Spurningin er: Hver ber ábyrgð á því? Forsetinn er frumkvöðullinn. Um það er ekki deilt. Ríkisstjórnirnar á valdatíma hans eiga hins vegar einnig hlut að máli með því að ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarathöfnum forsetans öðrum en lagasynjunum.

Í mars árið 2006 hélt stjórnarskrárnefnd ráðstefnu um forsetaembættið. Strax þá staðhæfði Svanur Kristjánsson prófessor í erindi að núverandi forseti hefði með pólitísku áhrifavaldi sínu og í krafti embættisins lyft utanríkisstefnu landsins á nýtt stig með frumkvæði að útrásinni svokölluðu og þeirri einurð að gera hana að veruleika.

Þessi kenning er ekki óumdeild. Engar athugasemdir voru þó gerðar af hálfu forsetaembættisins á þeim tíma. Fyrir nokkrum mánuðum lét forsetinn þess hins vegar getið opinberlega að útrásarvíkingar hafi misnotað forsetaembættið. Það gat ekki gerst nema embættið færi með utanríkispólitískt áhrifavald. Rannsóknarnefnd Alþingis hlýtur að fjalla um þetta.

## Ábyrgð ráðherra

Fjármálaráðherra bar Icesave-lögin upp við forseta í ríkisráði. Nokkrum dögum seinna synjaði forseti um staðfestingu með ákvörðun utan ríkisráðs. Þetta var brot á stjórnskipunarreglum. Fjármálaráðherra gat af þessum sökum ekki komið fram andmælum á fundi ríkisráðs eins og starfsreglur þess mæla skýrt fyrir um.

Í þessu tilviki var það bæði réttur og skylda forsætisráðherra að taka fram fyrir hendur forseta til þess að tryggja stjórnskipulega rétta málsmeðferð. Forsætisráðherra kaus hins vegar að láta forseta fara á svig við réttar stjórnskipunarreglur. Það var þáttur í að breyta stjórnskipuninni án umræðu; trúlega í hugsunarleysi.

Varðandi ábyrgð ráðherra í þessu tilliti verður að hafa hugfast að í sumum tilvikum blasir ábyrgðin við eins og með staðfestingarsynjun utan ríkisráðs. Í öðrum tilvikum gerast hlutir af þessu tagi smám saman. Í raun sést þá ekki fyrr en um síðir hvað hefur gerst.

Ráðherrar eru þar af leiðandi oft í erfiðri stöðu til að grípa inn í. Þannig háttaði til þegar forseti tók sæti í Þróunarráði Indlands. Þáverandi utanríkisráðherra bar á því ábyrgð án þess að vita um ákvörðunina. Ráðið er í tengslum við Teri-stofnunina sem komið hefur að jöklarannsóknum í Himalaja, sem nú eru viðkvæmar á alþjóðavettvangi. Í þessu samhengi þarf einnig að hafa í huga að ákvarðanaferill forsetaembættisins ógagnsær. Ákvarðanir eru teknar bak við luktar dyr án lýðræðislegra umræðna og verða stundum að veruleika í samtölum sem aldrei er greint frá. Af sjálfu leiðir að lýðræðið veikist þegar völd færast frá Alþingi til forsetans. Opin umræða er svo veigamikill þáttur lýðræðisins.

## Hættulegt er að skilja ábyrgð frá valdi

Boðskapur forseta Íslands í Icesave-málinu er þessi: Efnahagslegir hagsmunir þjóðarinnar eiga að víkja fyrir rétti hennar til að greiða atkvæði um þau mál sem honum sjálfum sýnist. Spurningin er: Felst lýðræðisbót í þessari afstöðu?

Sumir segja að enn alvarlegri efnahagsþrengingar fylgi í kjölfar þess að Icesave-lögin verði felld, jafnvel greiðslufall ríkisins. Aðrir eru þeirrar skoðunar að Hollendingar og Bretar muni kikna í hnjáliðunum þegar þeir sjá niðurstöðuna í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Enginn veit neitt með vissu um þetta.

Hitt er víst að synjun leysir ekki málið. Lyktir deilumálsins fást einfaldlega ekki með slíkri niðurstöðu í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er kjarnaatriði þegar svara á spurningunni hvort í þjóðaratkvæðinu felst lýðræðisumbót.

Staðan er þessi: Forsetinn ber ekki ábyrgð á efnahagslegum afleiðingum af ákvörðun sinni. Hann fær rós í hnappagatið ef allt endar vel en er laus allra mála ef illa fer. Eftir eðli máls getur þjóðin aldrei borið ábyrgð á niðurstöðum kosninga. Hún tekur bara afleiðingunum.

Alþingi situr uppi með ábyrgðina. Ríkisstjórnin þarf ekki að víkja meðan hún nýtur stuðnings Alþingis. Af því leiðir að þjóðin fær ekki tækifæri til að kjósa fulltrúa á Alþingi að nýju til að fylgja eftir niðurstöðu þjóðaratkvæðisins.

Hér hefur það gerst að völd og ábyrgð hafa verið greind hvort frá öðru. Það er þverbrestur í lýðræðisskipulaginu en ekki bót. Samstaða um nýjan Icesave-samning gæti leitt þjóðina fram hjá þessum stjórnskipulegu ógöngum.

Alveg óháð því hvaða afstöðu menn hafa til Icesave-samninganna er ljóst að stjórnskipunarreglurnar þarf að endurskoða eða framkvæma þær eins og ráðgert var í öndverðu þannig að völd og ábyrgð fari saman. Réttmæt gagnrýni á Icesave má ekki leiða til hentistefnuviðhorfa gagnvart stjórnskipaninni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


EINSTÖK
UPPLIFUN
Golf í London með GB ferðum
verð frá:*
Foxhills Club & Resort 99.000-
Donnington Valley Hotel & Spa 99.000-
NÝTT - Formby Hall Golf Resort & Spa 110.000-
Celtic Manor Resort 140.000-
Hanbury Manor 140.000-
The Grove 190.000-
* Flug með Icelandair, flugvallaskattar og aukagjöld, gisting með morgunverði, golf og aðgengi að heilsulindum hótelanna.
Kynntu þér kosti þess að skella sér í golfferð til London með GB Ferðum:
Stutt flug (3 klst) • Stuttur akstur frá flugvelli • Golf báða ferðadagana • Milt veður • Góð verð á topp 4- og 5 stjörnu hótelum
Nudd gufuböð & heitir pottar á staðnum • Búið að bóka alla rástíma • Búið að bóka borð á kvöldin (sé óskað eftir því)
Bókaðu golfferðina þína á www.gbferdir.is eða í síma 534 5000
ICELANDAIR
Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu
VIÐ ERUM Á FACEBOOK
GB FERÐIR
www.gbferdir.is

# Líkamsklukkan og skammdegið

**UMRÆÐAN**
Andrés Magnússon skrifar um líkamsklukkuna


ANDRÉS MAGNÚSSON

Rannsóknir síðari ára hafa leitt í ljós að starfsemi og virkni hinna ýmsu líffærakerfa mannslíkamans sveiflast eftir 24 klukkustunda dægurrythma (dægurtakti). Þannig framleiða ákveðnar frumur mismikið af hormónum og enzymum eftir því hvaða tími dags er. Sum líffæri eru mest virk seinnipart nætur, en önnur, eins og t.d. nýrun, eru lítið virk á nóttunni. Jafnvel þegar frumur eru teknar úr líffærum og ræktaðar í agarskálum þá geta þær haldið áfram að sýna reglulegar dægursveiflur fyrstu dagana. Það sem sér um að samhæfa og samstilla alla dægurtaktana eða dægursveiflur líkamans er hin svokallaða líkamsklukka (einnig nefnd „innri klukkan“ eða „líffræðilega klukkan“). Hún er hljómsveitarstjórinn.

### Stilling líkamsklukkunnar

En hvernig fer líkamsklukkan að því að halda stillingu sinni þannig að hún gangi alltaf á 24 klukkustundum? Jú, hún getur numið birtuna í umhverfinu og þannig samstillt hinar innri dægursveiflur við gang sólar. Ef mannskepnan er færð niður í yfirgefnar námur, djúpt í myrkustu iður jarðar, þá heldur líkamsklukkan í fyrstu áfram að ganga nokkurn veginn rétt, en smám saman fer henni að fipast. Yfirleitt seinkar hún sér, en einnig fara hinir ýmsu rythmar (sveiflur) að ganga hver í sínum eigin takti, og verða þá ekki lengur innbyrðis samstilltir. Þetta er óhollt og vitað er að t.d. vaktavinnufólk sem stöðugt er að hringla með dægursveiflur sínar, lifir skemur en aðrir.

Líkamsklukkan stjórnar svefninum. Flest dýr, og manneskjur í fríi, vakna þegar líkamsklukkan segir fyrir um að þau skuli vakna. En í nútíma samfélagi eru það aðrir þættir sem ákvarða hvenær einstaklingurinn vaknar. Þetta getur leitt til þess að misræmi kemst á milli hinnar ytri klukku samfélagsins og hinnar innri klukku líkamans. Það framkallar þreytu, slappleika og vanlíðan. Þegar innri dægursveiflur brotna niður þá brotnar líka niður mótstöðuþrek einstaklinga, enda er þessari tækni ávallt beitt við pyntingar; Fórnarlömbum er skutlað inn í litla almyrkvaða klefa í nokkra mánuði, hávær graðhestamúsík er spiluð allar nætur í Guantanamo og ljósaperan er látin loga allan sólarhringinn hjá Sævari.

Í hinu langa skammdegi á Íslandi eru flestir innandyra þá fáu tíma sem einhverrar birtu nýtur. Þeir einstaklingar sem viðkvæmastir eru fyrir skort á ljósi geta þá þróað með sér svokallað skammdegisþunglyndi. Það er hægt að lækna með sterku ljósi sem kemur aftur reglu á dægursveiflurnar.

Sú dýrategund sem er með einna viðkvæmustu líkamsklukkuna og þolir verst skort á ljósi heitir unglingar. Unglingum er sérstaklega hætt við að þróa með sér „fasaseinkun á svefni“ (Delayed Sleep Phase Insomnia). Þá er líkamsklukkan nokkrum klukkustundum á eftir klukku samfélagsins, sem lýsir sér þannig að unglingarnir fara að sofa seint á nóttunni og vakna ekki fyrr en undir hádegi. Þetta er einnig oft hægt að leiðrétta með því að nota sterkt ljós fyrrihluta dags.

### Varnaraðgerðir við skammdegi

Minna en einn þúsundasti hluti mannkyns býr jafn norðarlega, og við jafn mikið skammdegi og við Íslendingar. Hér á landi ættu að vera alls kyns varnaraðgerðir til þess að mæta þessum sérstæðu aðstæðum. Gamalt kínverskt máltæki segir: „Á veturna skaltu fara fyrr að sofa og rísa klukkustund seinna úr rekkju.“ Íbúar Tromsö gerðu þetta til skamms tíma; skólabörnin þurftu ekki að mæta í skólann fyrr en klukkan níu í svartasta skammdeginu og máttu fara fyrr heim á daginn. En hvað gera Íslendingar við sín börn í skammdeginu? Jú, rífa þau upp úr rúmunum um miðja nótt til þess að vera búin að koma þeim í skólann fyrir klukkan hálf sjö að sólartíma. Klukkan á Íslandi er nefnilega stillt eftir Greenwich, sem er 22° austar en Ísland, eða sem svarar einu og hálfu tímabelti. Innri klukka barnanna fer ekkert eftir því sem íslenskir stjórnmálamenn hafa ákveðið, hún stillir sig bara eftir sólartíma. Hádegi sem er klukkan 12 annars staðar í heiminum er klukkan hálf tvö á Íslandi.

Þetta fyrirkomulag, að láta Íslendinga vakna einum og hálfum tíma fyrr en þeim er eiginlegt, er gert með „hagsmuni atvinnulífsins“ að leiðarljósi. Er ekki einfaldast að þeir fáu viðskiptajöfrar sem þurfa að vera í stöðugu símasambandi við skrifstofur í nágrannalöndum okkar vakni bara sjálfir fyrr á morgnana án þess að þurfa að gera það að vandamáli allrar þjóðarinnar? Nú er kominn tími til þess að hefja umræður um það hvort Íslendingar vilja lifa í takt við árstíðirnar, hvort þeir geti með einhverjum ráðum látið sér líða betur í skammdeginu og hvort það sé óþarfa álag að búa hér við svo skekkta klukku.

*Höfundur er geðlæknir.*

# Um spillinguna

**UMRÆÐAN**
Ástráður Haraldsson skrifar um meinta spillingu


ÁSTRÁÐUR HARALDSSON

Í þættinum Silfur Egils sem sýndur var í ríkissjónvarpinu síðastliðinn sunnudag var birt ítarlegt viðtal umsjónarmannsins við fræðimann sem starfar við sjálfan Háskóla Íslands og heitir Hákon Hrafn Sigurðsson. Sá kvaðst mættur til að gera grein fyrir ítarlegum rannsóknum sínum á spillingunni í samfélaginu og hafði með sér þykkan skjalabunka. Í inngangi sínum lýsti fræðimaðurinn því að hann væri með rannsóknum sínum sem háskólaborgari að starfa í anda Páls Skúlasonar og að þjóðfélagsrýni hans væri viðleitni til að starfa í anda gagnrýninnar hugsunar.

Meðal þess sem fræðimaðurinn fjallaði um voru rannsóknir hans á fjármálum Háskólans á Bifröst. Í því sambandi nefndi fræðimaðurinn viðskipti Bifrastar við Nýsi hf. Sagði frá því að í byrjun júní 2009 hefði Bifröst keypt af Nýsi hlutafélagið Mostur við verði sem að hans mati væri óeðlilega lágt. Lét um leið að því liggja að mikil ástæða væri til að tortryggja hlut undirritaðs í þessu sambandi þar sem ég er skiptastjóri Nýsis og kennari við Bifröst og á sæti í stjórn skólans. Þetta er auðvitað voðalegt. Það sem fræðimaðurinn missti hins vegar af er það að Nýsir hf. varð ekki gjaldþrota fyrr en í október 2009. Þeir sem stóðu að málum í júní 2009 fyrir Nýsi voru stjórnarmenn Nýsis en ekki skiptastjórar. Þeir voru enda ekki skipaðir fyrr en við gjaldþrotaúrskurðinn fjórum mánuðum síðar. Undirritaður kom því hvergi að málum nema sem almennur stjórnarmaður í stjórn Bifrastar.

Ég hef reynt að hafa samband við fræðimanninn og leiðrétta umfjöllun hans en hann hefur (enn) ekki séð ástæðu til að lagfæra frásögn sína. Ég reyndi líka að ræða við umsjónarmann Silfurs Egils en hann vildi lítið við mig ræða og hafði bersýnilega ekki áhuga á öðrum staðreyndum en þeim sem hann var sjálfur búinn að matreiða. Síðast reyndi ég svo að ræða við útvarpsstjóra. Þetta gerði ég í trausti þess að hjá þeirri stofnun væri vilji til að segja satt og rétt frá og leiðrétta það sem úrskeiðis kynni að fara. Þetta hefur því miður reynst misskilningur minn. Útvarpsstjórinn má ekki vera að því að ræða við almenna lögmenn út í bæ. Að minnsta kosti ekki undirritaðan.

Mikil umræða fer nú fram um það sem miður hefur farið í fjármálum þjóðarinnar. Það er eðlilegt. Ýmsar djarfar fullyrðingar koma fram. Það er að vonum. Mikið óskaplega væri nú samt mikilvægt ef við gætum treyst því að mikilvægustu fréttamiðlar landsins gerðu lágmarkskröfur um undirbyggingu fullyrðinga um hegningarlagabrot nafngreindra einstaklinga áður en þeim er útvarpað.

*Höfundur er hæstaréttarlögmaður í Reykjavík.*




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 49162 02/10

STYRKIR VERÐA VEITTIR TIL BARNA Á ALDRINUM 6–16 ÁRA

Ferðasjóður Vildarbarna er sameiginlegt átak Icelandair og viðskiptavina félagsins til að gera langveikum börnum og fjölskyldum þeirra, og börnum sem búa við sérstakar aðstæður vegna veikinda, kleift að ferðast. Ferðasjóður Vildarbarna hefur gert yfir 200 börnum og fjölskyldum þeirra mögulegt að fara í ógleymanlega og uppbyggjandi fjölskylduferð.
Verndari Vildarbarna er frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands.

**Umsóknarfresturinn er til 1. mars 2010.**
**Úthlutað verður úr sjóðnum sumardaginn fyrsta 22. apríl 2010.**
**Þeir umsækjendur sem ekki hafa fengið úthlutað úr sjóðnum áður ganga fyrir.**

+ Umsóknareyðublöð eru á www.vildarborn.is

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS


# Alla leið

**UMRÆÐAN**
Haraldur Haraldsson skrifar um stjórnmál


HARALDUR HARALDSSON

Ég hef sannfærst um það á undanförnum dögum að íbúar Mosfellsbæjar eiga sér flestir þann draum að geta eytt ævinni „alla leið“ í bænum sínum. Ég hef gert það að sérstakri áherslu minni í þessu framboði að bærinn og íbúar hans nái að eldast saman. Þannig verði markvisst byggð sérstök aðstaða, einkum með íbúðum og heilbrigðisþjónustu, fyrir þá sem eldri eru um leið og liðkað er fyrir eðlilegri endurnýjun kynslóðanna í grónum hverfum. Í því er bæði fólginn fjárhagslegur og félagslegur hagur – og jafnt fyrir íbúana sem bæjarfélagið.

Ég hef fengið góðar viðtökur við þessu skýra erindi mínu í bæjarstjórn. Þess vegna vonast ég eftir því að ná markmiðum mínum um 4. sætið í prófkjörinu og um leið tækifæri til að láta hraustlega til mín taka. Ég bið kjósendur um að fleyta mér „alla leið“.

Með von um öfluga þátttöku í prófkjöri sjálfstæðismanna í Mosfellsbæ 6. febrúar.

*Höfundur tekur þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Mosfellsbæ.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

# Chevrolet toppar með CRUZE

Réttur tími til að velja Chevrolet öryggi ★★★★★




Bíll á mynd; Chevrolet Cruze LT, bsk, 1.8 vél, 141 hestöfl.
Ríkulega hlaðinn staðalbúnaði, sjá heimasíðu.
**kr. 3.490 þús.**

## Enginn gerir meiri kröfur til Chevrolet en Chevrolet

Samkvæmt nýjustu niðurstöðum frá EURO NCAP*, hafa vörumerki, sem áður þóttu standa fyrir öryggi, misst forustuna.
Í síðustu prófunum stofnunarinnar **hlaut Chevrolet Cruze fimm stjörnur og hæstu alhliða einkunn 96% skor í þáttum sem snúa að öryggisvörn fyrir farþega.** Það er einsdæmi. Til samanburðar má nefna að nýjasta afurðin frá Toyota, Urban Cruiser, fékk þrjár stjörnur og 58% skor í sömu prófunum.

FOR SAFER CARS EURO NCAP www.euroncap.com ★★★★★ TEST 2009

## Til hamingju Chevrolet

Dr. Michiel van Ratingen, framkvæmdastjóri Euro NCAP* sagði m.a. við það tækifæri: „ Við óskum Chevrolet til hamingju. Fyrirtækið er að toppa eftir gífurlegar fjárfestingar í öryggismálum undanfarin ár. Chevrolet setur ný viðmið í mörgum flokkum sem munu verða öðrum bílaframleiðendum hvatning og fyrirmynd.
**Nú er rétti tíminn fyrir neytendur til að endurmeta væntingar sínar til vörumerkja á bílamarkaðnum.“**

**Við hjá Bílabúð Benna hvetjum þig til að gera samanburð á verði og gæðum og kynna þér tímamóta niðurstöður í árekstraprófunum á www.euroncap.com.**

**Gerðu Chevrolet gæðin að þínum.**

**World car of the Year Award 2010**
**2. febrúar sl. var tilkynnt að Chevrolet Cruze væri kominn í úrslit í keppninni um val á bíl ársins 2010; World car of the Year Award 2010.**

CHEVROLET
Chevrolet **gæði - frábært** verð

*EURO NCAP er sjálfstæð stofnun sem metur árekstravarnir nýrra fólksbifreiða í Evrópu.

**Chevrolet á Íslandi - Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8-12 - Reykjavík - sími 590 2000 - www.chevrolet.is**
**Spesbílar - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - sími 420 3300 - www.spesbilar.is**

Bílabúð Benna
www.benni.is

# Góðar fréttir af Icesave

**UMRÆÐAN**

Kristrún Heimisdóttir skrifar um Icesave



KRISTRÚN HEIMISDÓTTIR

Ísland stendur nú í þeim sporum að bæði Icesavelög I og II eru ógild að efni sínu þótt formlega séu þau gild. Þetta þýðir að samningarnir sem Svavarsnefndin gerði eru sennilega sjálfkrafa niður fallnir. Ekki ber á innheimtuaðgerðum eða aðför að eignum af hálfu Bretlands eða Hollands eins og sumir óttuðust enda hafa þessi ríki ekki raunhæf önnur tæki til innheimtu meintrar skuldar Íslands en pólitískar þvingunaraðgerðir sem þeir þess vegna hafa beitt af mikilli hörku frá því málið kom upp.

Bretar og Hollendingar geta skilgreint þessa stöðu með margvíslegum hætti. Þeir tala um upplausn á Íslandi, óstöðugleika í stjórnmálum og að Ísland sé ekki hæft til samninga en þeir gætu sjálfum sér um kennt. Sú harka sem Bretland sýndi Íslandi og bæði ríkin gengust fyrir innan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins braut niður lýðræðislegt umboð og stofnanir í landi sem háði glímu á sama tíma við bankakreppu og gjaldmiðilshrun. Framganga þeirra í garð Íslands í október og nóvember 2008, þegar afgreiðsla efnahagsáætlunar var látin bíða í á fimmtu viku, braut gegn grundvallarreglum og tilgangi AGS og var atlaga að öryggi og velferð íslensks samfélags á viðkvæmustu stundu.

Staðan er að fullveldishafinn út á við sem er ríkisstjórnin, verður að leysa milliríkjadeiluna en getur ekki gert það án fulltingis fullveldishafans inn á við, sem er Alþingi og undan þeim báðum verður sennilega stungið í þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars. Þá flækir enn málið að báðar mögulegar niðurstöður eru afleitar, jáið vegna þess að samþykki í þjóðaratkvæði myndi enn styrkja lögmæti samninga þannig að ógerlegt yrði að breyta síðar.

Hvað gerist þá? Góðu fréttirnar eru að þá stendur eftir ályktun Alþingis frá 5. desember 2008 og samhljóða samkomulag sem allir deiluaðilar milliríkjadeilunnar stóðu að ásamt Evrópusambandinu og voru jafn bundnir af, sem eru Brusselviðmiðin svonefndu. Viðræður stjórnar og stjórnarandstöðu um sameinaða afstöðu út á við eru þannig ekki í lausu lofti heldur á skýrum grunni.

Hvað eru Brusselviðmið? Þau eru samkomulag um forsendur marghliða samningaviðræðna Íslands, Bretlands, Hollands og Evrópusambandsins. Um þau samþykkti Alþingi ályktun um pólitíska samningaleið 5. desember 2008 og á þeim byggðist afgreiðsla efnahagsáætlunar Íslands í stjórn AGS undir lok nóvember 2008. Hér á eftir skýri ég nánar hvað í þeim fólst, hvernig þeim var fylgt eftir og hvernig ný samninganefnd lét efni þeirra niður falla frá febrúar 2009 með neikvæðum afleiðingum.

Brusselviðmiðin binda bæði íslenska fullveldishafann út á við og fullveldishafann inn á við þannig t.d. að ef ný ríkisstjórn kæmi til mála eftir þjóðaratkvæðagreiðslu þyrfti þingmeirihluta til þess að nema þau úr gildi með nýrri ályktun þingsins. Útilokað virðist að sá meirihluti sé fyrir hendi. Góðu fréttirnar eru einnig að samningarnir frá júní eru þannig gerðir að það er þjóðarhagur að þeir falli niður. Útgangspunktur þeirrar samningagerðar var rangur frá upphafi eins og ég vík nánar að hér á eftir. Aðstæður þýða að samningarnir eru nú þegar lifandi dauðir, afar fáir telja þá góða og þeir eru beinlínis háskalegir ofskuldsettu smærra ríki langt fram í 21. öldina vegna varnarleysis Íslands innan þeirra og óvíðunandi veikrar réttarstöðu. Nægir að nefna algjörlega haldlaus endurskoðunarákvæði því til staðfestingar. Þetta er staða sem Ísland má ekki með nokkru móti selja sig í.

Ríkisstjórnin á að opna málið í heild. Því fyrr því betra.

**Ódrepandi Brusselviðmið**

Eftir ályktun Alþingis í desember 2008 var það stærsta einstaka hagsmunamál þjóðarinnar af öllum á þeim tíma, að fylgja Brussel-viðmiðunum eftir samkvæmt orðalagi sínu, en Ísland vissi t.d. að breska fjármálaráðuneytið taldi Bretland hafa samið af sér með viðmiðunum. Með þeim voru Bretar enda búnir að samþykkja marghliða ferli, þar sem taka skyldi tillit til sérstakra og fordæmislausra aðstæðna á Íslandi og nauðsynjar þess að endurreisa efnahagslíf landsins. Þeir voru búnir að samþykkja texta sem fól ekki í sér neitt afsal réttarstöðu fyrir Ísland, ekki viðurkenningu á greiðsluskyldu samkvæmt lögum heldur einungis að EES-réttur gilti eins á Íslandi og hann gerir alls staðar á innri markaðnum. Og þeir voru búnir að samþykkja aðild ESB að málinu. Til að klóra í bakkann beittu þeir sér til að breyta AGS-yfirlýsingu Íslands en tókst ekki að breyta henni þannig að það skuldbindi Ísland umfram Brussel-viðmiðin – í yfirlýsingunni vísar Ísland til þess samningaferlis sem hafið sé þá, þ.e. Brusselviðmiðanna.

Í júní 2009, viku eftir að undirritaðir höfðu verið Icesavesamningar með hraði undir miðnætti á föstudagskvöldi án þess að ríkisstjórn, þingflokkar eða Alþingi fengju að sjá þá eða vita að formleg og óafturkræf undirritun yrði svo skjótt, var ég gestur Hallgríms Thorsteinssonar í Vikulokaþætti á Rás 1 sem tileinkaður var Icesave. Með mér í þættinum var m.a. Huginn Freyr Þorsteinsson, aðstoðarmaður formanns samninganefndar. Þá höfðu samningarnir ekki enn verið birtir þingi og þjóð, að sögn fjármálaráðherra vegna þess að þeir væru „einkaréttarlegir samningar sem trúnaður ríkti um við Breta og Hollendinga“. Nokkru síðar var ég frummælandi á ríflega hundrað manna opnum hitafundi Ungra jafnaðarmanna um Icesave ásamt Indriða Þorlákssyni, þá ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu, en það sama kvöld voru samningarnir loksins birtir og varð innihald þeirra mörgum þungt áfall, þar á meðal þeirri sem þetta ritar.

Bæði í útvarpsþættinum og á opna fundinum var auðheyrt að hvorki aðstoðarmaðurinn né ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu höfðu tekið Brusselviðmiðin alvarlega og þekktu varla innihald þeirra né skildu mikilvægi þess samningaferlis – pólitísku samningaleiðar – sem Alþingi ákvað að veita framkvæmdavaldinu umboð til með þingsályktun 5. desember 2008. Þegar Alþingi allt náði friðsamlegu samstarfi sumarið 2009 um gerð fyrirvara við Icesavesamninganna urðu Brussel-viðmiðin ein meginforsenda þessa starfs til að rétta hlut Íslands og bæta samningana þó að þeirra hafi hvorki verið getið í erindisbréfi í febrúar né samningunum í júní. Þeirra er getið í Icesavelögum II en sú tilvísun er því miður til málamynda.

**„Ný nálgun“ Svavarsnefndarinnar**

Á vefsíðunni island.is er að finna erindisbréf nýrrar samninganefndar sem fjármálaráðherra gaf út 28. febrúar 2009 sem sýnir hvernig Icesavemálið var þar og þá tekið úr marghliða pólitísku samningaferli og umbreytt í tvíhliða lánasamning eingöngu. Það skýrir margt að á island.is er yfirskrift skjalsins: „Ný nálgun – erindisbréf samninganefndar um gjaldeyrislán.“ Margir töldu að skipun reynds og öflugs sendiherra væri til marks um alþjóðapólitískt eðli samningaleiðarinnar, en hið gagnstæða kemur í ljós þegar gáð er að því hvernig ráðuneytið lagði verkefnið upp og ber fremur ábyrgð á en sendiherrann. Í erindisbréfinu, sem varð ekki opinbert fyrr en í júní 2009, er sú óskiljanlega forsenda lögð til grundvallar að Ísland sé þá þegar búið að taka lán enda þótt opinbert og augljóst hafi verið að Bretar og Hollendingar ákváðu einhliða að greiða innistæðueigendum svo sem skjalfest er í viðaukasamningum frá júní. Indriði Þorláksson hefur svarað því til í fjölmiðlum að Ísland hafi „í raun tekið lán í október“. Sú túlkun er svo algjörlega einstæð að ég hef hvergi fundið hana rökstudda í gögnum málsins. Í henni felst bæði ótrúlegt afsal réttarstöðu og sjálfsákvörðunarréttar Íslands og illbærileg viðurkenning á réttmæti kúgunaraðferða Breta og Hollendinga. Munum að samningarnir leggja allan kostnað á Ísland meðan Bretar og Hollendingar hafa fjárhagslegan hagnað af þeim. Höfum í huga að á þessum grunni greiða Íslendingar vexti til ríkjanna tveggja frá 1. janúar 2009 að telja sem nema ríflega 20 milljörðum íslenskra króna og var þó enginn samningur um lán undirritaður fyrr en í byrjun júní (og er ekki enn kominn á).

Ef samráð við Alþingi hefði eitthvert verið hefði hvorki þetta ákvæði samninganna né mörg önnur nokkurn tíma komist til íslensks samþykkis enda margir þingmenn vel að sér í málinu eftir þingumræður og ályktun Alþingis. Fjárskuldbindingar höfðu verið með öllu ófrágengnar alveg eins og lánsvilyrði Norðurlandanna, Póllands og Rússlands voru ófrágengin og enduðu misjafnlega.

Í erindisbréfi Svavarsnefndarinnar, sem varð ekki opinbert fyrr en í júní 2009, er hins vegar hvergi minnst á Brussel-viðmiðin og efni þeirra virt að vettugi. Útgangspunktur samninga af nefndarinnar hálfu var þannig óhjákvæmilega Íslandi meira í óhag en efni stóðu til. Að auki var aðild ESB að samningaferlinu látin niður falla og tengingin við framgang efnahagsáætlunarinnar innan AGS svo sem ég lýsi nánar hér á eftir.

**Ávinningur Íslands af pólitískri samningaleið**

Markmið Íslands eftir ályktun Alþingis meðan ég þekkti til innanfrá voru þjóðréttarlegir samningar um fjölþætta pólitíska lausn deilunnar. Ísland varð að sækja tryggingu um lífvænleg efnahagsleg skilyrði til framtíðar í samstarfi við alþjóðastofnanir og nágranna. Einfaldir einkaréttarlegir lánasamningar voru hins vegar óásættanleg leið með öllu fyrir Ísland. Óleyst deila væri skárri staða en einkaréttarlegir lánasamningar eingöngu.

Vegna alls þessa og óásættanlegra kjara rifti ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks viljayfirlýsingu við Holland sem gerð var í bráðræði 11. október 2008, hafnaði því að gera viljayfirlýsingu við Bretland, hafnaði hlutdrægri laganefnd ESB og lét ekki undan gífurlegum þrýstingi um að borga fyrr en tryggð væri pólitík viðspyrna sem landið gæti nýtt sem voru Brusselviðmiðin. Sú niðurstaða um aðkomu þriðja aðila ESB, enga viðurkenningu greiðsluskyldu heldur einungis forsendunnar um einsleitni réttarkerfis innri markaðar Evrópu, um tillit til fordæmislausra aðstæðna á Íslandi og nauðsyn endurreisnar efnahagslífsins og trygging þess að efnahagsáætlun Íslands hlyti loksins afgreiðslu í stjórn AGS. Á móti kom að Ísland lýsti yfir í alþjóðlegri fréttatilkynningu að landið ábyrgðist að lágmarkstrygging upp á ríflega 20 þúsund evrur yrði greidd hverjum hinna

*Staðan er að fullveldishafinn út á við sem er ríkisstjórnin, verður að leysa milliríkjadeiluna en getur ekki gert það án fulltingis fullveldishafans inn á við, sem er Alþingi og undan þeim báðum verður sennilega verður stungið í þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars.*

þúsunda innistæðueigenda til bjargar trúverðugleika kerfisins en hvernig það yrði gert yrði samið um á grundvelli Brussel-viðmiðanna.

Út úr böndabeygju nágranna og alþjóðastofnana sem hertist um Ísland sem smærra ríki í október og nóvember 2008 var engin leið að komast nema með pólitískum leiðum byggðum á lögfræðilegri málafylgju og hagfræðilegri yfirsýn. Fjármálaráðuneyti Bretlands og Hollands vildu beita pólitískum þvingunaraðgerðum til að knýja þyngstu greiðslur út úr Íslendingum, pólitíska samningaleiðin varð að vera marghliða til að brjóta þá stöðu upp.

Skyndilega og án samráðs við Alþingi var hins vegar í júní undirritaður hefðbundinn, hreinn einkaréttarlegur lánasamningur við Bretland og Holland. Furðu vakti að sú undirritun Íslands var ekki nýtt til að skuldbinda gagnaðila til að aflétta þvingunaraðgerðum þannig að Bretar og Hollendingar yrðu bundnir af því að tefja ekki meir í stjórn AGS. Þegar allt varð stopp í byrjun ágúst 2009 kom það fjármálaráðherra bersýnilega í opna skjöldu.

Bretar og Hollendingar skrifuðu samningstextana og yfir honum ráða einungis ensk lög og enskir dómstólar, þar kemst enginn þjóðaréttur að og engin sjónarmið önnur er fjármuna- og kröfuréttar. Engin lögfræðileg eða hagfræðileg greining á forsendum samninganna lá fyrir af hálfu Íslendinga þegar samningarnir komu undirritaðir til þingsins. Í viðtali lét formaður samninganefndar þess beinlínis getið að á lögfræðingum hefði nefndin ekki þurft að halda.

**Hvernig hvarf skuldbinding ESB?**

Embættismannafundur var haldinn með þátttöku fulltrúa ESB í Haag í framhaldi af samþykkt ályktunar Alþingis í byrjun desember 2008 og sama dag átti utanríkisráðherra Íslands fjölda funda í Helsinki með starfsbræðrum um fyrirkomulag aðkomu ESB, skuldaþol Íslands, hugsanlegar breytingar á Evrusamstarfi, fjármögnunarmöguleika, skilmála og kjör vegna innistæðutryggingа. Átti hún langa fundi með utanríkisráðherrum Frakklands, Spánar, Þýskalands, Hollands og Bretlands auk félaga sinna frá Norðurlöndum og flugvélarfund með Karel Schwarzenberg utanríkisráðherra Tékklands á leið frá Osló til Helsinki í þotu á vegum norsku ríkisstjórnarinnar.

Að öllum þessum fundum loknum var samdóma álit allra sem að komu að velvilji innan ESB væri meiri en við höfðum vænst og andrúmsloftið hefði breyst til batnaðar. Íslendingar vildu fylgja formlegu marghliða ferli fast eftir um leið töldu allir að tíminn myndi vinna með Íslandi, ógnin af allsherjarhruni bankakerfa í Evrópu og víðar, sem hafði haft gríðarleg áhrif á hörkuna sem Íslandi var sýnd, var í rénun. Þetta var einnig ábending sumra af evrópsku ráðherrunum.

Af hverju kom ESB ekki neitt að samningunum frá júní 2009? Staðreyndin er að fjármálaráðherra hafði aldrei samband til Brussel. Því var ekki fylgt eftir sem þó stóð svart á hvítu í Brussel-viðmiðunum og ályktun Alþingis. Ef samráð við þingflokka hefði eitthvert verið hefði ráðherra verið bent á efni umboðs síns frá Alþingi.

**Hvernig var samningaferlið þá?**

Á opnum fundi Ungra jafnaðarmanna í júní var samningaferlinu lýst sem alls óformlegu, engir formlegir samningafundir hefðu verið haldnir og miklum tíma varið til að sannfæra Hollendinga og Breta um samningsvilja Íslendinga. Ljóst er að andstaða VG við pólitíska samningaleið og Brusselviðmið voru alþekkt meðal annarra ríkja þegar flokkurinn tók málið í sínar hendur í febrúar 2008 en á hinn bóginn mælti stjórnarsáttmálinn fyrir um samninga um Icesave. Í stað þess að skipta opið og heiðarlega um skoðun og kynna nýjan samningsvilja sinn fyrir ríkisstjórnum á Norðurlöndum, framkvæmdastjórn AGS og Evrópusambandinu fór allt fram í leyni hér heima og erlendum samskiptum var haldið á lægri stigum embættismanna. Ekki er vitað til þess að fjármálaráðherra hafi átt fundi með erlendum ráðherrum um Icesave fyrr en í september 2009. Þá voru liðnir sjö mánuðir frá því hann tók við málinu og Alþingi búið að vinna að fyrirvörum í þrjá mánuði samfleytt.

**Aftur á rétta braut**

Ísland má ekki gera sjálfu sér að axla byrðarnar hljóðalaust. Eva Joly hefur réttilega bent Íslendingum á að þeir séu ekki einstök glæpaþjóð heldur hafi íslenskir bankar og viðskiptajöfrar verið hluti af alþjóðlegu fjármálakerfi sem brokkar áfram óbreytt þrátt fyrir hamfarir haustsins 2008. Formaður samninganefndar sagði hins vegar í blaðaviðtali um samningsniðurstöðuna í júní 2009 að Ísland væri „lamb Guðs sem bæri burt heimsins syndir“. Sú trú er, þegar að er gáð, fullkomlega ábyrgðarlaus gagnvart bæði alþjóðasamfélaginu og Íslandi – að það sé Íslands að taka að sér að grafa syndina hjá sér eins og hvern annan kjarnorkuúrgang svo að voldugri ríki a.m.k. jafn bersyndug taki enga ábyrgð er auðvitað trygging þess að enginn læri neitt.

Mikið hefur breyst á rúmu einu ári. Ég hef sjálf á langri leið málsins oft talið upp vandamálin við óvissuna um Icesave á opinberum vettvangi, en nú er svo komið að Icesave er hluti af stærra viðfangsefni sem er ofskuldsetning landsins. Þorvaldur Gylfason og Ólafur Ísleifsson hafa báðir réttilega bent á að staða efnahagsáætlunar Íslands og AGS hefur hríðversnað á árinu 2009. Ísland þarf að víkka sjónarhornið af þeim sökum. Þeir fjölmörgu málsmetandi aðilar í öðrum löndum sem á síðustu vikum hafa tekið undir málstað Íslands skilja allir þetta samhengi og eru mikilvægir bandamenn. Það er ekkert í boði nema samstaða Alþingis út á við um marghliða samningaviðræður helst með aðkomu þriðja aðila með heildarmyndina á samningaborðinu. Sömu grundvallaratriði Brusselviðmiðanna eiga enn við þótt staða efnahagsmála sé verri en vænst var. Fjórtán mánuðum eftir að Alþingi samþykkti þingsályktun um pólitíska samningaleið erum við komin aftur á þá réttu braut, sem betur fer. Fundur forsætisráðherra með Barroso í Brussel gaf góð fyrirheit. Norðmenn eru komnir í sama lið og Færeyingar. Það eru góðar fréttir. Ísland verður að sanna sig fyrir sjálfu sér og öðrum á réttum forsendum.

*Höfundur var aðstoðarkona utanríkisráðherra 2007 til 2009 og lögfræðilegur ráðgjafi félagsmálaráðherra 2009 til 2010. Er nú sjálfstætt starfandi lögfræðingur og ber alfarið sjálf ábyrgð á efni greinarinnar.*

# Útsalan er á útopnu!

***Tryggðu þér þessar græjur á frábæru útsöluverði áður en við rýmum fyrir nýjum vörum!***

## Allt að 80% afsláttur!

**42"** 42PQ3500



LG · HD ready · HDMI

***42" LG Plasma HD Ready***

- *Frábær myndgæði*
- *Upplausn 1024x768 punktar*
- *600 Hz*
- *True motion*

**40.000 kr. afsláttur**

*Útsöluverð* ***169.995 kr.***

***Verð áður 209.995 kr.***

**42"** TX-P42C10E



Panasonic · HD ready · HDMI

***42" Panasonic HD Ready***

- *Frábær myndgæði*
- *Upplausn 1024x768 punktar*
- *100 Hz*
- *V-Real 4 myndúrvinnsla*

**70.000 kr. afsláttur**

*Útsöluverð* ***149.995 kr.***

***Verð áður 219.995 kr.***

**NOKIA**



***Nokia 5030***

*Einfaldur og góður útvarpssími með innbyggðu FM-loftneti.*

**33% afsláttur**

*Útsöluverð* ***7.995 kr.***

***Verð áður 11.995 kr.***

**NOKIA**

***Nokia 5630***

*Frábær 3G tónlistarsími með WLAN, 3.2 MP myndavél, útvarpi, Facebook og MSN.*



**37% afsláttur**

*Útsöluverð* ***32.995 kr.***

***Verð áður 51.990 kr.***

PIPAR\TBWA • SÍA • 100337

**KEF**



***KHT 1005.2 Hátalarakerfi Gloss Black***

*KEF KHT 1005 hefur nú fengið andlitslyftingu og birtist nú undir nafninu KHT 1005.2.*

**29% afsláttur**

*Útsöluverð* ***99.995 kr.***

***Verð áður 139.995 kr.***

**SP3586BA**



***Archos Clipper 2 GB Black***

*Skemmtilegur 2 GB Mp3 spilari með stórum og góðum tökkum. Tilvalinn í ræktina!*

**54% afsláttur**

*Útsöluverð* ***5.995 kr.***

***Verð áður 12.995 kr.***

**501413**

LG

***LG smástæða***

*Falleg iPod smástæða með CD-spilara, útvarpi og vekjaraklukku.*



**33% afsláttur**

*Útsöluverð* ***39.995 kr.***

***Verð áður 59.995 kr.***

**PC14**

**MT1075**



***Tölvumús Optical***

*Einföld og góð Optical tölvumús.*

**60% afsláttur**

*Útsöluverð* ***595kr.***

***Verð áður 1.495kr.***

**NOKIA**



***Nokia BH-105 Bluetooth höfuðtól***

**56% afsláttur**

*Útsöluverð* ***3.995 kr.***

***Verð áður 8.995 kr.***

## 20% afsláttur af öðrum aukahlutum fyrir farsíma.
## 10% afsláttur af öðrum farsímum.

Hátækni 25 ára 1985 - 2010

**Opið:** virka daga 9.30–18 | Laugardaga 12–17 | Sunnudag 12–17

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

# Kominn tími á breytingar

Það var áfall fyrir **Þóru Tómasdóttur** að missa vinnu í Kastljósinu en líka léttir. Hálfum mánuði síðar er hún á leið til Óslóar með dóttur sína í nýja vinnu. *Anna Margrét Björnsson* settist að snæðingi með Þóru og ræddi um fjölmiðlaumhverfið á Íslandi.

Uppsögnin kom mér ekki á óvart,“ segir Þóra Tómasdóttir yfir kúfuðum disk af heilsufæði þegar hún útskýrir hvernig henni leið við tíðindin að missa vinnu sína í Kastljósi RÚV fyrir tveimur vikum. „Ég vissi um fyrirhugaðan niðurskurð hjá RÚV og það lá ljóst fyrir að það var ekki úr mörgu að velja nema þessum þætti. Kastljósið hefur verið mjög plássfrekur þáttur lengi í sjónvarpinu og ég er reyndar þeirrar skoðunar að allt svona sem er dýnamískt eins og Kastljósið geti ekki enst að eilífu. Fyrir mig var kominn tími til að fara og skipta um umhverfi. Þetta var vissulega mjög krefjandi tími en þar á móti kemur að ég vil bara vera í krefjandi vinnu. Ég held líka að sama tilfinning hafi verið til staðar hjá Þórhalli Gunnarssyni, að vilja hætta á réttum tíma til að snúa sér að öðru. Það kom mér þó vissulega á óvart að hann skyldi hætta en ég held að þetta hafi verið hárrétt ákvörðun hjá honum.“ Þóra segir það vissulega hafa verið ákveðið áfall samt sem áður að fá uppsagnarbréfið og að tilfinningar hafi verið blendnar fyrstu tvo dagana á eftir. Henni varð strax hugsað til Noregs en hún ólst þar upp að hluta til, gekk í menntaskóla og sótti síðar nám í heimildarmyndagerð þar. „Mér bauðst strax vinna úti. Þetta gerðist í rauninni þannig að Þórhallur kallar mig á fund og segir mér upp, svo labba ég í hálfgerðu sjokki beint að tölvunni minni en þar bíður mín tölvupóstur frá Noregi þar sem ég var spurð hvort ég kæmist mögulega út í atvinnuviðtal.“

Þóra stökk til Óslóar í viðtalið og landaði starfinu um leið. „Þetta er starf hjá Svensk Filmindustri sem er mjög stórt framleiðslu- og dreifingarfyrirtæki og er meðal annars með starfsemi í Ósló. Ég verð framleiðslustjóri í framleiðsludeildinni þar og þetta er fyrir mér algjört draumadjobb.“ Þóra bætir við að umhverfið í Noregi þessa stundina sé mjög skemmtilegt fyrir kvikmyndagerð. „Sérstaklega fyrir jafnréttissinna eins og mig. Þarna úti er það stefna núna að leggja áherslu á kvenleikstjóra og bíómyndir sem segja sögu kvenna. Hingað til hafa norskar bíómyndir verið gerðar af körlum um karla. Það er fullt af klárum stelpum úti sem eru á kafi í kvikmyndagerð.“

Þóra hefur brennandi áhuga á heimildarmyndum og gerði myndina Stelpurnar okkar í fyrra um kvennalandsliðið í fótboltanum sem fékk afbragðsdóma. „Myndin er núna í ferli þar sem ég er að reyna að koma henni inn á kvikmyndahátíðir og kynna hana. Ég hef þó alltaf vitað það að þetta er mynd fyrir Íslendinga, þetta er ekki mynd sem á breiða skírskotun til útlanda. Ég hef fengið mikið af fyrirspurnum eins og frá Þýskalandi þar sem kvennaboltinn er mjög sterkur. Í nýja starfinu mínu verð ég meðal annars að vinna við tvær mjög spennandi heimildarmyndir sem eru í framleiðslu, meðal annars eftir Beate Arnestad, magnaða konu sem vílar ekki fyrir sér að stefna lífi sínu í hættu þegar hún er að gera heimildarmyndir. Hún gerði til dæmis mjög þekkta mynd sem heitir „Min datter terroristen“ og ég er mjög spennt að fá að vinna með henni. Ég fíla trylltar konur sem gera það sem þeim sýnist.“

### Miðaldra karlar stjórna fjölmiðlum

Spurð að því hvaða tilfinningar hún beri gagnvart RÚV á þessum tímamótum segir Þóra vinnustaðinn alltaf verða stór hluti í lífi hennar. „Ég er búin að vera þarna í sex ár, allt frá því að vera í unglingaþætti, inni á fréttastofu og í Kastljósinu og þetta verður að ákveðnum kúltúr og hugsunarhætti. Allt frá því að ég var lítil stelpa langaði mig að vinna á RÚV. En það er klárlega margt sem er ekki yfir gagnrýni hafið þarna. RÚV má alveg fá gagnrýni líkt og aðrir fjölmiðlar hér á landi fyrir að hafa glerþak yfir sér sem er ekki hægt að mölva. Það er alveg ótrúlegt að íslenskir fjölmiðlar, ljósvaka- og prentmiðlar, hafi allir miðaldra karlmenn við stjórnvölinn. Það er svo löngu kominn tími til að breyta þessu.“ Þóra nefnir Elínu Hirst sem var einnig sagt upp hjá RÚV sem dæmi um hversu erfitt er fyrir konur að brjótast í gegnum þetta þak og komast inn í þennan karllæga bransa. „Það er mjög auðvelt að rýna í tölur um hverjir eru viðmælendur fjölmiðla. Kynjahlutföllin eru langt frá því að vera jöfn. Viðmælendur í umræðuþáttum sjónvarpsins eru um það bil 75 prósent karlmenn. Það er fullkomlega óásættanlegt.“

Því er oft haldið fram að konur vilji síður koma í viðtöl en karlmenn. Þóra segist ekki kaupa þá kenningu. „Hverjir segja það? Það eru karlmennirnir sem stjórna fjölmiðlunum sem segja það. Þeir hafa að sjálfsögðu skýringar á sínum göllum. Konur hafa alltaf verið tilbúnar að koma í viðtöl til mín. Reginmunurinn er kannski sá að konur eru með öðruvísi nálgun en karlmenn og eru varkárari. Þær eru ekki tilbúnar til þess að demba sér í að vera álitsgjafar hvenær sem er og hvar sem er, eða til þess að hafa skoðun á öllum fjandanum, heldur koma þær frekar fram þegar þær eru kallaðar til sem sérfræðingar og það er einmitt það sem mætti gera meira af, því konur eru ekki síður menntaðar en karlar á Íslandi. Nú er ríkisstjórnin einnig nokkurn veginn jafnskipt af kynjum og því engin ástæða til þess að tala bara við karlana þar. Þetta endurspeglar ekki þann veruleika sem við búum í.“

> RÚV má alveg fá gagnrýni líkt og aðrir fjölmiðlar hér á landi fyrir að hafa glerþak yfir sér sem er ekki hægt að mölva. Það er alveg ótrúlegt að íslenskir fjölmiðlar, ljósvaka- og prentmiðlar, hafi allir miðaldra karlmenn við stjórnvölinn. Það er svo löngu kominn tími til að breyta þessu.

### Útvarpsstjóri þarf að gera sér grein fyrir hlutverki RÚV

Þóra telur ástæðuna fyrir því að konur eru ekki stærri hluti af viðmælendum inni á fjölmiðlum meðal annars vegna vilja ritstjórna þeirra. „Ég held að þegar það vanti viðmælendur sé hefðin mun sterkari fyrir því að leita til karlmanna. Það er þessi hefð sem við þurfum að brjóta. Og það er brýnast að fréttamenn snúi sér að því að breyta þessari þróun.“ En var hlustað á hennar sjónarmið á RÚV? „Já, ég tók að mér þetta hlutverk hvað varðar Kastljósið og ég skal viðurkenna það að hafa átt mjög margar rimmur við mína yfirmenn um þetta. Það er líka alveg ótrúlega pirrandi að sjá hvernig stjórnendur fjölmiðla velja sér sína eigin líka í kringum sig. Það er dásamlegt fyrirbæri að sjá þessa menn klappa sínum körlum á kinn og líta fram hjá sprengmenntuðum og reyndum konum á sama fjölmiðli. Það virðist stundum vera nóg að vinir stjórnenda fjölmiðla séu með þeim í AA eða spili með þeim fótbolta.“ Spurð um skoðun sína á núverandi útvarpsstjóra, Páli Magnússyni, segist hún efa það að RÚV myndi skaðast ef það yrðu skipti á útvarpsstjórum. „Það þarf að fá einhvern þarna inn sem gerir sér grein fyrir hlutverki stofnunarinnar. Ég myndi líka vilja að útvarpsstjóri leitaði til fólksins í húsinu og óskaði eftir hugmyndum að úrlausnum. Kraftaverkin gerast ekki á bak við luktar dyr hjá einhverjum körlum sem telja sig vera snillinga.“

Þóra segir þó misskilning að RÚV sé að fara á hliðina vegna kaupa á erlendum kvikmyndum og sjónvarpsefni. „Það er hins vegar grátlegt að sjá svo lítinn hluta af tekjum stofnunarinnar renna til íslenskrar framleiðslu. Þetta er vettvangur sem við Íslendingar höfum til að endurspegla og rýna í samfélagið og það er hlutverk ríkisútvarpsins að sýna þessa framleiðslu. Það má alls ekki skera svona harkalega niður á þessum vettvangi því íslenskir kvikmyndagerðarmenn sækja mest allt sitt fjármagn til útlanda og stór hluti þess fer til ríkisins, meðal annars í formi skatta. Yfrlýsing RÚV um niðurskurð var stríðsyfirlýsing til geirans sem betur fer brást við og mun ekki láta bjóða sér þetta.“

### Bara bretta upp ermarnar

Þóra er systir Sóleyjar Tómasdóttur sem er áberandi og oft umdeildur borgarfulltrúi Vinstri grænna. Hefur Þóra ekki orðið fyrir barðinu á fólki sem afskrifar hana sem „leiðinda femínista“? „Ég er ekki í Femínistafélaginu eins og systir mín og tel mig ekki þurfa að vera þar. En ég er femínisti og styð feminíska baráttu. Ég veit alveg að femínismi er og verður umdeildur en mér er skítsama um að vera umdeild. Ég víla ekkert fyrir mér að reyna að breyta hlutunum þó svo að ég sé talin óþolandi fyrir það. Það eina sem er neikvætt við að vera femínisti er að maður verður alltaf svo geðveikislega pirraður á hvað hlutirnir breytast hægt!“

En hvað finnst þá femínistanum um markaðsvæðingu fjölmiðla þegar berbrjósta stjörnur með appelsínuhúð selja blöðin?

„Ég held að markaðsvæðing fjölmiðla sé einfaldlega þróun sem er að gerast um allan heim. Berbrjósta stelpur selja örugglega blöðin og fá meiri lestur á vefmiðlana. Stóra spurningin hlýtur að vera hvort eigendur eða stjórnendur fjölmiðla vilji miðil með trúverðugleika eða miðil sem selur.“ Þóra segist vera að vissu leyti fegin að vera komin úr sviðsljósi myndavélarinnar. „Það er líka ágætt að komast burt frá kreppufréttunum þó svo að ég hafi nú alltaf reynt að finna fréttir með einhverjum jákvæðum vinkli í Kastljósinu. En það er auðvitað brýnna að rýna í hver kom landinu á hausinn heldur en að beina athyglinni að sprotafyrirtækjum í kreppunni.“ Eftir fáeina daga verður borgarlandslag Þóru orðið að götum Óslóborgar þar sem hún ætlar að hefja nýtt líf með Kötlu dóttur sinni. „Katla er búin að læra norska afmælissönginn og verður örugglega enga stund að ná tungumálinu. Það hefur gengið betur en mér hefði nokkurn tímann dottið í hug að flytja á svona skömmum tíma. Þetta er ekkert mál ef maður brettir upp ermarnar. Sumum finnst Ósló vera lummó borg en mér finnst hún frábær. Ég verð að vinna alveg í miðborginni og er komin með íbúð á besta stað. Ég sé fyrir mér algjört draumalíf á næstunni.“



**ÞÓRA TÓMASDÓTTIR KVIKMYNDAGERÐARKONA** „Það eina sem er neikvætt við að vera femínisti er að maður verður alltaf svo geðveikislega pirraður!“

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hágæða ofnar á áður óþekktu verði

gott verð **fyrir alla** - alltaf!



## Panelofn 50x120 cm

**14.900**

### EURO panelofnar

| | |
|---|---|
| 50x60cm Hvítur | 5.490,- |
| 50x80cm Hvítur | 6.900,- |
| 50x100cm Hvítur | 8.690,- |
| 50x120cm Hvítur | 10.490,- |
| 60x60cm Hvítur | 5.690,- |
| 60x80cm Hvítur | 7.490,- |
| 60x100cm Hvítur | 8.900,- |
| 60x120cm Hvítur | 10.900,- |
| 50x60cm Hvítur | 7.900,- |
| 50x80cm Hvítur | 9.900,- |
| 50x120cm Hvítur | 14.900,- |
| 50x160cm Hvítur | 18.900,- |

Enn fleiri stærðir fánlegar



## EURO handklæðaofn 50x80 cm

**14.900**

### EURO handklæðaofnar

| | |
|---|---|
| 40x70cm Beinn Hvítur | 6.900,- |
| 50x80cm Beinn Hvítur | 7.900,- |
| 50x120cm Beinn Hvítur | 10.900,- |
| 60x140cm Beinn Hvítur | 12.900,- |
| 40x70cm Beinn Króm | 12.900,- |
| 50x800cm Beinn Króm | 13.900,- |
| 50x120cm Beinn Króm | 17.900,- |
| 60x140cm Beinn Króm | 19.900,- |
| 50x80cm Oval Hvítur | 8.900,- |
| 50x120cm Oval Hvítur | 11.900,- |
| 60x140cm Oval Hvítur | 13.900,- |
| 50x80cm Oval Króm | 14.900,- |
| 50x120cm Oval Króm | 18.900,- |
| 60x140cm Oval Króm | 19.900,- |




VITRA S50 handlaug 60 cm

**10.900**



MILAN eldhúskrani

**6.490**



NAPOLI hitastýrt sturtusett

**29.900**



MILAN sturtuhorn 90x90 cm með botni

**27.900**



MARTINELLI Handklæðahengi

**2.195**



MARTINELLI Handklæðakrókur

**1.295**



MARTINELLI WC-rúlluhaldari

**1.995**



WC kassi m. hnappi kr. **17.490**
Sturtuhnappur kr. **1.890**
Salerni kr. **11.900**
Seta kr. **3.900**

Salernissett innbyggt, allt settið

**35.180**



MILAN blöndunartæki

**3.490**

*Við auglýsum ekki verð frá..*

***Reykjavík** Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16*
***Suðurnes** Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18*
***Akureyri** Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18*
***Húsavík** Garðarsbraut 50.*

Meiri gæði — Lægra verð — MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*



**STOKKIÐ Á HÆKJUNUM** Steingrímur þurfti eitt sinn að gangast undir aðgerð á ökkla. Það þurfti að laga gömul íþróttameiðsl. Gunnar hafði af þessu spurnir og hringdi á heimili Steingríms. Þar varð Edda kona hans fyrir svörum og sagði Steingrím vera farinn í vinnuna. Gunnar hentist niður að stjórnarráðshúsi og beið komu forsætisráðherrans. „Helvítis, ert þú þarna," sagði Steingrímur og slæmdi hækjunni í áttina að Gunnari. Setti hann svo undir sig hausinn og stökk upp tröppurnar tvær. „Var þetta ekki flott hjá mér?" sagði hann svo og brosti.

# *Í minningu Steingríms*

**Steingrímur Hermannsson**, fyrrverandi forsætisráðherra, lést á mánudag, á 82. aldursári. Það kom oft í hlut *Gunnars V. Andréssonar*, ljósmyndara á Fréttablaðinu, að mynda Steingrím við leik og störf. Myndaðist með þeim góð vinátta. Fréttablaðið birtir nokkrar mynda Gunnars af Steingrími auk frásagna nokkurra samferðamanna.

Steingrímur nam verkfræði í Bandaríkjunum og vann sem slíkur fyrstu ár starfsævinnar. Árið 1957 varð hann framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins.

Steingrímur var kjörinn á þing fyrir Framsóknarflokkinn í Vestfjarðakjördæmi 1971 en var varaþingmaður kjörtímabilið á undan. 1987 varð hann þingmaður Reykjaneskjördæmis. Hann var formaður Framsóknarflokksins 1979-1994 en hafði áður gegnt öðrum trúnaðarstörfum fyrir flokkinn.

Steingrímur varð dóms- og kirkjumálaráðherra og landbúnaðarráðherra 1978 og var ráðherra í rúm tólf ár í alls sex ríkisstjórnum. Hann var forsætisráðherra 1983-1987 og 1988-1991. Að auki var hann sjávarútvegs-, samgöngu- og utanríkisráðherra.

Steingrímur hætti á þingi 1994 þegar hann var skipaður bankastjóri við Seðlabankann. Því embætti gegndi hann til 1998.

FRAMHALD Á SÍÐU 24



**BROTIST INN Í GADDFREÐINN BÍLINN** „Nú er ég orðinn hundleiður á þér," sagði Steingrímur við Gunnar þegar þessi mynd var tekin. Steingrímur var þá nýstiginn út úr flugvél Flugmálastjórnar á Reykjavíkurflugvelli en notkun ráðherra á vélinni var þá í sviðsljósi fjölmiðla. Gunnar var sendur um miðja nótt til að sitja fyrir Steingrími og samráðherrum hans. „Leiðindin í minn garð voru runnin af honum daginn eftir," segir Gunnar.

## Ég verð að segja það



SIGHVATUR BJÖRGVINSSON

Sighvatur Björgvinsson var í framboði ásamt Steingrími, Matthíasi Bjarnasyni og fleirum í desemberkosningunum 1979. „Þá eins og nú voru stöðugar fréttir í ljósvakamiðlunum af deilum í pólitíkinni en þessi á milli létti þjóðin sér lund með skemmtiefni," rifjar Sighvatur upp. Prúðuleikararnir voru vinsælustu skemmtiþættirnir.

Ferðalög milli framboðsfunda víðsvegar um kjördæmið voru erfið í vetrarfærðinni. Einn daginn lá leiðin yfir Dynjandisheiði, milli Flókalundar á Barðaströnd og Dynjandisvogar í Arnarfirði. Vegurinn var lokaður en samkomulag tókst við Vegagerð ríkisins um að ryðja veg gegnum helstu skaflana. Var þetta löngu fyrir tíma GSM en talstöðvar voru í bílum. Vegagerðarmenn biðu í öryggisskyni hvorum megin heiðarinnar. Ferðin sóttist seint, ekki vegna skafla heldur svellbunka í öllum brekkum.

Gefum Sighvati orðið. „Þegar drjúg stund var liðin hafa vegagerðarmenn farið að óttast um okkar hag því skyndilega heyrðist sá í Flókalundi kalla á kollega sinn í Dynjandisvogi: „Nú er ansi langt um liðið. Hefur þú nokkuð séð til Prúðuleikaranna?" Svarið kom úr okkar hópi. Með röddu, sem sérhver Íslendingur myndi hafa þekkt á augabragði, heyrðist sagt í stöðinni: „Við erum komnir yfir háheiðina. Farið að styttast. Þetta hefur gengið bara vel. Ég verð að segja það."

Steingrímur Hermannsson og Matthías Bjarnason voru forystumenn sinna flokka í áratugi og leiðtogar í sínu kjördæmi. Þar börðust þeir um forystusætið. Mjög ólíkir menn. Matthías hörkutól, orðhvass og harðskeyttur en raungóður enda samúðarfullur og meyr hið innra. Steingrímur sanngjarn, sáttfús, alþýðlegur og notalegur í öllum samskiptum. Báðir fylgnir sér. Mér er hlýtt til þeirra beggja eftir langvarandi kynni. Andstæðingar en ekki fjandmenn."



**SAMHENT HJÓN** Fyrir nokkrum árum efndi Edda Guðmundsdóttir til sýningar á vatnslitamyndum sem hún hafði málað. Steingrímur smíðaði rammana og rammaði verkin inn. Með eru börnin Hlíf og Guðmundur.

## Vildi ekki hækka vexti



BIRGIR ÍSLEIFUR GUNNARSSON

Leiðir okkar Steingríms Hermannssonar lágu víða saman um langt árabil, við sátum saman á Alþingi, í ríkisstjórn um skeið og vorum félagar í Rótarýklúbbi Reykjavíkur. Við kynntumst þó ekki náið fyrr en í Seðlabankanum. Þegar hann var skipaður seðlabankastjóri hófst daglegt samstarf okkar sem lauk þegar hann lét af störfum í bankanum fyrir aldurs sakir.

Á þeim tíma skipuðu þrír menn bankastjórn Seðlabankans og bar bankastjórnin ábyrgð á öllum ákvörðunum bankans. Ég var formaður bankastjórnar og því talsmaður bankans út á við. Öll samskipti við Steingrím voru mjög ánægjuleg. Í því samstarfi var Steingrímur mjög hreinskiptinn og sagði sínar skoðanir hiklaust á þeim málum sem voru til úrlausnar. Það fór til dæmis ekki á milli mála að hann var aldrei áfjáður í að hækka vexti en eftir umræður og rökræður þar sem niðurstaðan varð vaxtahækkun stóð Steingrímur fast með þeim ákvörðunum Seðlabankans.

Vart var hægt að hugsa sér betri samstarfsmann og félaga en Steingrím. Ég minnist til dæmis ánægjulegra heimsókna í sumarhús hans og Eddu að Kletti í Borgarfirði. Þar var greinilega eftirlætisstaður Steingríms. Þar var hann stöðugt eitthvað að bardúsa við skógrækt eða smíðar þegar færi gafst frá daglegum önnum. Nokkrum sinnum þáðum við boð þeirra hjóna að koma með erlenda gesti bankans til þeirra í Borgarfjörðinn. Það voru eftirminnilegar stundir bæði fyrir erlendu gestina og okkur samstarfsfólk Steingríms. Ég minnist Steingríms Hermannssonar með hlýhug.

## „Og hvað með það"



HELGA JÓNSDÓTTIR

Það var afskaplega lærdómsríkt og ljúft að vinna með Steingrími Hermannssyni. Hann var jafnlyndur, afkastamikill og afskaplega áreiðanlegur. Þar að auki var hann mjög sjálfbjarga og gat ráðið fram úr flestu sjálfur. Ég var um þrítugt, þegar Steingrímur kallaði mig á sinn fund sem nýbakaður forsætisráðherra og bauð mér starf aðstoðarmanns. Við hjónin áttum þá tveggja ára dóttur, og í ljósi þess hversu krefjandi ég gerði ráð fyrir að hið tímabundna starf aðstoðarmanns yrði, taldi ég mér skylt að upplýsa hann um að við hefðum hug á að fjölga mannkyninu aftur á kjörtímabilinu sem fór í hönd. „Og hvað með það", sagði hann… Þar með var það útrætt og ég tók starfstilboðinu. Þessi litla saga lýsir annars vegar tíðarandandanum – mér fannst ég ganga á rétt vinnuveitanda með því að áforma að eignast barn og taka til þess frí úr vinnu – og hins vegar manninum Steingrími Hermannssyni sem fannst áformin bara hin gleðilegustu og ekkert mál að finna lausn á því að aðstoðarmaður þyrfti í þriggja mánaða fæðingarorlof. Ég starfaði með honum bæði í forsætisráðuneyti og utanríkisráðuneyti, eignaðist á þeim tíma tvö börn og fann aldrei annað en starf og fjölskyldulíf færu ósköp vel saman. Ég átti líka óvenjulega skipulagðan og skilningsríkan yfirmann.

# RISAÚTSALA

**Opið til 22 öll kvöld: Skólavörðustíg, Austurstræti, Akureyri**




**50%** afsláttur

3.490 kr.
~~6.990 kr.~~




**50%** afsláttur

3.490 kr.
~~6.990 kr.~~




**65%** afsláttur
Gildir aðeins um helgina.

1.990 kr.
~~5.690 kr.~~




**50%** afsláttur

2.490 kr.
~~4.990 kr.~~




**54%** afsláttur

1.690 kr.
~~3.690 kr.~~




**50%** afsláttur

1.890 kr.
~~3.890 kr.~~




**55%** afsláttur

2.490 kr.
~~5.490 kr.~~




**55%** afsláttur

2.490 kr.
~~5.490 kr.~~




**50%** afsláttur

2.990 kr.
~~5.990 kr.~~

Útsöluverð gilda til og með 7. febrúar 2010

Eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

FRAMHALD AF SÍÐU 22



**BEÐIÐ EFTIR KÓNGI** Það gat tekið á að vera í ríkisstjórn. Einn rigningardaginn þurftu Steingrímur og Jón Baldvin, ásamt Eddu og Bryndísi, að taka á móti spænsku konungshjónunum. Myndin gefur til kynna að menn hafi ekki alltaf verið vel hvíldir.

## Brjóstvit



GUNNAR HELGI KRISTINSSON

Mér hefur alltaf þótt Steingrímur Hermannsson eins og holdtekning íslensku valdastéttarinnar á síðari hluta tuttugustu aldar.

Hann fæddist í húsi valdsins, sonur Hermanns Jónassonar forsætisráðherra, og leið hans lá tiltölulega greið og áfallalaus til æðstu metorða í íslenskum stjórnmálum. Það var kannski óhjákvæmilegt, með þennan bakgrunn, að hann yrði meiri pragmatisti í stjórnmálum heldur en hugsjónamaður. Samt hafði hann sterka sannfæringu í ýmsum málum og andstaða hans við þátttöku Íslands í evrópskri samvinnu var eitt af því sem setti mjög svip á stjórnmálaferil hans undir lokin. Þá fór Framsóknarflokkurinn fram undir kjörorðinu „X-B, ekki EB“. Steingrímur var alþýðlegur og vinsæll (og vissi af því eins og Hallbjörn söng) og að mörgu leyti einlægari í framkomu en margir kollegar hans í stjórnmálum.

Hlutverk hans sem leiðtoga Framsóknarflokksins var sennilega umfram aðra foringja flokksins að huga að þróun hans frá dreifbýlisflokki yfir í flokk sem höfðaði til kjósenda bæði í þéttbýli og dreifbýli, sem var lífsspursmál fyrir flokkinn. Hlutverk hans í landsmálunum var ef til vill umdeilt, en hann – verkfræðingurinn – leitaði alltaf þeirra leiða sem honum fannst praktískar, eins og hann lýsir ágætlega í þriggja binda ævisögu sinni. Þá þvældust hvorki kennisetningar hagfræðinnar fyrir honum né hugmyndafræðilegar kreddur. Hans íslenska brjóstvit átti sennilega ekki minnstan þátt í að skapa honum þá sterku stöðu meðal þjóðarinnar sem hann öðlaðist.



**MEÐ SKRÍTNU FÓLKI** Auk nýjustu talna, pólitískra túlkana og viðtala við flokksformenn bauð Ríkissjónvarpið upp á dragdrottningar í kosningasjónvarpinu 1991. Steingrímur beið nýjustu talna þegar drottningarnar drógust að honum. Steingrímur vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið þegar flassið skall á honum. „Hvað ertu að mynda mig með þessu skrítna fólki?“ spurði hann Gunnar hvumpinn þar sem hann beið úrslitanna. Seinna var myndin valin skopmynd ársins á sýningu blaðaljósmyndara.

## Steingrímur og Obama



HALLUR MAGNÚSSON

Hallur Magnússon hefur gegnt margvíslegum trúnaðarstörfum fyrir Framsóknarflokkinn. Hann sat fund með Steingrími Hermannssyni í lok mars á síðasta ári og skrifaði í framhaldinu eftirfarandi á bloggsíðu sína:

„Framsóknarmaðurinn Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, er nú í mikilvægri ferð til Evrópu. Ég var hins vegar á fundi með öðrum afar merkum Framsóknarmanni - Steingrími Hermannssyni - sem skipar heiðurssæti á lista Framsóknarflokksins í Kraganum.

Steingrímur hélt ótrúlega snjalla og markvissa ræðu þar sem hann rifjaði upp kosningabaráttu fyrri ára á Vestfjörðum - enda um að ræða fjölmennt og skemmtilegt átthagakvöld Framsóknarfólks með rætur í Norðvesturkjördæmi. Steingrímur sýndi gamla góða takta sem öflugur leiðtogi - takta sem við sjáum nú hjá Framsóknarmanninum Barack Obama!

Ég er þess fullviss að Steingrímur næði öruggu þingsæti ef það væri búið að innleiða persónukjör!“



**ÞRIÐJA KYNSLÓÐIN DRIFIN Á KJÖRSTAÐ** Guðmundur Steingrímsson kaus með foreldrum sínum í kosningunum 1991. Hann situr nú sjálfur á þingi og er því þriðji ættliðurinn sem velur sér stjórnmálin. Gunnar vonar að Guðmundur verði ekki síðri forystumaður í Framsóknarflokknum en Steingrímur var.

## Gaman að leika hann



PÁLMI GESTSSON

Pálmi Gestsson lék Steingrím margsinnis bæði í þáttum Spaugstofunnar og í áramótaskaupum.

„Ég hafði leikið hann í nokkurn tíma áður en ég náði hárréttum tóni. Maður finnur þegar það gerist. Það var afskaplega gaman að leika Steingrím,“ segir Pálmi sem hitti Steingrím annað veifið. Alltaf fór vel á með þeim.

„Hann var ósköp ljúfur maður og vildi öllum gott og engum illt. Ég bar hlýjan hug til hans. Einu sinni var hann með okkur í þætti. Við vorum þá eitthvað að vesenast fyrir utan stjórnarráðshúsið og hann kom út og spjallaði við okkur. Ég var þá í gervinu hans. Það var mjög skemmtileg uppákoma,“ segir Pálmi.

Steingrímur setti aldrei út á meðferðina sem hann hlaut hjá Pálma. „Hann áttaði sig á að þetta væri innifalið í verðinu og gerði aldrei athugasemdir eins og kom fyrir með aðra.“

## Talaði til hjarta fólks



SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR

Steingrímur var einn öflugasti stjórnmálamaður landsins og vann mörg afrek á sinni tíð. Hann var til dæmis lykilinn í þjóðarsáttinni svokölluðu sem lagði grunn að löngu og farsælu velferðarskeiði á Íslandi. Það var einkennandi fyrir Steingrím hversu auðvelt hann átti með að sætta ólík sjónarmið. Þegar ég byrjaði í stjórnmálunum og þeyttist með honum um allt land á kjördæmisþingin dáðist ég að því hve létt hann fór með að tala til fólksins. Hann talaði til hjarta þess. Fólk sá í honum velgjörðarmann. Manngildi ofar auðgildi voru einkennisorð hans og hann lagði mikla áherslu á umhverfismálum og útivist. Hann var líkur Eysteini að því leytinu, var framsýnn og sá hlutina í heildarsamhengi. Ég held að Steingrímur hafi verið sáttur við sitt. Sáttur við að eiga góða að og við framlag sitt á lífsleiðinni.

## Í ólgusjó verðbólgu



RAGNAR ARNALDS

Við Steingrímur áttum nána samvinnu og samfylgd í stjórnmálum í næstum fjóra áratugi frá því hann kom á þing eftir kosningarnar 1971, meðal annars í forystu fyrir Framkvæmdastofnun ríkisins og Byggðastofnun og þá ekki síst í tveimur ríkisstjórnum. Undanfarin ár hittumst við reglulega á fundum stjórnar Heimssýnar, hreyfingar sjálfstæðissinna í Evrópumálum, nú seinast á liðnu sumri þrátt fyrir alvarleg veikindi hans. Samskipti okkar voru ávallt mjög vinsamleg og ánægjuleg.

Mörgum blöskraði þegar verðbólgan fór yfir átján prósent eftir bankahrunið. En í rúman áratug, frá 1974 og fram yfir miðjan níunda áratuginn, geisaði hér enn verra verðbólgufárviðri sem mældist 30-80 prósent frá ári til árs. Hverri ríkisstjórninni af annarri mistókst að brjótast út úr þeirri martröð sem skyggði nánast á flest önnur vandamál þjóðlífsins. Við Steingrímur áttum samleið í ríkisstjórnum í miðjum þessum ólgusjó árunum 1978-83 undir forystu kafteinanna Ólafs Jóhannessonar og Gunnars Thoroddsen. Sú sigling kostaði heilmikinn barning, svo sem von var. En menn urðu reynslunni ríkari. Og því ber að halda til haga að hálfum áratug síðar átti ríkisstjórn Steingríms, og hann sem þáverandi forsætisráðherra, sinn stóra þátt í því í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins að sigla þjóðarskútunni út úr versta ólgusjó verðbólgunnar.

# Yfirburðir Fréttablaðsins aldrei meiri!

Fréttablaðið er með **212%** meiri lestur en Morgunblaðið.

Munur á lestri Fréttablaðsins og Morgunblaðsins hefur aldrei verið meiri eins og nýjasta könnun Capacent Gallup sýnir.

Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

**23,7%**



**MORGUNBLAÐIÐ**

**73,8%**



**FRÉTTABLAÐIÐ**




**Allt sem þú þarft...**

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í nóvember 2009 – janúar 2010.

# Ofbýður hvernig þetta þjóðfélag er

Skemmtifræðslumyndin Maybe I Should Have fór í almennar sýningar í Sambíóum Kringlunni í gær. Myndin er persónuleg úttekt **Gunnars Sigurðssonar** og félaga á hruninu og kreppunni. Hann spyr spurninga, flækist um heiminn og reynir að púsla saman heildarmyndinni. *Dr. Gunni* hitti Gunnar og ræddi við hann um myndina og „ástandið“.

Óhætt er að segja að líf Gunnars hafi tekið stakkaskiptum eftir hrunið og ekki síst viðhorf hans til lífsins og þjóðfélagsins sem við búum í.

„Ég hafði antípat á öllu stjórnmálakjaftæði. Ég nennti ekki að hlusta á það,“ segir hann. „En eftir hrunið er ég búinn að sjá um þrettán borgarafundi með fjöldanum öllum af góðu fólki, gera heila bíómynd og fara í viðtöl við óteljandi marga erlenda fjölmiðla. Og ég er bara einn maður. Þeir sem kunna að skrifa eiga að skrifa um það sem við erum að ganga í gegnum. Þeir sem kunna að búa til lög eiga að búa til lög. Og ég get rifið kjaft.“

### Engir styrkir

Gunnar lét að sér kveða á borgarafundum þegar þjóðfélagið lék á reiðiskjálfi í eftirskjálftum hrunsins. Hugmyndin að myndinni kviknaði síðasta sumar. „Þegar ég var búinn að gera allt sem ég gat gert, miðað við svona óreyndan mann allavega, þá sá maður fram á að þeir draumar sem maður hafði til að breyta einhverju eftir hefðbundnum leiðum bara virkuðu ekki,“ segir hann. „Þá fór ég að velta því fyrir mér hvað ég gæti gert næst. Upphaflega ætlaði ég að gera leikrit því ég kannast aðeins við þann bransa. Ég fór í heimsókn til vinkonu minnar, Lilju Skaftadóttur, baráttukonu og lýðræðissinna, til Frakklands og þar hittum við franskan kvikmyndagerðarmann, Pierre Unia. Við fórum að ræða það að gera mynd. Honum leist mjög vel á og peppaði okkur upp. Hægt og rólega vatt þetta upp á sig. Þegar Herbert Sveinbjörnsson kvikmyndagerðarmaður kom inn í þetta fór boltinn að rúlla. Lilja skaffaði það fé sem þurfti til að fara á milli staða og við Herbert flæktumst um heiminn og tókum upp efni. Þessi mynd fékk enga styrki, hvorki frá ríkinu né fyrirtækjum.“

*Hvernig mynd ætluðuð þið að gera þegar þið fóruð af stað?*

„Fyrst að gera aðgengilega fréttaskýringu á því hvað hefði gerst. Svo komumst við að því að fréttaskýring væri ekki endilega það sem þurfti. Þá vildum við tengja þetta meira við okkar daglega líf og þá varð myndin persónulegri. Mínir hagir blandast þannig inn í söguþráðinn, en samt ekki of mikið, að mínu mati.“

### Stærsti vandi Íslendinga

Gunnar fer um víðan völl í myndinni og leitar að útskýringum á því hvað gerðist eiginlega á Íslandi. Finnst honum að sú leit hafi borið árangur?

„Að einhverju leyti fékk ég svör já, og ég fór líka að skilja hluti sem ég hafði ekki skilið áður. Ég talaði við venjulegt fólk í útlöndum sem hefur tapað miklu vegna íslensku bankanna, talaði við hagfræðinga, Björgólf Thor og marga fleiri. Eftir því sem ég safnaði meiri gögnum og kynnti mér þetta betur komst ég að því að stjórnvöld brugðust mér. Þegar ég reyndi að skilja hvers vegna þau gerðu það komst ég að stærsta vanda okkar Íslendinga: Að við höfum raðað fólki í embætti og stöður, sem hefur bara engin tök á því að gera það sem það á að gera því það er allt tengt og venslað. Vandamálið er miklu dýpra en það að einhverjir menn hafi farið á peningafylliríi. Ef haldin er útihátíð og hún fer úr böndunum þá kemur lögreglan og tekur þá sem eru að djöflast. Í okkar tilfelli var stærðarinnar útihátíð og allt fór úr böndunum. Það var þarna einhver 30 manna klíka á stólpafylliríi og löggan kom aldrei. Ég skrifa vandamálið á mjög lélega stjórnsýslu. Og hvað á svo að gera? Bara lappa upp á ónýtt kerfi. Setja næsta frænda í embættið. Myndin sýndi mér fram á það hvað ég lifi í skrýtnu samfélagi. Ég er bara rasandi bit. Það kemur fram í myndinni að geðveiki er það að endurtaka alltaf sömu mistökin og halda að það komi eitthvað nýtt út úr því. Mér finnst þetta geta verið kjörorð íslensks samfélags.“

### Nútíma þrælahald

Gunnar lýsir því í myndinni hvernig hann gafst upp á því að reyna að standa í skilum við bankana.

„Ég uppgötvaði fljótlega eftir hrun að ég myndi ekki lifa þetta af, fjárhagslega. Þótt ég myndi semja og fara í greiðslufall og spennufall og hvað þetta heitir allt, sem boðið er upp á, þá myndi ég samt vera læstur inni í einhverjum heimi sem ég vil ekki vera í.“

*Varstu búinn að vera svona glæfralegur?*

„Alls ekki. Ég bjó og bý í 60 m² íbúð. Keypti mér reyndar ágætis bíl á myntkörfuláni en afborgunin var mjög viðráðanleg þegar ég keypti hann. Ég hef ekki verið að eyða peningum í einhver flottheit. Jú, ég leyfi mér það að vera í Baðstofunni í World Class af því mér líður vel þar. Ég ætla að reyna að leyfa mér það áfram þótt ég sé að verða gjaldþrota. Ég réð bara ekki við þetta. Afborgun af húsinu fór úr 100 þúsund í 165 þúsund á mánuði og höfuðstóllinn fór úr 16,5 milljónum í 22. Mín skoðun er sú að ég vil ekki taka þátt í þessu. Fram í mars í fyrra var ég með allt mitt á hreinu. Ég var að borga á milli 200 og 300 þúsund á mánuði í bankann og í hvert skipti sem ég borgaði hækkuðu skuldirnar um 400-500 þúsund! Þetta gengur bara ekki upp. Og bíllinn sem kostaði 2,5 var kominn í 5 milljónir! Ég skilaði honum en þeir sendu mér 5 milljóna króna reikning og ég á engan bíl! Ég spyr nú bara: Hvers konar líf er þetta fyrir fólk? Ég er að verða gamall karl og á kannski 15-20 góð ár eftir sem ég vil ekki eyða í að greiða bankanum vexti og verðbætur. Mér finnst þetta bara ekki sanngjarnt. Þetta er nútíma þrælahald og þar að auki hallærislegt að við almenningur eigum núna að fara á hnjánum til að semja við sömu bankastofnanirnar og drógu okkur niður með sér.“

> Ef haldin er útihátíð og hún fer úr böndunum þá kemur lögreglan og tekur þá sem eru að djöflast. Í okkar tilfelli var stærðarinnar útihátíð og allt fór úr böndunum. Það var þarna einhver 30 manna klíka á stólpafylliríi og löggan kom aldrei.

### Lappað upp á handónýtt kerfi

Þegar við tölum um skuldasúpuna sem við súpum nú seyðið af verður Gunnar eðlilega frekar pirraður. Honum finnst vanta samstöðu fólks að taka ekki þátt í þrælahaldinu. Nógu var það svo sem slæmt í góðærinu, en nú keyrir um þverbak. „Mér hafði tekist að klóra mér í gegnum verðtrygginguna á húsnæðinu mínu, skilnað, endurskipulagningu á fjármálum og allan þennan pakka. Þetta hefur endalaust verið manns hlutskipti. Ég hef verið duglegur og unnið mikið en aldrei grætt neinn pening, nema kannski einu sinni 200 þúsund á gömlum bíl. Maður hefur velt sér áfram. Þegar maður uppgötvar hvað þetta er óréttlátt kerfi – að maður skuli endalaust þurfa að borga vexti og verðbætur alla sína ævi – þá bara segir maður stopp. Ein ástæðan fyrir því hvers vegna við gerðum þessa mynd er bara að manni er búið að ofbjóða svo rosalega hvernig þetta þjóðfélag er.“

*Hvernig varstu þá þenkjandi fyrir hrun?*

„Ég trúði bara á Guð og kaupmanninn eins og þar stendur. Ég hélt að þetta væri í lagi og að við byggjum í heiðarlegu og góðu samfélagi. Trúði mýtunni um hvað við værum klár og góð og sniðug. Maður leit upp til þeirra sem stóðu í útrásinni. Mér brá svakalega fyrst þegar í ljós kom hvert við værum komin. Varð svo reiður. Við fengum engar upplýsingar um það hvað væri í gangi. Þess vegna byrjuðu borgarafundirnir, til að fá fólk að borðinu og segja okkur hvað gerðist og hvað væri í gangi.“

*Finnst þér það hafa komið fram?*

„Nei. Við höfum ekki opnað samfélagið eins og talað var um. Hvar er þetta nýja Ísland? Við fengum nýja stjórn og það átti allt að verða öðruvísi. Hvað gerðist? Það er verið að lappa upp á kerfi sem er handónýtt, ekki bara á Íslandi heldur um allan heim. Við Íslendingar ættum að sameinast um það að brjóta þetta kerfi upp því ef við gerum það þá fylgja aðrir í kjölfarið.“

### Mestu vonbrigði lífsins

Gunnar var framarlega í stofnun Borgarahreyfingarinnar, sem átti að vera nýtt og ferskt innlegg og uppskar fjóra þingmenn í alþingiskosningunum í fyrra. Hann er gjörsamlega miður sín yfir því hvað gerðist næst.

„Það hefur alltaf háð manni að maður trúir á fólk. Ég barðist með þessu fólki. Við stofnuðum hreyfinguna til að fara á þing. Mig langaði sjálfan ekkert á þing og setti mig til hliðar, en ég barðist hins vegar fyrir því að koma þessu fólki inn. Vonbrigðin eru gífurleg, þetta eru mestu vonbrigði lífs míns. Þetta fólk fór á þing vegna lýðræðisástar en svo gekk það bara úr hreyfingunni sem kom því á þing. Bara labbaði út af því það fékk ekki að ráða og gera allt sem því datt í hug! Við kusum þrisvar sinnum stjórn í hreyfingunni til að sefa þau en það dugði ekki til. Ég held að þetta fólk geri sér enga grein fyrir því hvað þau hafa eyðilagt mikið fyrir nýjum stjórnmálaöflum framtíðarinnar. Þetta er það eina sem ég skammast mín fyrir að hafa gert: Að hafa verið hluti af lýðræðislegri hreyfingu sem kom þessu liði á þing. Við allt annað er ég sáttur.“



**GUNNAR UM ÞINGMENN BORGARAHREYFINGARINNAR:** „Þetta er það eina sem ég skammast mín fyrir að hafa gert: Að hafa verið hluti af lýðræðislegri hreyfingu sem kom þessu liði á þing. Við allt annað er ég sáttur.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

…UR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR

// LJÓÐABÆKUR // ÆVINTÝRABÆKUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //

// ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR //

LOKAHELGIN!

# RISA LAGER SALA FORLAGANNA

## BORGARTÚNI 29

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ **KL. 11-19**

Allir sem versla fá bók að gjöf!

1000 TITLAR UNDIR 1000 KR!

# ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR

**GLÆSILEGAR BÆKUR - 2000 TITLAR!**

~~9.980,-~~ 4.490,-

SÚKKULAÐIÁST ~~4.990,-~~ 1.990,-

ENN BETRA GOLF ~~3.490,-~~ 1.490,-

Örnólfur Thorlacius KAFBÁTASAGA ~~5.480,-~~ 1.980,-

TOPP 10 — ÓKEYPIS! Ef þú kaupir fyrir 10.000 kr. eða meira!

LOFTKASTALINN SEM HRUNDI — STIEG LARSSON ~~5.480,-~~ 2.990,-

Í fyrsta kasti ~~4.995,-~~ 990,-

góði elskhuginn ~~5.680,-~~ 2.480,-

STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR LJÓÐASAFN ~~4.990,-~~ 990,-

~~3.490,-~~ 990,-

málstaður ehf · Tindur bókaútgáfa · Bókafélagið Ugla · Óðinsauga · JENTAS · BÓKAFÉLAGIÐ · ÚTKALL · Vestfirska forlagið · Háskólaútgáfan

UPPHEIMAR · sögur útgáfa · ORMSTUNGA · heimur · VERÖLD · SKRUDDA · Salka · BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR · BJARTUR

# Ekki deilt um meginmarkmið

Um áramót urðu breytingar á skattkerfinu og tekið var upp kerfi með þremur þrepum. Það hefur vakið mismikla lukku. Óumdeilt er að stoppa þarf upp í gat í fjárlagakerfinu en deilt hefur verið um leiðir til þess. *Kolbeinn Óttarsson Proppé* settist með **Indriða H. Þorlákssyni**, aðstoðarmanni fjármálaráðherra, og **Finni Oddssyni**, framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs, í skattaspjall.



**SAMMÁLA UM MEGINATRIÐIN EN ÁHERSLUMUNUR UM LEIÐIR** Indriði H. Þorláksson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, og Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, eru sammála um meginatriði skattkerfisins. Þeir deila hins vegar um hagkvæmni þeirra leiða sem ríkisstjórnin fór í skattabreytingum um síðustu áramót. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

*Hvert er grundvallarhlutverk skattkerfisins?*

**IHÞ:** Ég hef mjög klassíska sýn á hlutverk þess sem í grundvallaratriðum á uppruna sinn á 18. öld, hjá Adam Smith. Hann setti fram kenningar um að auk þess að standa undir tekjuöflun eigi skattkerfið að vera sanngjarnt og sýna jafnræði, auk þess að vera hlutlaust. Þetta eru þær hugmyndir sem mér finnst að leggja eigi til grundvallar þegar skattkerfið er mótað.

Síðan er ekki því að neita að menn vilja gjarnan fylgja eftir öðrum markmiðum, eins og tekjujöfnun og að skattkerfið stuðli að félagslegum sjónarmiðum sem stjórnvöld hafa. Á síðari tímum hafa bæst við áherslur um leiðréttandi hlutverk varðandi markaðsbresti, í sambandi við til dæmis umhverfis- og mengunarmál og þegar markaðurinn endurspeglar ekki samfélagslegan kostnað.

Við getum sagt að í grundvallaratriðum tel ég að skattkerfið eigi og verði að standa undir þeirri tekjuöflun sem leiðir af ákvörðunum stjórnvalda um opinbera þjónustu og starfsemi, en jafnframt þurfi að gæta að mörgum öðrum sjónarmiðum sem koma því við.

**FO:** Ég er í öllum grundvallaratriðum sammála þessu. Það er augljóst að skattkerfið þarf að standa undir fjármögnun á starfsemi hins opinbera og standa undir ákveðnum samgæðum. Ég held að það sé samstaða um það á Íslandi að skattkerfið eigi að standa undir ákveðinni heilsugæslu, þjónustu á menntasviðinu og einhvers konar félagslegu öryggisneti.

En hvort skattkerfið eigi að stuðla að jöfnuði, jöfnuðarins vegna, þá tel ég að svo eigi ekki að vera. Það á hins vegar að stefna að tryggingu á ákveðnum lágmarkskjörum í samfélaginu.

Klassískar hagfræðikenningar og reyndar einnig rannsóknir í atferlisvísindum sýna að það er æskilegt að hafa ákveðna samsvörun á milli framlags og afraksturs í öllum kerfum, einfaldlega vegna þess að ef sú samsvörun hverfur, þá hverfur framlagið einnig.

Á tímum eins og núna höfum við ekki efni á því að draga úr þessum eiginleikum. Við þurfum að horfa áfram á ákveðna hagkvæmni og til verðmætasköpunar. Þá þurfum við að nýta þá miklu krafta sem eru í samfélaginu okkar.

**IHÞ:** Ég tek undir þetta í meginatriðum. Ég held að ekki sé á Vesturlöndunum mikill ágreiningur um grundvallarhlutverk skattkerfisins. Frekar er deilt um einstaka útfærslur.

## Menn sváfu á verðinum

*Viðskiptaráð hefur gagnrýnt skattabreytingarnar, í hverju felst sú gagnrýni helst?*

**FO:** Það eru ýmsar ástæður fyrir okkar gagnrýni, horfa má á tekjuskattkerfið og þrepaskiptinguna sérstaklega, en einnig á heildarbreytingarnar. En við verðum fyrst að svara þeirri spurningu hvort skattkerfið sem var til staðar hafi verið vandamál. Við teljum ekki að svo hafi verið.

Út frá því sem Indriði vísaði til áðan, hagfræðilegum sjónarmiðum, þá var þetta tiltölulega hagkvæmt skattkerfi. Það var einfalt og gagnsætt og gerði ekki mikið upp á milli atvinnugreina. Ástæðan fyrir því að litið var á það sem galla tengist þeirri fjármálastefnu sem hér var keyrð, hvernig fjármálum var stýrt hér á undanförnum árum.

Komið var í veg fyrir að hægt væri að nota helsta styrkleika kerfisins sem fólst í því að það dró til sín hlutfallslega meiri tekjur í uppsveiflu og gaf meira eftir í niðursveiflu. Það hafði í sér innbyggða sveiflujöfnun. Þegar við lendum í þessu stóra stoppi og erum búin að byggja yfirbyggingu sem er orðin verulega stór – og við eyddum í rauninni þessum umframtekjum jafnóðum – þá lendum við í valþröng. Ég þykist vita að þú, Indriði, hafir átt andvökunætur yfir því.

Við erum með halla á fjárlögum og hann þarf að brúa, en það er búið að eyða þeim peningum sem við hefðum hugsanlega getað safnað í góðærinu. Þá eru komnar auknar skuldir og vaxtagjöld vegna þeirra. Þetta setur okkur í erfiða stöðu sem við þurfum að vinna úr, en við höfum verið gagnrýnir á nálgunina.

**IHÞ:** Já, það er ljóst að hér brást margt, en ég held að það hafi ekki verið kerfið sem slíkt sem hafi brugðist. Það voru mun fremur þeir sem báru ábyrgð á því og stýrðu því.

**FO:**… samræmingin…

**IHÞ:** Já, þeir hafa ekki verið á verði og í raun trúað því að uppsveiflan væri eilíf og mundi halda áfram að skila tekjum. Þetta leiddi til þess að þótt kerfið sem slíkt, tæknilega kerfið, væri óbreytt – og ég held að flestir telji það gott – þá sýndi sig þegar upp var staðið og eftir að hrunið var skollið á, að það aflaði ekki nægra tekna fyrir útgjöldum.

Í öðru lagi sýndi sig að það höfðu orðið tilfærslur í dreifingu skattbyrði sem margir, þar á meðal þau stjórnmálaöfl sem komust til valda, töldu ekki heppilega. Það hafði orðið mikil breyting á dreifingu skatta og skapast ójafnræði milli einstaklinga, rekstrarforma, tekjutegunda og svo framvegis.

Burt séð frá því hvort menn telja að skattkerfið hafi verið gott eða ekki, og ég get tekið undir að í grundvallaratriðum var það gott, þá var einsýnt að það þurfti að gera ráðstafanir. Það þurfti að endurstilla kerfið til að ná þeim markmiðum sem menn vildu ná.

**FO:** Ég tel að við hefðum getað náð þessum markmiðum með einfaldari tekjuskattsbreytingum, nýtingu á sömu skattstofnum og þá með hækkun skattprósentu. Svo er nauðsynlegt að horfa á að hagfelldasta leiðin út úr svona ástandi miðar að því að sníða hina opinbera stakk eftir vexti á útgjaldahliðinni, að draga úr opinberum útgjöldum.

## Flækja eða ekki flækja

**FO:** Oft er horft til annarra landa þar sem er þrepaskipt skattkerfi. Ég hef velt því fyrir mér að hvaða leyti sá samanburður er heppilegur, einfaldlega vegna þess að við erum 300 þúsund manna þjóðfélag og það er hlutfallslega dýrara fyrir okkur að halda uppi flóknu kerfi en hjá stórum þjóðum.

Við erum mögulega að stefna í átt sem er ekki hagkvæm með breytingunum. Þá horfi ég til ófyrirsjáanleika sem verður af eftirá álagningu og hversu erfiðari heimtur af henni eru en staðgreiðslu. Þá hef ég áhyggjur af hvatalegum áhrifum með hækkun jaðarskatta og ýmissa óhagnýtra breytinga. Til að mynda er líklegt að undanskot geti aukist og því byggjum við upp stærra svart hagkerfi.

Þá er óheppilegt að nú eru einstaklingar skattaðir en ekki fjölskyldur. Það er óheppilegt þar sem annar aðili vinnur úti og hinn á heimilinu, þá getur hann ekki bætt á sig vinnu án þess að lenda í hátekjuskatti. Það á einnig við um ófyrirsjáanleg áföll eins og þegar annar aðili missir vinnuna.

**IHÞ:** Ég er sammála því og við höfum lengi hrósað okkur af því að vera með lítið flækjustig í hagkerfinu. Ég held þó að við verðum að gera greinarmun á því sem er tæknilega flókið, eða flóknu regluverki. Staðreyndin er sú að þessar tæknilegu flækjur, eins og mörg skattþrep, eru ekki kostnaðarsöm og krefjandi. Þær munu ekki hafa í för með sér neinar beytingar fyrir framteljendur.

> „Staðreyndin er sú að þessar tæknilegu flækjur, eins og mörg skattþrep, eru ekki kostnaðarsöm og krefjandi. Þær munu ekki hafa í för með sér neinar breytingar fyrir framteljendur.“ Indriði H. Þorláksson.

**FO:** Þú ert þá bara að tala um þrepaskiptinguna.

**IHÞ:** Já, þrepaskiptinguna.

**FO:** En það eru aðrar breytingar sem valda framteljendum erfiðleikum, þá er ég að tala um eignaskatta og annað slíkt.

**IHÞ:** Já já, en þá ertu líka að tala um hóp sem er afskaplega lítill. Það sem ruglar eru kerfi sem eru þung í framkvæmd fyrir skattyfirvöld, sérstaklega með flóknum efnisreglum eins og hvað sé frádráttarbært og þess háttar. Ég legg áherslu á að þessar breytingar eru ekki róttækar breytingar á kerfinu. Við erum að hreyfa okkur innan þeirra skattbyrðimarka sem hafa verið viðvarandi í mörg ár.

Það er ekki verið að hækka skatta sem hlutfall af landsframleiðslu umfram það sem verið hefur á undanförnum árum. Við förum ekki með skattana í þá hæð, hvorki sem hlutfall af tekjum eða landsframleiðslu, eins og þeir voru fyrir fjórum, fimm árum.

## Icesave tekið of mikinn tíma

**FO:** Það velkist enginn í vafa um að það er forgangsmál að ná tökum á ríkisfjármálum. Þau samanstanda af tveimur póstum; útgjöldum og tekjum. Það er ekki bara ég, heldur sýna athuganir hjá 21 OECD-þjóð að þar sem skorið er niður í ríkisútgjöldum, frekar en að fara í skattahækkanir, þar er kreppan styttri og hagvöxtur kemst fyrr á.

Þetta er lykilatriði. Eftir 10 ár þurfum við að útvega 35 þúsund manns atvinnu, ýmist þeim sem eru atvinnulausir eða þeim sem koma nýir á vinnumarkað. Mér finnst að breytingar á ögurstundu, eins og núna, eigi fyrst og fremst að hafa hagkvæmnisog heildarsjónarmið í huga. Sú hugmyndafræðilega breyting sem farið hefur verið í – og er kannski eðlilegt að vinstri stjórnvöld vilji gera – þarf meiri aðdraganda og umræðu. Þetta átti að mínu viti að kalla á mikla umræðu í Alþingi, en var rætt á milli tveggja Icesave-lotna.

**IHÞ:** Ég tek undir það. Strax í júní lágu reyndar fyrir stærstu línurnar. En frumvarpið var lengi í umræðu við takmarkaðan hóp, Alþýðusambandið og Samtök atvinnulífsins til dæmis, raunar allt of lengi. Stærsti gallinn er að öll vitræn umræða í þinginu kafnaði í undarlegum orðaskiptum um allt annað mál, sem er út af fyrir sig mikilvægt, en hefur tekið allt of langan tíma.

**FO:** Hlutfallslegur halli á opinberum fjámálum á næstu þremur árum verður töluvert hærri upphæð heldur en Icesave. Við ræddum í örfáa daga á þingi um skattalagabreytingar.

## SAMMÁLA UM MARGT

*Indriði og Finnur eru sammála um margt þegar kemur að skattabreytingum. Þá telja þeir að allt of mikil hækkun hafi orðið á tryggingargjaldi. Það muni á endanum auka launakostnað sem sé ekki æskilegt, því þá missi fleiri vinnu og hvatinn til að ráða fólk minnki.*

**IHÞ:** Þetta er póstur sem lendir á laununum og verður borinn af launafólki almennt.

**FO:** Ég er sammála því og held að gjaldið hafi verið hækkað allt of mikið.

*Þá telja þeir að stór hluti vandans sem glímt er við nú liggi í vaxtagreiðslum.*

**IHÞ:** Það sem gerir okkur erfitt fyrir er að í ofanálag þurfum við að kljást við vaxtagreiðslur upp á 5,6 prósent af landsframleiðslu. Það eykur á vandamálið sem við glímum við í ríkisfjármálunum.

**FO:** Já, þær nema um 120 milljörðum króna.



BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Opnum kl.10 í dag
Ferskur kjúklingur. Frábært verð
598
KR.KG
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
539
KR.KG
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
1598
KR.KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1598
KR.KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR
1698
KR.KG
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
FROSIÐ LAMBAKJÖT Á BETRA VERÐI
1398
KR.KG
K.S FROSINN LAMBAHRYGGUR
1139
KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI
598
KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT 1.FLOKKUR
ALLIR BESTU BITARNIR MEÐ 598 KR.KG.
Hamborgarar
10 stk. 100 g
1298
KR.PK
ÍSLANDSNAUT EKTA HAMBORGARAR 10 stk/100g
Bónus Kjarnabrauð 500g innihaldslýsing:
Hafrar og heilmalaður rúgur, 6,2 g af trefjum í 100g, hátt hlutfall af hjartavænum olíufræjum, lágt hlutfall af salti.
159
KR.STK
Lasagne
998
KR.PK
ÍSLANDSNAUT ÍTALSKT LASAGNA 850g
SÆLGÆTISBARINN
100g poki 90 kr.
GOTT VERÐ ALLA DAGA
178
KR. 2LTR
139
KR. 1LTR
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA

# Fæðing er ferli sem má ekki trufla

**Sprenging varð í heimafæðingum í fyrra þegar þeim fjölgaði um 46 prósent á milli ára. Undanfarin þrettán ár hefur Áslaug Hauksdóttir tekið á móti 214 börnum, eða nær helmingi þeirra barna sem komu í heiminn á tímabilinu í heimahúsum. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* fékk að heyra um baráttu Áslaugar fyrir því að konur haldi um stjórnartauma sinnar eigin fæðingar.**

Hlutverk heimafæðingarljósmóðurinnar Áslaugar Hauksdóttur er gjörólíkt hlutverki ljósmæðra sem starfa á stofnunum. Hún fylgir fjölskyldunni oft eftir frá því í upphafi meðgöngu þar til barnið er viku gamalt. „Að hitta konu snemma á meðgöngunni og fylgja henni eftir, vera með henni í fæðingunni og sængurlegunni, það er toppurinn á ljósmæðrastarfinu,“ segir Áslaug. „Ég tala ekki um þegar maður er farinn að koma í annað, þriðja eða fjórða skiptið. Þá er maður bara orðin eins og amman á heimilinu.“

Hún segir að verðandi foreldrum þyki gott að þekkja þann sem er með þeim á þessari stærstu stund lífsins. „Í heimafæðingu er eitt aðalatriðið að konan og ljósmóðirin treysti hvor annarri. Það er ekki út í hött að gamalt starfsheiti ljósmóður er nærkona,“ segir hún.



**ÁSLAUG OG HLUSTUNARPÍPAN** Fósturhlustunarpípan er tákn ljósmæðra og það áhald sem hefur nýst þeim í gegnum aldirnar við að hlusta eftir hjartslætti barna í móðurkviði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Viðkvæmt ferli

Fæðing er viðkvæmt ferli sem á að ganga eðlilega fyrir sig og án allra inngripa ef hægt er að sögn Áslaugar. „Hormónaferlið er hárnákvæmt, viðkvæmt ferli sem ekki má trufla. Kona þarf að vera í ótrufluðu umhverfi til að þessi hormón virki vel. Sumir segja að þegar kona gengur út frá heimili sínu til að fara á fæðingarstað sé fyrsta inngripið komið, enda þekkt að sóttin dettur oft niður þegar á fæðingarstað er komið.”

Hún segir mikilvægt að konur fái að velja hverjir eru viðstaddir fæðinguna. „Það getur haft mikið að segja að enginn ókunnugur sé viðstaddur. Á stórum stofnunum fylgjast ljósmæður líka stundum með tveimur eða þremur konum í einu og geta ekki bara einbeitt sér að einni. Það er erfitt fyrir alla.“

### Jafn öruggt og spítalafæðing

Fjöldi rannsókna staðfestir að heimafæðingar eru öruggur og góður kostur fyrir konu og barn, að því gefnu að meðganga hafi gengið vel og móðirin sé hraust. Umfangsmesta rannsókn á heimafæðingum sem hefur farið fram var nýlega gerð í Hollandi. Þar var fylgst með 530 þúsund fæðingum, bæði á heilbrigðisstofnunum og í heimahúsum. Hvergi í hinum vestræna heimi eignast eins margar konur börn sín heima og í Hollandi, eða um 34 prósent. En þar er ungbarna- og mæðradauði hærri en annars staðar. Ekki er vitað hvað veldur því en það hefur verið tilhneiging til að kenna heimafæðingunum þar um. Nýja rannsóknin sýnir hins vegar að það á ekki við rök að styðjast. Niðurstaðan er þvert á móti sú sama og í fjölda annarra rannsókna; að það er jafn öruggt eða öruggara að ala barn sitt í heimahúsi eins og á spítala.

Þrátt fyrir þessa staðreynd er það enn álitin sérstök ákvörðun af hálfu foreldra að ákveða heimafæðingu. Margir þeirra velja að tala sem minnst um ákvörðun sína, sem er af mörgum álitin ábyrgðarlaus eða í besta falli sýna mikið hugrekki. Fyrir margt fylgisfólk heimafæðinga skýtur þessi skoðun skökku við, því í reynd sýni það meira hugrekki að láta svo viðkvæmt og náttúrulegt ferli eiga sér stað innan veggja stórra stofnana þar sem mun hætta er við inngripum og sýkingum.

### Fordómar og hryllingssögur

Engin alvarleg slys hafa orðið í heimafæðingum hér á landi síðastliðna áratugi. Flestu slysin verða þar sem fæðingarnar eru flestar. „Heimafæðingar ganga svo vel hjá okkur, því við förum mjög varlega,“ útskýrir Áslaug. „Prinsippið er ekki að klára fæðinguna heima, heldur að allt gangi vel og allir komi heilir úr ferlinu. Nýburarnir sem fæðast heima eru alla jafna mjög hressir, enda lyfjalausir þegar þeir koma í heiminn, því mæður þeirra fá engin lyf í fæðingunni. Við notum eingöngu vatn og nálarstungur, bakstra og nudd. Þá eru flest öll börn sem fæðast heima komin á brjóst innan við hálftíma eftir fæðingu. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin leggur einmitt mikla áherslu á að þau geri það, því það er svo mikilvægt fyrir þau að fá broddinn sem fyrst, sem er algjör bomba fyrir þau.“

**FJÖLGUN HEIMAFÆÐINGA**

| | Heildarfjöldi fæðinga | Heimafæðingar | |
|---|---|---|---|
| 2009 | 4.939 | 89 | 1,80% |
| 2008 | 4.783 | 61 | 1,28% |
| 2007 | 4.498 | 51 | 1,13% |
| 2006 | 4.344 | 46 | 1,06% |
| 2005 | 4.241 | 43 | 1,01% |
| 2004 | 4.187 | 25 | 0,60% |
| 2003 | 4.080 | 25 | 0,61% |
| 2002 | 3.977 | 25 | 0,63% |
| 2001 | 4.043 | 19 | 0,47% |
| 2000 | 4.269 | 31 | 0,73% |
| 1999 | 4.054 | 17 | 0,42% |
| 1998 | 4.143 | 6 | 0,14% |
| 1997 | 4.091 | 9 | 0,22% |

Þrátt fyrir að þessar upplýsingar liggi fyrir hafa margir þá skoðun að banna ætti heimafæðingar, því þær séu svo hættulegar. Þar á meðal eru sumir læknar. „Allar rannsóknir um heimafæðingar segja sömu söguna. Þess vegna þykir mér einkennilegt að margt fagfólk skuli ekki kynna sér kosti þeirra almennilega og vera á móti þeim,“ segir Áslaug. „Þetta hugarfar fagfólks veldur því að konur sem ákveða heimafæðingu þurfa að vera mjög sterkar og fastar á sínu, til þess að láta ekki umhverfið hafa áhrif á sig. Algengt er að konur heyri sögur eins og: „Ef ég hefði fætt heima hefði hvorki ég né barnið lifað“. Slíkar sögur eiga ekki við rök að styðjast. Sú kona hefði aldrei átt heima, heldur væri fyrir löngu komin á spítala. Þær konur sem stefna á heimafæðingu eru hraustar og hafa átt eðlilega meðgöngu. Það er alltaf einhver aðdragandi að því að eitthvað slæmt komi fyrir, sem er mjög sjaldgæft.“

Þá bendir hún á að ef fleiri konur myndu velja heimafæðingar og fleiri ljósmæður þjálfast upp í þessu yrði það gríðarlegur sparnaður fyrir þjóðfélagið. Heimafæðingar séu margfalt ódýrari en fæðingar á spítala.

### Ljósmæður velja heimafæðingar

Fáir eru fróðari um meðgöngu og fæðingu en ljósmæður. Í ljósi þess er athyglisverð staðreynd að flestar ungar og hraustar ljósmæður sem eignast börn, velja heimafæðingu. Sama má segja um dætur eldri ljósmæðra. Þá segir Áslaug að margar ungar ljósmæður eigi sér þann draum að verða heimafæðingarljósmæður.

Hvað skyldi valda því að læknar og ljósmæður eru ekki alveg samstíga í afstöðunni til heimafæðinga? „Það er grundvallarmunur á hugmyndafræði lækna og ljósmæðra. Ljósmæður líta á fæðingu sem eðlilegt ferli þar til annað kemur í ljós. Læknarnir líta hins vegar svo á að engin fæðing sé eðlileg fyrr en henni er lokið. En fæðing er náttúrulegasta ferli í heimi, séu engin veikindi til staðar. Í raun og veru er ekkert jafn náttúrulegt, nema kannski bara þegar barnið er búið til. Sumir segja raunar að það sé best að barnið fái að fæðast á sama stað og það var búið til á.“

### Pælarar sem láta ekki stjórna sér

Þegar Áslaug byrjaði í heimafæðingunum fyrir þrettán árum fæddust um 0,2 prósent. Síðan hefur metið verið slegið árlega. Í fyrra varð svo stórt stökk, 45 prósenta aukning á milli ára og hlutfall heimafæðinga jókst í 2 prósent. Af þeim 447 börnum sem hafa fæðst á tímabilinu hefur Áslaug tekið á móti nær helmingnum. Hún skrifar aukninguna helst á upplýstari umræðu kvenna á milli. „Kona sem elur barn sitt heima segir öðrum konum frá reynslu sinni. Auk þess er það svo að kona sem einu sinni eignast barn heima gerir það nær undantekningarlaust í næsta skipti líka.“

Hún segir heimafæðingarkonur upp til hópa vel menntaðar og upplýstar, sem sé einmitt eitt af því sem rannsóknir um allan heim sýni. „Þetta eru pælarar, þessar konur. Og þær láta ekki segja sér hvað þeim sé fyrir bestu. Þær eru oftast víðlesnar um fæðingar, vita nákvæmlega hvað er að gerast í líkama þeirra og telja sig best til þess fallnar af öllum að stjórna sinni fæðingu. Ég er búin að vera ljósmóðir í meira en fjörutíu ár. En ég er enn að læra og mest læri ég af konunum sjálfum sem eru að fæða heima. Þær eru hafsjór af alls konar þekkingu.“

### Þær yngri taka við

Það eru rétt um þrettán ár frá því Áslaug kynntist ljósmóðurnema sem fékk hana til að koma heim til sín og taka á móti barni heima hjá sér. „Þetta var 11. desember 1997, þeim degi gleymi ég aldrei, því hann hafði afgerandi áhrif á ljósmóðurlíf mitt. Eftir það stökkaði ég allt upp á nýtt, fór fljótlega að kalla mig heimafæðingarljósmóður og finnast að loks væri ég komin á réttan stað.“

Síðan hefur hún helgað sig heimafæðingum af hugsjón og stundum baráttu, því það hafa ekki allir verið jafn hrifnir af störfum hennar. Hún telur það ekki eftir sér, enda sannfærð um mikilvægi þess að konur geti haldið sjálfar um stjórnartauma fæðingar sinnar, ef þær kjósa það. „Fæðing er konum miklu mikilvægari en flestir átta sig á. Kona sem er ánægð með fæðinguna sína öðlast styrk alla ævi. Sjálfsmynd hennar verður sterkari. Einn liður í því að halda fæðingum eðlilegum er að leggja áherslu á að fyrsta fæðing konu gangi vel. Þá ganga hinar sem á eftir koma yfirleitt líka vel.“

Áslaug er búin að vera lengi að og það fer að koma að því að hún minnki við sig, enda fylgja hverri fæðingu töluverðar skuldbindingar. „Sem betur fer eru ungar, yndislegar, áhugasamar og klárar ljósmæður sem eru tilbúnar að fara út á þessa braut. Ég er óendanlega þakklát fyrir að hafa fengið að stunda vinnu sem hefur gefið mér ótrúlega ánægju og gleði. Hvað er dásamlegra en að vera viðstaddur svona mikið undur, þegar lítið barn kemur í heiminn?“

**FRUMKVÖÐULL Í VATNSFÆÐINGUM**

Um miðbik tíunda áratugarins starfaði Áslaug nokkur sumur í Danmörku, þar sem hún kynntist vatnsfæðingum og heillaðist upp úr skónum. „Ég sá hvað bæði móður og barni leið vel í vatninu og hvað þetta var afslappað. Pabbarnir eru líka oftast alveg í skýjunum,“ segir hún. Trú Áslaugar á vatnsfæðingum olli því að hún réði sig til Selfoss, þar sem var komið bað, þótt konur hafi ekki verið farnar að fæða í vatninu. „Þarna byrjuðum við með vatnsfæðingarnar og það gekk yndislega vel. Vatnsfæðingarnar hófust í Rússlandi upp úr 1960. Svo breiddist þetta út. Þarna var komið 1997, þegar við loks byrjuðum á Íslandi. Við vorum að vísu reknar á dyr hjá Landlækni, þegar við tilkynntum honum að vatnsfæðingar væru formlega byrjaðar á Íslandi. Hann hélt langa ræðu yfir okkur, um það hvað það væri hættulegt að ferðalag að fæðast. En við héldum ótrauðar áfram því við vissum að við vorum að gera góða hluti fyrir mæður og börn. Nú þykir öllum sjálfsagt að nota vatn til fæðinga og konur eru mjög áhugasamar um það.“

# matur

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT ]

febrúar 2010

## Alltaf vinsælar

Helga Sigurbjörnsdóttir kann uppskrift að kleinum sem klikka ekki.

SÍÐA 6





## Nýtir alltaf afganga

Margrét Sigfúsdóttir leggur áherslu á hagsýni í eldamennsku.

SÍÐA 5



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fjórar gerðir af fiskibollum

Heimilisrétti, sem við erum vön að matreiða alltaf á sama hátt, er tilvalið að prófa sig áfram með. Fiskibollur eru kjörnar til þess þar sem breyta má grunnuppskriftinni á ótal vegu.

Fiskibollur þykja sumum ekki boðlegar nema hversdags en með örlitlum tilfæringum má gera bollurnar að sælkerarétti og auðvelt er að leika sér hafi maður góða grunnuppskrift. í hana má bæta hinum og þessum kryddjurtum, grænmeti, osti og öðru sem til fellur. Uppskrift þar sem steinselju og rifnum gulrótum er bætt út í hefðbundna fiskibolluuppskrift hefur lengi verið vinsæl. Mjög gott er að setja ab-mjólk eða súrmjólk í staðinn fyrir mjólkina í uppskriftunum. Að sjálfsögðu má svo alltaf skipta nota heilhveiti eða spelt í staðinn fyrir hveiti.

Ekki er langt síðan undirrituð hóf að steikja fiskibollur og heimatilbúnar bragðast þær vitanlega ólíkt betur en þær sem keyptar eru úti í búð. En þar sem upp er runninn tími nýja Íslands, með afganganýtni og hagsmuni heimilisins að leiðarljósi, var fljótlega farið að setja alls kyns afganga út í bollurnar. Og smám saman þróuðust fjórar eftirfarandi fiskibolluuppskriftir. - jma

FRAMHALD Á SÍÐU 4




30 manna kransakaka verð frá 12.000 kr.



Jón Arilíus KÖKULIST





Allar tegundir af tertum í ferminguna.

Geri tilboð í heildarveislu eða hluta. Jón Arilíus 555 6655 og 662 5552

Firði Hafnarfirði

## EINFALDLEIKINN BESTUR

**Ragnheiður Tryggvadóttir**

Ég er alls ekki lunkin í eldhúsinu. Ég get þó alveg bjargað mér og hef eldað ofan í mig í mörg ár, alveg ágætan mat. En ekkert meira en það. Ég hef til dæmis engan skilning á kryddi, hvað fer saman eða hvaða krydd laðar fram hitt eða þetta bragð frekar en annað. Season-all-ið hefur dugað mér vel og helst að það rati einstaka salt eða piparkorn í pottana hjá mér. Flóknar eftirréttauppskriftir að flamberuðum truffle-frauðum gæti eins verið leiðbeiningabæklingur að samsetningu geimrannsóknareldflauga fyrir mér og mér hefur aldrei tekist að baka almennilega köku án þess að Betty Crocker hafi komið þar að.

Helst vil ég hafa réttina einfalda svo ég viti hvað ég er að láta ofan í mig. Flóknir sparréttir sem heita skrítnum nöfnum eins og „lamb tartar hráskafið með kantarellusalati“ eða “skyrfrauð með pólentubotni” slá mig út af laginu og ég veit ekkert hvort ég á að borða þá með skeið eða gaffli. Þá kann ég betur við einfalda sunnudagssteik með kartöflum og brúnni sósu. Þegar ég var lítil og spurð að því hver uppáhaldsmaturinn minn væri var svarið alltaf slátur.

Þetta kemur sjálfsagt til af því að ég er alin upp á venjulegum heimilismat, heimagerðum kjötbollum, slátri og sperðlum og þegar ég flutti að heiman fékk ég matreiðslubók í veganesti frá foreldrunum, Maturinn hennar mömmu! Sú bók hefur nýst mér vel gegnum tíðina enda er þar að finna uppskriftir að grundvallarréttum eins og soðnum fiski og hakkbollum.

Mér finnst samt mjög gaman að smakka eitthvað nýtt og er alls ekkert matvönd þótt réttirnir heiti skrítnum nöfnum og ég átti mig ekki á því hvort sósan sé skraut eða hvort megi borða hana. Ég hef mjög gaman af því að fara út að borða og þá skiptir engu máli hvort á boðstólum er kjöt eða fiskur. Mér finnst sushi mjög gott og borðaði það til dæmis á hverjum föstudegi í hálft ár á því herrans ári 2007.



En þótt ég hafi smakkað marga góða rétti með skrítin nöfn held ég að svarið yrði samt á sömu leið yrði ég spurð að því í dag hver væri uppáhaldsmaturinn minn. Það jafnast ekkert á við lifrarpylsu með jafningi.

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

A Aðalréttur · B Bakstur · Hvunndags · Fiskur · Súpur · Holt

**matur** kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Roald Eyvindsson og Sólveig Gísladóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Anton Brink **Pennar:** Júlía Margrét Alexandersdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir, Vera Einarsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson *bjarnithor@365.is*



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Uppskriftina er að finna í bókinni Einfalt matreiðslukver fyrir heldri manna húsfreyjur eftir Magnús Stephensen. Hún kom fyrst út árið 1800.

# HREIN MATARGERÐ

Í matreiðslubók Magnúsar Stephensen er að finna aldargamla uppskrift að plokkfiski sem féll vel í kramið hjá sænska matreiðslumeistaranum Mathiasi Dahlgren.

Hollt og gott!

Nemendur Hótel- og matvælaskólans í Kópavogi fengu góðan gest í heimsókn á dögunum og var það enginn annar en Mathias Dahlgren, einn helsti matreiðslumeistari Svíþjóðar. Hann hélt fyrirlestur um svæðis- og árstíðabundna matreiðslu en hann aðhyllist svokallaða „slow food“-matargerð.

„Við ákváðum að bjóða honum upp á ekta íslenskan plokkfisk og notuðum uppskrift úr bókinni Einfalt matreiðslukver fyrir heldri manna húsfreyjur. Bókin, sem er eftir Magnús Stephensen, einn helsta boðbera upplýsingarinnar, kom fyrst út árið 1800 en var síðast endurútgefin fyrir nokkrum árum. Marta María Stephensen, mágkona Magnúsar, er hins vegar skrifuð fyrir henni enda þótti ekki við hæfi að karlmenn skrifuðu matreiðslubækur í byrjun nítjándu aldar,“ segir Ragnar Wessman, fagstjóri matreiðsludeildar Hótel- og matvælaskólans.

Í bókinni er að finna uppskrift að plokkfiski sem er nokkuð svipuð þeirri sem þekkist enn í dag. „Veitingahús hafa hins vegar mörg hver bætt við bernaise-sósu og rifnum osti en við vildum hafa réttinn sem næst upprunanum. Með honum báru nemendur mínir fram nýbakað rúgbrauð og súrt smjör sem er búið til úr hrærðu smjöri og súrmjólk og var Matthias í stuttu máli himinlifandi og fannst rétturinn lýsandi dæmi um hreina matargerð.“

- ve

## PLOKKFISKUR AÐ HÆTTI MAGNÚSAR STEPHENSEN

*Fyrir 6*

**1.000 g heil ýsa (um 500 g af hreinsuðum fiski)**
**500 g kartöflur (gjarnan smælki)**
**150 g laukur**
**200 ml fiskisoð**
**200 ml mjólk**
**100 ml rjómi**
**50 g smjör**
**40 g hveiti**
**½ lárviðarlauf**
**Salt og pipar eftir smekk**

*Ýsan er þverskorin og soðin í hæfilega söltu vatni. Rjóminn, mjólkin og fisksoðið er soðið upp með lárviðarlaufinu og jafnað með smjörbollunni (50 g smjör og 40 g hveiti). „Bollan“ á að vera hæfilega þykk þannig að hún samlagist auðveldlega vökvanum. Laukurinn er svitaður í smjöri þangað til hann gyllist og síðan er honum bætt út í sósuna. Soðnar kartöflurnar eru skornar í hæfilega bita og settar út í ásamt beinhreinsuðum fiskinum. Kryddað til með salti og nýmöluðum pipar eftir smekk. Borið fram með rúgbrauði og smjöri. Smjörið má gjarnan þeyta upp með örlitlum sýrðum rjóma.*




## 4 vikna Lífsstílsnámskeið

undir handleiðslu Benediktu Jónsdóttur heilsuráðgjafa hefst 10. febrúar 2010



Viltu vera með í 12 manna hópi sem lærir það mikilvægasta um hvernig á að stunda heilbrigðan lífsstíl á auðveldan og skemmtilegan máta?

Mán., mið. og fös. kl. 17.30-18.30 - alls 9 skipti.

Verð 19.990 kr.

Innifalið er fyrirlestur með Haraldi Magnússyni osteópata og Ástu Valdimarsdóttur hláturjógakennara.

Einstaklingsviðtöl og hóptímar.

*Sjá nánar á www.madurlifandi.is*

maður lifandi

*Lausnir – Hollusta – Umhyggja*

Borgartún 24 – Hæðarsmára 6 – Hafnarborg s. 58 58 700 www.madurlifandi.is


ÍSBÚÐIN ÍSLAND

## *Íslenskur ís frá býli*



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ísbúðin Ísland var opnuð í Suðurveri í lok janúar en þar fæst íslenskur ís frá Kjörís og Holtaseli ásamt öðrum íslenskum mjólkur- og landbúnaðarvörum. Hlédís Sveinsdóttir, formaður samtakanna Beint frá býli, rekur ísbúðina ásamt þeim Einari Sturlu Möinichen og Valdimari Héðni Hilmarssyni. Í búðinni eru gestir rækilega minntir á hvaðan mjólkin kemur og eru íslenskar kýr í aðalhlutverki. Hlédís býður upp á vélarís frá Kjörís og fjölmargar bragðtegundir af kúluís frá Holtaseli. „Ég er síðan með allt þetta hefðbundna meðlæti eins og karamellu-, súkkulaði- og jarðarberjasósu en ein pumpan hefur þó að geyma fíflasíróp frá Löngumýri á Skeiðum sem fer sérstaklega vel með vélarísnum. Eins er ég með rabarbarakaramellu sem mig langar að tæta niður í sælgæti út á ísinn.“ Hlédís ætlar að taka inn fleiri mjólkurvörur þegar fram líða stundir og á von á ófitusprengdri jógúrt frá Erpsstöðum í næstu viku en hún er mikil áhugamanneskja um að stytta veginn milli framleiðenda og neytenda og koma fjölbreyttum vörum bænda á framfæri.

# ego dekor



Vegghengdur skenkur 183cm
Verð áður: 108.000,-
Verð nú: 86.400,-

Borð 160x90
Verð áður: 78.000,-
Verð nú: 62.400,-

-20%



-40%

CLASSIC gegnheilt eikarborð
EINGÖNGU FÁANLEGT Í 160X90
Verð áður: 85.000,-
Verð nú: 51.000,-

Vegghengdur skenkur
eik/hvítt háglans
Breidd: 120cm
Verð áður: 76.000,-
Verð nú: 45.600,-



-50%

COMO TV skenkur
–hvíttuð eik
Breidd: 305cm
Verð áður: 118.000,-
Verð nú: 59.000,-



-20%

TONE
stóll
Verð áður:
9.900,-
Verð nú:
7.920,-



-20%

RENO
leðurstóll
Eingöngu fáanlegt í brúnu og hvítu
Verð áður:
16.800,-
Verð nú:
13.440,-



-20%

OTIS
leðurstóll
Eingöngu fáanlegt í svörtu og brúnu
Verð áður:
15.900,-
Verð nú:
12.720,-



-20%

ORIANA
stóll
Verð áður:
15.900,-
Verð nú:
12.720,-

## ÚTSALAN Í FULLUM GANGI 20-50% AFSLÁTTUR

-20%

FUNKIS svefnsófi
Stærð: 240x158
Svefnstæði: 138x210
Verð: 198.000,-
Tilboðsverð:
158.400,-



-20%

PALMA 4ra sæta leðursófi
Breidd: 280cm
Verð: 237.000,-
Tilboðsverð:
189.600,-





-25%

VERONICA
tungusófi
Stærð: 260X165cm
Verð: 236.000,-
Tilboðsverð:
177.000,-



-20%

EAST COAST
tungusófi
Stærð: 260X180
Verð: 236.000,-
Tilboðsverð:
188.800,-

-20%

STÓR
NEW ENGLAND
tungusófi
Stærð: 290X165cm
Verð: 245.000,-
Tilboðsverð:
196.000,-





-30%

PÚÐAR
Verð áður: 4.800,-
Verð nú:
3.360,-



-50%

LAMPI
Verð áður: 6.800,-
Verð nú: 3.400,-

**Opið mán-fös: 10.00-18.00**
**Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00**

**Ego Dekor - Bæjarlind 12**
**S: 544 4420 - www.egodekor.is**

FRAMHALD AF FORSÍÐU



Döðlufiskibollur eru með arabískum keim. Diskurinn er úr Habitat og prjónar og dúkur úr Kokku.



Yngsta kynslóðin er mjög hrifin af ostafiskibollunum, sérstaklega með smá tómatsósu líka. Diskurinn er úr Habitat.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Kókos- og sítrónubollur. Í bollunum er kókosmjólk og kókosmjöl sem gerir þær einkar mjúkar.

## FISKIBOLLUR Á FJÓRA VEGU

### GULRÓTARBOLLUR MEÐ GRASLAUK OG STEINSELJU

**1 kg hakkaður fiskur að eigin vali**
**50 g hveiti**
**2 egg**
**2 dl súrmjólk**
**1 búnt söxuð steinselja**
**1 búnt graslaukur**
**4 gulrætur**
**2 tsk. salt**
**½-1 tsk. hvítur pipar**
**smjör eða olía til steikingar**

*Sláið saman egg og súrmjólk. Blandið þurrefnunum í og hrærið fiskhakkið saman við. Saxið laukinn, steinseljuna og rífið gulræturnar og blandið varlega við deigið. Gott er að geyma deigið í lokuðu íláti í um klukkustund áður en bollurnar eru steiktar.*

### KÓKOS- OG SÍTRÓNUBOLLUR

**1 kg hakkaður fiskur að eigin vali**
**2 dl kókosmjólk**
**¼ bolli kókosmjöl**
**2 msk. mango-chutney**
**börkur af ½ sítrónu, rifinn fínt**
**smá sítrónusafi**
**3 hvítlauksrif, marin eða rifin fínt**
**búnt af fersku kóríander, smátt skorið**
**1 rautt chili, fræhreinsað og smátt skorið**
**1 tsk. salt**
**smjör eða olía til steikingar**

*Blandið vel saman kókosmjólk, mango-chutney, hvítlauk, kókosmjöli og sítrónuberki. Hrærið fiskhakkið saman við og setjið að lokum chili og kóríander varlega saman við. Steikið á pönnu; gott er að hafa bollurnar eilítið flatar.*

### FISKIBOLLUR MEÐ FRAMANDI KEIM

**1 kg hakkaður fiskur að eigin vali**
**50 g hveiti**
**4 msk. brauðrasp**
**½ bolli döðlur, saxaðar**
**3 msk. furuhnetur**
**1 egg**
**2 tsk. tabaskósósa**
**½ msk. arabískt krydd frá Pottagöldrum**
**salt og pipar**
**smjör eða olía til steikingar**

*Blandið fiskhakki, hveiti og eggi saman. Setjið því næst döðlur, furuhnetur, tabaskósósu og krydd saman við og geymið deigið í kæli í um það bil klukkustund. Mótið í bollur og steikið.*

### OSTAFISKIBOLLUR FYRIR FJÖRKÁLFA

**1 kg hakkaður fiskur að eigin vali**
**1 meðalstór laukur**
**1-2 egg**
**3-5 dl mjólk**
**3 msk. hveiti**
**3 msk. kartöflumjöl**
**sjávarsalt**
**svartur pipar**
**2 bollar af rifnum osti, Gotti er til dæmis góður**

*Blandið öllu saman í skál nema ostinum sem er hrærður síðast varlega saman við. Geymið deigið í um klukkutíma í kæli og steikið svo loks. Gott er að bera bollurnar fram með tómatsósu, sinnepi eða chili-sósu fyrir fólk með þroskaðri smekk.*








**TÓNLISTARSKÓLINN Í REYKJAVÍK** verður með tónleika í Norræna húsinu í dag klukkan 14. Nemendur skólans flytja íslenska tónlist eftir menn á borð við Atla Ingólfsson, Eyþór Stefánsson, Ríkharð Örn Pálsson, Sigfús Einarsson, Karl O. Runólfsson, Pál Ísólfsson og marga fleiri. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

**NÁMSAÐSTOÐ**
Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?
íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig • Réttindakennarar
*Nemendaþjónustan sf* www.namsadstod.is s. 557 9233

Gullsmíðaverkstæði Árna Höskuldssonar
lokar 1. mars næstkomandi

Útsala hefst mánudaginn 8. febrúar
40% afsláttur af öllum vörum

Opnunartími 13:00 til 18:00 virka daga

Árni Höskuldsson
Bergstaðastræti 4 - 101 Reykjavík - Sími: 562-0335



Lilja Steingrímsdóttir starfar sem hjúkrunarfræðingur á gjörgæsludeild Landspítalans. Hún heldur til Haítí á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Til hjálparstarfs á Haítí

**Frönskukunnátta Lilju Steingrímsdóttur hjúkrunarfræðings varð til þess að hún var beðin um að halda utan til að taka þátt í hjálparstarfi Rauða krossins á Haítí. Hún heldur af stað á morgun.**

Segja má að hrein tilviljun hafi ráðið því að Lilja Steingrímsdóttir hjúkrunarfræðingur ákvað að taka þátt í hjálparstarfi á Haítí. „Ég er með öndunarjóga á mínum vegum og var að kynna það í Rauða krossinum um daginn. Þá barst það í tal að ég væri frönskumælandi. Mér var kippt inn á teppi og ég slapp ekki út fyrr en ég var búin að sækja um að fara,“ segir Lilja glaðlega og er þakklát fyrir að geta hjálpað til.

Hún er þó ekki óvön hjálparstarfi því hún hefur tvisvar áður starfað fyrir Rauða krossinn, í Taílandi og Pakistan. „Það er nú langt síðan,“ segir hún og býst fastlega við að aðstæðurnar verði mun verri á Haítí. „Sjúkrahúsið sem ég vann á þá var byggt á gömlum grunni og þar kom fólk sem hafði stigið á jarðsprengjur og verið skotið. Það er allt annað en sá harmleikur sem dunið hefur yfir Haítí. Þar hefur fólk misst allar eigur sínar og jafnvel stóran hluta fjölskyldunnar líka. Kvölin er því bæði andleg og líkamleg,“ áréttir hún.

Lilja flýgur af stað um miðjan dag á morgun til New York og fer þaðan til Santo Domingo. „Þaðan förum við með einhverju farartæki til Port-au-Prince. Það er svo mikil örtröð á þessum litla flugvelli í borginni að aðeins fjórar flugvélar geta lent á klukkutíma og það er upppantað næstu tvo mánuðina,“ segir hún.

Lilja verður í mánuð á Haítí og er það talinn nógu langur tími fyrir eina manneskju enda eru aðstæður erfiðar og vinnan mikil. „Rauði krossinn fær um þúsund nýja sjúklinga á dag og reynir að sinna þeim eftir bestu getu,“ segir Lilja sem mun starfa í tjaldsjúkrahúsi í einum fátækasta hluta Port-au-Prince sem fór einna verst í hamförunum.

Innt eftir því hvort hún kvíði ferðalaginu segir hún það koma í bylgjum. Hún hefur þó ekki haft mikinn tíma til að velta því fyrir sér enda var brottförin ákveðin á miðvikudaginn var og ganga þarf frá mörgu og undirbúa áður en lagt er í hann. „Ég veit í raun lítið hvað ég er að fara út í. Ég hef fengið mikið af upplýsingum frá Rauða krossinum og hlutirnir eru vel skipulagðir af hans hálfu en maður veit ekkert hvernig þetta verður fyrr en komið er á staðinn,“ segir Lilja sem dags daglega starfar á gjörgæsludeild Landspítala í Fossvogi. Hún segir vinnuveitendur sína dásamlega og lítið mál hafi verið að fá leyfi til að fara.

Í dag heldur Lilja áfram að undirbúa ferðina. Eitt af verkefnunum er að setja niður í töskurnar. Hvað ætli maður þurfi að hafa með sér í slíka ferð? „Ekki mjög mikið. Bómullarföt, peysu, regnföt, góða skó því það er víst ekki góð færð í kringum vinnustaðinn, malaríuvörn, sólarvörn og slíkt því það er heitt þarna suður frá,“ telur hún upp og heldur að því búnu áfram undirbúningi ferðarinnar.

*solveig@frettabladid.is*




LAGERSALA
Gabor
Mikið úrval af dömu- og herraskóm frá Gabor.
Light Step — Götuskór
grisport — Öryggisskór
camel active — Herra-sandalar
XENA
Grensásvegi 8 - 108 Reykjavík
Allar upplýsingar í síma 517-2040

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ
Nýtt námskeið
hefst 10. febrúar n.k.

Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving
UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414

;ALLT
HEILSA
Þriðjudaga
**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473
**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427
**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447

**OPINN HLÁTURJÓGATÍMI** verður hjá Manni lifandi í dag frá klukkan 10.30 til 11.30. Hláturjóga er blanda af hláturæfingum og jógaöndun. Hláturjóga verður á dagskrá í vetur fyrsta laugardag í hverjum mánuði.






NÁMSKEIÐ Í UNGBARNANUDDI

fimmtudaginn 11 febrúar nk. kl. 14.00 fyrir foreldra ( 2ja til 8 mánaða ) ungbarna. Hefur reynst vel við kveisu lofti í þörmum og svefnvandamálum og stuðlað að tengslamyndun allhliða værð og vellíðan.

Viðurkendur ungbarnanuddkennari með yfir 20 ára reynslu. Uppl. www.heilsusetur.is og í síma 8969653

Ný og persónuleg jógastöð

JÓGA Stúdíó

Stórhöfði 17
(gengið inn um Veggsport)
Sími: 695 8464 og 772 1025
www.jogastudio.org



NÁMSKEIÐ Í BAKNUDDI
helgina 13 – 14 febrúar nk.
frá kl. 10.00 – 14.00

Verð: kr. 20.000 innifalið í verði ilmolíuflaska og mappa. Ath! aðeins 6 manns í hóp.Námskeiðið byggist upp á slökunarnuddi á bak, háls og handleggi með sérvöldum ilmkjarnaolíum. Djúp- og þrýstipunktanuddi ásamt svæðameðhöndlun. Farið í ilmolíur og góðar uppskriftir.

Upplýsingar í síma 552 1850 / 896 9653.
Sjá www.heilsusetur.is E-mail: prema@mmedia.is



Veislu- og fundarhöld
á glæsilegu sveitasetri í fallegu og afslöppuðu umhverfi.

Ef halda skal veislu, námskeið eða hópefli eru fáir staðir betur staðsettir en Grímsá sveitasetur. Tökum að okkur allar tegundir af veislum og uppákomum.

Glæsilegur salur sem tekur 10-70 manns og gisting fyrir allt að 36 manns. Í húsinu er gufubað og heitur pottur svo hægt er að slaka vel á eftir góðan dag.

Pöntunarsímar:
6180083 & 4370083
www.grimsa.is

GRÍMSÁ Veiðihús




Sonja Björk Grant, formaður Kaffibarþjónafélagsins, segir keppni í fagsmökkun á kaffi spennandi. Þátttakendur þurfa að vera með vel þjálfaða bragðlauka til að sigra í keppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Keppt í kaffismökkun

**Íslandsmótið í fagsmökkun á kaffi fer fram á kaffihúsinu Kaffismiðjunni á morgun. Sonja Björk Grant, formaður Kaffibarþjónafélagsins, segir keppnina spennandi enda sé um eins konar tímaþraut að ræða.**

Kaffibarþjónafélag Íslands stendur fyrir Íslandsmóti í fagsmökkun á kaffi sem fram fer í kaffihúsinu Kaffismiðjunni á morgun.

Þetta er í fimmta sinn sem slíkt mót er haldið hér á landi og gengur fagsmökkun út á að greina á milli tveggja kaffitegunda í svokallaðri þríhyrningssmökkun. Þátttakendur dreypa á þremur bollum sem allir innihalda kaffi, tveir bollar innihalda sömu tegund af kaffi en sá þriðji er öðruvísi. Markmið þáttakenda er að greina, með aðstoð bragð- og lyktarskyns, hver þessara þriggja er öðruvísi. Alls eru þríhyrningarnir átta talsins og er sá þátttakandi hlutskarpastur sem hefur flesta rétta á sem skemmstum tíma. Fagsmökkun er ein af fjórum kaffitengdum keppnisgreinum sem veita sigurvegara keppnisrétt á heimsmeistaramótinu sem haldið verður í London í júní.

Sonja Björk Grant, formaður Kaffibarþjónafélagsins, segir fagsmökkunina vera spennandi keppni sem gaman er að fylgjast með. „Þetta er skemmtilegt að því leyti að það eru ekki dómarar sem dæma sigurvegara heldur er þetta eins konar tímaþraut þar sem keppendur þurfa að leysa þrautina á sem skemmstum tíma. Við erum heldur ekki að gera keppendum auðveldara fyrir því oft eru kaffitegundirnar mjög líkar. Stundum er þetta hreinn kvikindisskapur og ég man eftir einu tilfelli þar sem báðar tegundirnar voru úr baunum frá Gvatemala en ekki frá sama héraðinu. Maður þarf því að vera með vel þjálfaða bragðlauka til að sigra í þessari keppni," segir Sonja Björk.

Íslendingum hefur gengið vel á heimsmeistaramótum undanfarin ár og hrepptu meðal annars annað sætið, sem er jafnframt okkar besti árangur. Sonja Björk segir Norðurlöndin ávallt standa sig vel á þessum mótum enda miklar kaffidrykkjuþjóðir.

Keppnin hefst klukkan 13 í húsnæði Kaffismiðjunnar á Kárastíg 1.

*sara@frettabladid.is*

# Ratleikur á meðal fornminja

**Á Þjóðminjasafni Íslands er að finna marga áhugaverða hluti sem gaman er að skoða með fjölskyldunni.**

Á Þjóðminjasafninu eru sérstök svæði helguð skemmtimenntun fyrir börn og fullorðna. Boðið er upp á margs konar fræðslu- og skemmtiefni fyrir fjölskyldur auk skemmtilegra leikja þar sem fjölskyldur leysa saman ýmsar þrautir eða fara í ratleiki um safnið.

Þegar búið er að skoða safnið er hægt að fá sér hressingu á kaffihúsinu Kaffitári, sem er á fyrstu hæð safnsins. Einnig er tilvalið að heimsækja safnbúðina sem býður upp á gott úrval af þjóðlegum leikföngum og bókum eða kíkja á sýninguna Ævispor, þar sem sýnd eru útsaumsverk eftir Guðrúnu Guðmundsdóttur.

„Á sunnudaginn er tveir fyrir einn á safnið og að venju er frítt inn fyrir börn. Við bjóðum upp á sérstaka barnaleiðsögn klukkan 14.00 á sunnudag þar sem farið verður um safnið og sagðar sögur af beinagrindum, vopnum og ævafornum skó. Leiðsögnin sem í boði er á sunnudaginn er ætluð börnum á aldrinum 5 til 8 ára, en auðvitað mega eldri börn koma með ef þau vilja," segir Helga Vollertsen, kynningarstjóri Þjóðminjasafnsins. Slík barnaleiðsögn fer fram fyrsta sunnudag hvers mánaðar og að sögn Helgu hefur leiðsögnin ávallt verið vel sótt.

Fjölskyldur geta einnig tekið þátt í skemmtilegum ratleik sem hægt er að nálgast í afgreiðslu safnsins og heimsótt skemmtiherbergið þar sem börn og fullorðnir geta meðal annars mátað herklæði og aðra búninga. Þegar búið er að skoða safnið er hægt að heimsækja safnbúðina og kaupa gamaldags bolluvönd eða öskupoka.

*- sm*



Að sögn Helgu Vollertsen er ýmislegt í boði fyrir fjölskyldur á Þjóðminjasafninu, þar á meðal skemmtilegur ratleikur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


;ALLT TÍSKA

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447



Regína gefur Þengli Ólafssyni að smakka Ísfólksís en hann var mættur til að kynna sér nýja staðinn. Jósep, eiginmaður og meðeigandi Regínu, náðist ekki á mynd enda önnum kafinn við að afgreiða ísþyrsta Grafarvogsbúa. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fyrsta ísbúðin í Grafarvogi

**Um helgina verður formleg opnun á fyrstu ísbúðinni í Grafarvogi en hún hefur fengið nafnið Ísfólkið-ísbúðin okkar. Nafnið hefur eflaust tvöfalda merkingu í huga sumra og er Þengill Ólafsson einn þeirra.**

Verslunin Ísfólkið-ísbúðin okkar í Spönginni í Grafarvogi hefur verið opin í nokkra daga en um helgina verða opnunartilboð og annað húllumhæ. Hjónin Jósep Grímsson og Regína Ómarsdóttir eru eigendur búðarinnar en þetta er frumraun þeirra í ísbúðarrekstri. „Við vildum fara varlega af stað enda hefur hvorugt okkar komið nálægt svona rekstri. Við auglýstum lítið sem ekkert áður en við tókum úr lás síðastliðinn sunnudag en viðtökurnar hafa verið framar vonum. Hér í þessu átján þúsund manna hverfi hefur aldrei verið alvöru ísbúð og er ljóst að íbúar eru ánægðir með framtakið,“ segir Jósep.

Jósep og Regína leggja leið sína í Spöngina á hverjum degi og höfðu lengi horft á húsnæðið þar sem ÁTVR var áður til húsa standa autt. „Þegar ég missti vinnuna í vetur sem sölu- og markaðsstjóri hjá Ofnasmiðjunni með fimm börn á heimilinu rann á okkur eitthvað brjálæði og hófust samningaumleitanir við húseigandann.“

Búðin var standsett á 28 dögum og þó hún sé öll hin glæsilegasta segjast þau hjónin hafa reynt að stíga varlega til jarðar. „Þótt afgreiðsluborðið, sem er kolsvart með glansandi plexí-plötum, líti út fyrir að kosta milljón þá er raunin sú að ég smíðaði það ásamt vini mínum með umtalsvert minni tilkostnaði. Þá erum við með myndir á veggjunum af fjölskyldunni að borða ís og reynum að hafa umhverfið persónulegt og hlýlegt en auk íssins verður hægt að fá sér kaffi, heimabakað bakkelsi og smurbrauð á staðnum.“

Jósep og Regínu langar sérstaklega að bjóða þingmenn velkomna í búðina um helgina til að sýna þeim að enn sé framtakshugur í fólki. „Tveir þeirra, þeir Sigmundur Ernir Rúnarsson og Guðlaugur Þór Þórðarson, búa í hverfinu og ætti þeim nú að renna blóðið til skyldunnar,“ segir Jósep og hlær.

Samvinnan hjá þeim hjónum hefur gengið vonum framar en það eina sem þau gátu ekki komið sér saman um var nafnið á búðinni. „Ég vildi láta hana heita Ísfólkið en Regína vildi Ísbúðin okkar og varð lendingin sú að skeyta þessu saman.“ Ísfólkið hefur eflaust tvöfalda merkingu í huga margra og þá sérstaklega þeirra sem hafa spænt í sig bækur Margit Sandemo um hina töfrum gæddu Ísfólksætt. Höfuð ætarinnar, Þengill, leikur þar stórt hlutverk og þegar ljósmyndari Fréttablaðsins mætti á staðinn vildi svo til að Þengill nokkur Ólafsson var einmitt á staðnum. Hann fékk að sjálfsögðu ókeypis ís.

*vera@frettabladid.is*



Berljót Rist segir margt ungt fólk hafa áhuga á hestaíþróttum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Búa til hestanammi

**Æskulýðsnefnd hestamannafélagsins Fáks stendur fyrir hestanammigerðardegi á morgun.**

„Við stöndum fyrir þessari uppákomu til að skemmta hestafólki framtíðarinnar. Krökkunum finnst þetta voða mikið sport,“ segir Bergljót Rist, sem situr í æskulýðsnefnd Hestamannafélagsins Fáks. Nefndin stendur fyrir hestanammigerðardegi á morgun annað árið í röð.

Börn sem eru skráð félagar í Fáki geta mætt í félagsheimilið og búið til bollur handa hestum. Bollurnar eru búnar til úr hráefni sem félagið útvegar, eins og til dæmis höfrum, vatni og fleiru. Nammigerðarfólkið tekur svo bollurnar heim með sér og eldar þær. Félagið hefur einnig fest kaup á litlum boxum sem krakkarnir geta svo skreytt, málað á þau myndir, sett á þær límmiða, glimmer, slaufur, borða og þar fram eftir götunum.

„Nammið er hugsað sem verðlaun fyrir hestana,“ segir Bergljót. Ef þeir hafa gert eitthvað vel þá er kjörið að verðlauna þá með smá nammi endrum og eins. Boxin sem krakkarnir skreyta verða persónuleg og flott og geta nýst undir eitthvað annað í framtíðinni, til dæmis kamba eða eitthvað slíkt.“

Bergljót segir mikinn áhuga á hestaíþróttum hjá ungu fólki í dag. „Það er dálítið magnað að geta iðkað svona sveitasport á höfuðborgarsvæðinu. Það er líka mjög skemmtilegt hvernig hestarnir brúa kynslóðabilin. Krakkar geta auðveldlega farið á hestbak með ömmu sinni, en þeir fá ekki ömmu með sér út í handbolta svo glatt,“ segir Bergljót Rist.

Nánari upplýsingar um námskeiðið er að finna á www.fakur.is.

*- kg*

Skákíþróttin á auknu fylgi að fagna hjá ungu kynslóðinni og stúlkum hefur fjölgað mjög í greininni. Einstaklingskeppni Íslandsmóts stúlkna í skák verður haldin í dag í Grunnskólanum í Borgarnesi og hefst hún klukkan 13. Á mótinu keppa stúlkur á grunnskólaaldri. Íslandsmót grunnskólasveita í stúlknaflokki fer síðan fram á sunnudag í Salaskóla í Kópavogi. Mótið hefst klukkan 14.



www.skessuhorn.is

;ALLT HEILSA Þriðjudaga

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

VIÐ HÆTTUM MEÐ SUNDFATNAÐ OG ÞVÍ ER HANN Á HÁLFVIRÐI



teg. Pina Colada - BH áður kr. 6.850,- nú kr. 3.425,- buxur áður kr. 3.990,- nú kr. 1.995,- ATH. AÐ MESTU BARA STÓRAR SKÁLASTÆRÐIR.
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 2070
Sími 551 3366.
Opið mán.-fös. 10-18,
laugard. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

vísir.is „...ég sá það á vísi"

MÖGNUÐ ÚTSALA
Allt að 70%
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422

Ferming 2010
Glæsilegt úrval af fermingakjólum



Kjóll kr. 14.900 ►
◄ Kjóll kr. 9.900
Leggings kr. 3.990
Ermar kr. 3.990
COSMO
Kringlunni

;ALLT Á FERÐINNI
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

# Framkvæmdastjóri MP Sjóða

Við viljum ráða framkvæmdastjóra með reynslu af fjárfestingum og störfum á verðbréfamarkaði. Viðkomandi þarf að hafa ríka ábyrgðartilfinningu, frumkvæði og góða samskiptahæfileika. Hæfni til að greina viðskiptatækifæri og stýra þróun og eflingu framboðs sjóða er einnig skilyrði.

**Helstu verkefni**
- Rekstur og fjárfestingar sjóða
- Mat viðskiptatækifæra og greining samkeppnismöguleika
- Þátttaka í mótun fjárfestingastefnu sjóðanna

**Menntunar og hæfniskröfur**
- Mikil reynsla af störfum á verðbréfamarkaði, þ.m.t. reynsla af eignastýringu
- Háskólamenntun á sviði verkfræði, hagfræði og/eða viðskipta
- Próf í verðbréfaviðskiptum í samræmi við 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Góðir samskiptahæfileikar

MP sjóðir eru með 7,4 milljarða í stýringu en ríkisskuldabréfasjóður MP hóf starfsemi í nóvember 2008. MP Sjóðir hf., sem er dótturfélag MP Banka hf., er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfa- og fjárfestingarsjóða skv. 7. tölul. og b-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. og 1.-3. tölul. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Starfsleyfið tekur til reksturs verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu skv. 7. tölul. 1. mgr. 3. gr. og til eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar og vörslu og stjórnunar fjármálagerninga í sameiginlegri fjárfestingu skv. 1.-3. tölul. 27. gr. laga nr. 161/2002. MP Sjóðir hf. hafa útvistað hluta af daglegum rekstri til MP Banka hf. á grundvelli 18. gr. laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, nr. 30/2003.

Nánari upplýsingar veitir Hildur Þórisdóttir, starfsmannastjóri MP Banka, hildur@mp.is. Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar n.k.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu MP Banka, www.mp.is/starfsumsokn eða senda umsóknir á starf@mp.is.

MP SJÓÐIR

**Ármúla 13a · www.mp.is**

# SPENNANDI STÖRF HJÁ TRAUSTU FYRIRTÆKI




Hjá Eimskip starfar fjölbreyttur og skemmtilegur hópur öflugra starfsmanna og nú leitum við að einstaklingum til að slást í þann hóp og takast á við spennandi framtíðarstörf.

## Vélstjóri á flutningaskip

Eimskip vill ráða vélstjóra með full réttindi á skip félagsins. Almennt gildir að siglt er í 2 vikur og frí í 2 vikur. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Full réttindi STCW samkvæmt reglum III/1, III/2 og III/3
- Nauðsynlegt að geta unnið undir álagi
- Jákvæðni og þjónustulund
- Íslenskukunnátta

Einnig er möguleiki á ráðningum í stöður vélstjóra með minni réttindi, STCW III/3.

## Ráðgjafi í flugþjónustu

Vegna aukinna umsvifa leitum við að ráðgjafa í sölu og þjónustu flugflutninga sem er hluti af þjónustu innflutningsdeildar. Ráðgjafi í flugþjónustu ber ábyrgð á faglegri ráðgjöf, sölu, tengslum við viðskiptavini og heildarþjónustu vegna flugþjónustu Eimskips.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Færni í mannlegum samskiptum og framúrskarandi góð þjónustulund
- Hröð og nákvæm vinnubrögð
- Frumkvæði og skipulagshæfileikar
- Góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta

Eimskip býður alhliða flugþjónustu við inn- og útflytjendur í samstarfi við DB Schenker.

## Verkefnastjóri í upplýsingatækni

Upplýsingatæknideild ber ábyrgð á rekstri upplýsingatæknikerfa Eimskips. Helstu verkefni verkefnastjóra eru þróun og viðhald á samþættingarlausnum og innleiðing á SAP PI, auk þess að sinna gæðaeftirliti á núverandi lausnum í Web Methods og samskiptum við verktaka.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á svið kerfis- eða tölvunarfræði
- Verkefnastjórnun
- Þekking á SAP viðskiptakerfi
- Mjög góð enskukunnátta í rituðu og töluðu máli

## Bifvélavirki

Á vélaverkstæði Eimskips á Húsavík annast bifvélavirkjar véla- og tækjaviðgerðir á eignum Eimskips víðsvegar af landinu. Fyrir réttan aðila er í boði fjölbreytt og krefjandi framtíðarstarf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Meistarapróf í bifvélavirkjun er æskilegt
- Reynsla af viðgerðum á tækjum og vögnum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð þjónustulund og jákvæðni
- Íslenskukunnátta

Nánari upplýsingar um störfin veita:
Guðni Sigurmundsson í síma 525 7162
og Sigríður Guðmundsdóttir í síma 525 7364.

Umsóknarfrestur fyrir öll störfin er til 16. febrúar 2010. Hreint sakavottorð er skilyrði fyrir ráðningu í starf hjá Eimskip.

Umsóknir óskast fylltar út á www.eimskip.is. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

EIMSKIP
*Yfir hafið og heim*

PIPAR\TBWA • SÍA • 100322



# Vantar þig góða vinnu í sumar?

**Norðurál á Grundartanga óskar að ráða metnaðarfullt og duglegt fólk af báðum kynjum í sumarafleysingar í framleiðslustörf og rafvirkja- og vélvirkjastörf**

**Í framleiðslunni** er unnið á vöktum allan sólarhringinn. Hver vaktalota er 4-5 dagar í senn, svo er 4-5 daga frí, þar af eru tvö 5 daga helgarfrí í mánuði. **Kröfur:** Bílpróf Stundvísi • Heiðarleiki • Góð samskiptahæfni • Sjálfstæð vinnubrögð • Sterk öryggisvitund • Hreint sakavottorð.

**Rafvirkja- og vélvirkjastörfin** eru flest dagvinnustörf. **Kröfur:** Sömu kröfur og fyrir framleiðslustörfin en að auki þarf sveinspróf í vélvirkjun eða rafvirkjun. Einnig nægir að umsækjandi sé kominn vel á veg með sveinspróf • Reynsla af vinnu í iðnaðarumhverfi eða við sambærileg störf æskileg • Kunnátta í ensku og almennri tölvunotkun æskileg.

**Hvernig sækir þú um?** Vinsamlega sendu okkur umsókn þína ***fyrir 14. febrúar n.k.*** Þú getur sótt um á vef fyrirtækisins, www.nordural.is, eða póstlagt umsóknina merkta: ***Sumarstarf***.

**Trúnaður:** Við förum með umsókn þína sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað.

**Jafnrétti:** Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna til starfa hjá Norðuráli.

**Ferðir:** Í boði eru fríar ferðir til og frá Grundartanga.

Lágmarksaldur er 18 ár og þurfa viðkomandi að geta unnið samfellt í a.m.k. tvo og hálfan mánuð. Allir nýir starfsmenn Norðuráls þurfa að standast lyfjapróf áður en þeir hefja störf.

**Nánari upplýsingar veita:** Jóna Björk Sigurjónsdóttir og Halla Kjartansdóttir í síma 430 1000.

NORÐURÁL
Century ALUMINUM

Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is

---

## Ferðaþjónustan Snjófell auglýsir eftir starfsmönnum í sumar

Starfstímabil 15 maí–15 ágúst.
• Matreiðslumann, matráð
• Starfsfólk í þjónustustörf. Lágmarksaldur 18 ár. Reynsla skilyrði.

Húsnæði og fæði á staðnum.
Sendið ferilskrá á: snjofell @hringhotels.is
eða hringið í síma 865-3459

---

Veðurstofa Íslands

## Sérfræðingur
### á sviði ofanflóða

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing við Snjóflóðasetur Veðurstofunnar á Ísafirði. Um er að ræða framtíðarstarf.

**Starfssvið**
Rannsóknir, öflun og skipulagning rannsóknarverkefna á sviði ofanflóðamála, auk verkefnisstjórn slíkra verkefna. Sérfræðingurinn mun m.a. vinna að sértæku rannsóknarverkefni er nær til tölfræðilegrar rannsóknar á snjóflóðagögnum þar sem notast er við líkan sem reiknar flæði snjóflóða.

**Menntun og hæfniskröfur**
- Meistara- eða doktorspróf í raunvísindum eða verkfræði
- Farsæl reynsla af rannsóknum og verkefnisstjórnun í sambærilegum verkefnum
- Skipulögð vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Færni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvukunnátta, þá sér í lagi forritunarkunnátta
- Góð færni í töluðu og rituðu máli á íslensku og ensku æskileg
- Reynsla af útivist við íslenskar vetraraðstæður er kostur

Á Snjóflóðasetri Veðurstofunnar á Ísafirði eru sjö starfsmenn. Setrið er í Vestrahúsinu þar sem einnig eru fjölmargar aðrar rannsóknarstofnanir og Háskólasetur Vestfjarða.

Um er að ræða fullt starf og fara launin eftir kjarasamningi ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veita Harpa Grímsdóttir útibússtjóri Snjóflóðaseturs (harpa@vedur.is, s. 8430413), Jórunn Harðardóttir, framvæmdastjóri Úrvinnslu- og rannsóknarsviðs (jorunn@vedur.is, s. 8628323) og Borgar Æ. Axelsson mannauðsstjóri (borgar@vedur.is, s. 5226000).

**Umsóknarfrestur er til og með 21. febrúar 2010.**

Umsóknir sem greina frá menntun, reynslu og fyrri störfum skulu berast Borgari Ævari Axelssyni, Bústaðavegi 9, 150 Reykjavík eða í tölvupósti á netfangið borgar@vedur.is merkt „Sérfræðingur á snjóflóðasetri".

---

Capacent Ráðningar

## VERKEFNASTJÓRI RÁÐSTEFNUHALD

Portus ehf. sér um uppbyggingu og rekstur Hörpu: Tónlistar- og ráðstefnuhússins í Reykjavík. Rekstrarfélagið Ago ehf. sem er dótturfélag Portus mun sjá um rekstur hússins. Eignarhaldsfélagið er Austurhöfn-TR ehf. sem er í eigu ríkis og Reykjavíkurborgar.

**Portus ehf. auglýsir laust til umsóknar starf verkefnastjóra í ráðstefnuhaldi í Hörpu: Tónlistar- og ráðstefnuhúsinu í Reykjavík. Leitað er að hugmyndaríkum, metnaðarfullum og drífandi einstaklingi sem hefur áhuga á að starfa í fjölbreyttu og krefjandi starfsumhverfi.**

Verkefnisstjóri starfar í teymi verkefnisstjóra, þar sem hver hefur sitt svið, en allir vinna saman að verkefnum þegar þörf er á. Verkefnisstjórar fylgja verkefnum sínum eftir frá upphafi til enda og stýra allri framkvæmd þeirra, fá undirbúningsstigi til uppgjörs. Viðkomandi verkefnisstjóri í ráðstefnuhaldi þyrfti að hefja störf sem allra fyrst og vinna að skipulagi ráðstefnuhaldsins og öflun ráðstefna. Eftir opnun hússins breytist því eðli starfsins og getur vinnutími þá verið mjög óreglulegur.

**Starfssvið**
- Öflun nýrra viðskipta fyrir Hörpu
- Samskipti við innlenda sem erlenda samstarfsaðila
- Gerð tilboða og samninga
- Bókun, skipulag og framkvæmd viðburða í samstarfi við verkkaupa
- Þátttaka í áætlanagerð
- Dagleg verkefnastjórn eftir að húsið opnar
- Önnur verkefni sem framkvæmdastjóri felur viðkomandi

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Umfangsmikil reynsla innan ráðstefnu- og ferðaþjónustugeirans
- Góð tengsl innan ráðstefnu- og ferðaþjónustugeirans
- Reynsla af erlendum samskiptum
- Reynsla af samningagerð
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 14. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# INNKAUPASTJÓRI SÉRVÖRU

Samkaup

Samkaup hf. er framsækið verslunarfyrirtæki sem starfrækir 48 verslanir víðsvegar um landið. Meðal vörumerkja verslana Samkaupa hf. eru Nettó, Kaskó, Samkaup Úrval og Samkaup Strax. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Reykjanesbæ.

**Samkaup leitar að innkaupastjóra sérvöru. Innkaupastjóri sérvöru ber ábyrgð á innkaupum, verðlagningu, vöruvali, sölu og markaðsmálum á vörum frá innlendum og erlendum sérvörubirgjum. Innkaupastjóri sér til þess að útlit sérvörudeilda sé eins og best verður á kosið. Innkaupastjóri upplýsir starfsfólk verslana um nýja samninga og áherslur í sérvörudeildum fyrirtækisins. Viðkomandi ber ábyrgð á birgðum, eftirliti með innkaupsverði og vöruflæði.**

**Helstu verkefni**
- Samskipti við birgja
- Skipulag á innkaupum og pöntunum á sérvöru
- Sölu- og framlegðargreining á sérvöru ásamt ábyrgð á vöruvali
- Rýmisstjórnun sérvörudeilda
- Skipulagning markaðsátaka
- Tilboðsgerð sérvöruflokka
- Eftirfylgni birgðargreiningar á sérvöru
- Miðlun upplýsinga um nýskráningu vara til umsjónarmanns vörukerfis
- Greining á samkeppnisaðilum og samskipti við verslanir

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af innkaupum eða sambærilegu starfi er kostur
- Styrkleikar í mannlegum samskiptum og sjálfstæð vinnubrögð
- Skipulagshæfni, reglusemi og árvekni eru mikilvægir eiginleikar
- Vilji og geta til að vinna undir álagi

**Viðkomandi starfsmaður mun hafa starfstöð í Reykjanesbæ. Boðið er uppá góðan starfsanda í skemmtilegu og krefjandi umhverfi. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.**

Umsjón með starfinu hafa Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 14. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# VILTU FRAMLEIÐA KAFBÁT?

GAVIA AUTONOMOUS UNDERWATER VEHICLES

Hafmynd ehf. þróar og framleiðir djúpfarið Gavia, sem er ómannað djúpfar ætlað til neðansjávar rannsókna- og eftirlitsstarfa af ýmsum toga, til dæmis á vettvangi olíu- og gasiðnaðar, til varnarmála s.s. sprengjuleitar, sem og til vísindastarfa á borð við neðansjávarrannsóknir á hafsbotni. Þróun djúpfarsins hófst í samvinnu við Háskóla Íslands árið 1997. Nú eru notendur Gavia á þriðja tug talsins víðsvegar um heiminn. Árið 2007 hlaut Hafmynd ehf. Nýsköpunarverðlaun Rannís og Útflutningsráðs.

**Hafmynd óskar eftir að ráða þrjá starfsmenn í þróunardeild og einn starfsmann í samsetningu og viðhald á djúpfarinu Gavia.**

## HUGBÚNAÐARMAÐUR

**Starfsmaður óskast í Þróunardeild til að taka þátt í þróun djúpfarsins Gavia.**

**Starfssvið**
- Hugbúnaðargerð í stýrikerfi djúpfarsins Gavia
- Þróun á hugbúnaði
- Innleiðing á nýjum nemum í djúpfarið og nýrri virkni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærilegum greinum, framhaldsmenntun er mikill kostur
- Gott vald á C, C++ og Python
- Þekking/reynsla af embedded forritun
- Góð enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Öguð og skipulögð vinnubrögð
- Þekking á rafrásum og eða vélahönnun er kostur

## HUGBÚNAÐARPRÓFUN

**Starfsmaður óskast í Þróunardeild til að taka þátt í þróun djúpfarsins Gavia.**

**Starfssvið**
- Týpuprófanir og gæðaeftirlit með afurðum þróunardeildar
- Hugbúnaðarprófun og skjalagerð
- Umsjón með útgáfu skjala s.s. prófunarskjala í hugbúnaði og leiðbeiningum (fyrir framleiðsludeild og notendur)
- Þátttaka í mótun prófunarferla þróunar- og framleiðsludeildar

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærilegum greinum, framhaldsmenntun er mikill kostur
- Reynsla af útgáfustjórnun og týpuprófunum á hugbúnaði
- Þekking/reynsla á C++ og Python æskileg
- Góð enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Öguð og skipulögð vinnubrögð
- Þekking á rafrásum og eða vélahönnun er kostur

## RAFEINDAVIRKI

**Starfsmaður óskast í Framleiðsludeild til að taka þátt í samsetningu djúpfara og viðhaldi þeirra.**

**Starfssvið**
- Samsetning djúpfara
- Framleiðsluprófanir
- Viðhald og viðgerðir á djúpförum

**Þekking/reynsla**
- Rafeindavirkjun eða sambærileg menntun
- Reynsla af samsetningu rafeindabúnaðar kostur
- Vandvirkni og fagmennska skilyrði
- Góð enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

## RAFMAGNSVERKFRÆÐINGUR

**Starfsmaður óskast í Þróunardeild til að taka þátt í hönnun og endurbótum á rafrásum djúpfarsins.**

**Starfssvið**
- Hönnun rafrása
- Hönnun frumgerða og prófanir
- Innleiðing nýrra nema í djúpfarið
- Skjalagerð og undirbúningur afurða til framleiðslu

**Þekking/reynsla**
- Háskólapróf í smástraumsverkfræði eða sambærileg menntun, framhaldsmenntun mikill kostur
- Reynsla af rafrásahönnun kostur
- Þekking á Orcad hugbúnað eða sambærilegum hönnunartólum
- Þekking á hugbúnaðargerð er kostur
- Góð enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Vandvirkni, skipulagshæfni og metnaður skilyrði

Umsjón með störfunum hafa Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 14. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

MARORKA

# Verkfræðingur og prófari

**Vegna aukinna umsvifa leitar Marorka að tveimur nýjum liðsmönnum í öflugan og samheldinn hóp starfsmanna fyrirtækisins. Annars vegar er um að ræða starf verkfræðings á orkustjórnunarsviði og hins vegar starf hugbúnaðarprófara á vöruþróunarsviði.**

## Verkfræðingur á orkustjórnunarsviði

Starfssvið:

- Innleiðing á orkustjórnunarkerfi Marorku um borð í skipum
- Framleiðsla á orkustjórnunarkerfi Marorku
- Tækniþróun á vörum Marorku

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistarapróf í verkfræði með áherslu á rafeindatækni, iðnmenntun kostur
- Þekking á skiparekstri og vélbúnaði um boð í skipum
- Framúrskarandi tölvukunnátta, sér í lagi uppsetning á tölvum
- Öguð, vönduð og sjálfstæð vinnubrögð
- Sýnir frumkvæði í starfi en á um leið auðvelt með teymisvinnu
- Góð enskukunnátta

Nánari upplýsingar veitir Anna Karlsdóttir, framkvæmdastjóri orkustjórnunarsviðs.

## Hugbúnaðarprófari á vöruþróunarsviði

Starfssvið:

- Undirbúningur og framkvæmd prófana á hugbúnaði í þróun. Unnið er eftir Scrum aðferðarfræðinni Í Windows og SQLServer umhverfi

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði hugbúnaðarprófana og/eða víðtæk starfsreynsla á því sviði
- Öguð, vönduð og sjálfstæð vinnubrögð
- Sýnir frumkvæði í starfi en á um leið auðvelt með teymisvinnu
- Góð enskukunnátta

Nánari upplýsingar veitir Ari Vésteinsson, framkvæmdastjóri vöruþróunarsviðs.



Marorka er stoltur handhafi Norrænu umhverfisverðlaunanna

**Umsóknir með ferilskrám og upplýsingum um hvenær umsækjandi getur hafið störf sendist á careers@marorka.com. Umsóknarfrestur er til 14. febrúar n.k.**

**Marorka er öflugt, ISO 9001 vottað sprotafyrirtæki sem býður einstakar lausnir á heimsvísu varðandi orkustjórnun í skipum. Lausnir Marorku eru notaðar daglega um allan heim og leiða til hagkvæmari orkunýtingar og minni mengunar.**

**Við bjóðum starfsmönnum okkar krefjandi og spennandi verkefni í alþjóðlegu fyrirtæki, sveigjanlegan vinnutíma, fjölskylduvænt starfsumhverfi og þátttöku í áframhaldandi uppbyggingu hátæknifyrirtækis.**

**Marorka | Borgartúni 20 | 105 Reykjavík | Sími 582 8000 | marorka@marorka.com**

---

Grunnskólinn í Hveragerði

Víska Íðsýni Virðing Vandvirkni

# FRÁ GRUNNSKÓLANUM Í HVERAGERÐI

Við Grunnskólann í Hveragerði eru lausar kennarastöður. Meðal kennslugreina eru textílmennt og sérkennsla.

**Upplýsingar gefur skólastjóri í síma 483-4350.**

*Skólastjóri*

---



# ERTU GÓÐUR SÖLUMAÐUR?

Forlagið óskar eftir öflugu símasölufólki til starfa á kvöldin.

**Mikið úrval af góðum og sölulegum bókum. Góðir tekjumöguleikar.**

**Áhugasamir hafi samband við Snorra Ingason sölustjóra í síma 575 5600 eða með því að senda tölvupóst á snorri@forlagid.is**

FORLAGIÐ www.forlagid.is

---

» **Ráðningarþjónusta**

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.




## » Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
  Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
  Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
  Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
  Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
  Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
  Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
  Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
  Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við störfum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

Framtakssjóður Íslands slhf er samlagshlutafélag lífeyrissjóðanna. Markmið félagsins er að taka þátt í fjárhagslegri og rekstrarlegri endurreisn íslensks atvinnulífs og um leið ná vænlegri arðsemi á fjárframlög sjóðanna. FSÍ mun fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum sem eiga sér vænlegan rekstrargrundvöll.

FSÍ mun taka þátt í stærri fjárfestingum sem stuðla að hagræðingu eða samruna fyrirtækja, innan þeirra marka sem samkeppnissjónarmið leyfa, og leitast við að stuðla að skráningu hlutafélaga á almennum hlutabréfamarkaði.

# Verkefnastjóri/sérfræðingur

**Framtakssjóður Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing til að leggja mat á fjárfestingarkosti og fylgja eftir fjárfestingum sjóðsins.**

**Helstu verkefni**
- Meta viðskiptatækifæri og greina samkeppnishæfni og framtíðarmöguleika þeirra
- Undirbúa og leggja fyrir tillögur um fjárfestingar
- Taka þátt í samningaviðræðum um fjárfestingar
- Rekstrarleg eftirfylgni, aðstoð við hlutdeildarfyrirtæki og seta í stjórnum
- Þátttaka og undirbúningur í söluferli fjárfestinga

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, á sviði verkfræði og/eða viðskiptafræði eða tengdra greina
- Reynsla af greiningu á rekstri fyrirtækja og fjárfestingum
- Þekking og/eða reynsla af yfirtökum og sameiningu fyrirtækja er æskileg
- Frjó og skapandi hugsun ásamt góðum samskiptahæfileikum
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi

**Nánari upplýsingar veitir:**
Þórir Þorvarðarson,
thorir@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 21. febrúar nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



# *Viltu vera í okkar liði?*

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Actavis hf. er eitt af dótturfyrirtækjum samstæðunnar og er framleiðslueining fyrirtækisins hér á Íslandi. Fyrirtækið er staðsett í Hafnarfirði og hjá okkur starfa um 290 starfsmenn, flestir á framleiðslu- og gæðasviðum.

## *Við leitum að konum jafnt sem körlum í eftirfarandi störf:*

*Starf í töfludeild* - Í töfludeild fer fram lyfjablöndun sem felur í sér vigtun, blöndun og frumvinnslu hráefna. Einnig sér töfludeild um framleiðslu á töflum og hylkjum. Í starfinu felst samsetning á vélum, skýrslugerð og skjalfesting. Unnið er eftir vaktafyrirkomulagi.

**Ef þú ert…**
- hress og jákvæð/ur
- stundvís
- samviskusöm/samur og getur tileinkað þér nákvæm vinnubrögð
- verklagin/n
- með grunnþekkingu í ensku
- góð/ur í að vinna í hópi

**…þá bjóðum við**
- snyrtilegan og öruggan vinnustað
- fjölskylduvænt starfsumhverfi
- góðan starfsanda
- gott mötuneyti
- fræðslu og þjálfun
- iðjuþjálfa, hjúkrunarfræðinga og lækni sem sinna heilsuvernd starfsmanna
- árlegan styrk til íþróttaiðkunar auk fræðslustyrks
- öflugt starfsmannafélag

*Sérfræðingur í framleiðslueftirlitsdeild* - Framleiðslueftirlitsdeild sér um að útbúa og yfirfara vinnulýsingar og leiðbeiningar fyrir pökkunar- og töfludeild og hefur eftirlit með framleiðslunni.

**Helstu verkefni eru:**
- Afgreiðsla frávika í pökkun
- Viðvera og aðstoð við að leysa gæðavandamál í pökkun
- Gerð skriflegra leiðbeininga og staðfestingarskjala
- Masteragerð fyrir pökkun
- Þjálfun starfsmanna í skriflegum leiðbeiningum er varða pökkun
- Að fylgjast með framleiðsluháttum og gerð athugasemda við það sem betur má fara
- Þátttaka í innri úttektum og óreglubundnu eftirliti
- Úrbætur á ferlum pökkunar

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði raunvísinda
- Sjálfstæði og metnaður í starfi
- Góð samskiptahæfni og frumkvæði
- Góð ensku- og tölvukunnátta

Nánari upplýsingar veitir **Jenný Sif Steingrímsdóttir**, jsteingrimsdottir@actavis.is.
Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir **Störf í boði** fyrir **14. febrúar nk.**

Actavis hf. Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is

actavis

vodafone

# Áhugavert starf

## Sérfræðingur á tæknisviði

Ábyrgðarfullur og metnaðargjarn starfsmaður óskast til starfa við gagnaflutningsnet Vodafone. Starfið felur í sér uppsetningu og rekstur MPLS/IP/Ethernet flutningsneta, eldveggja og annarra flutningskerfa Vodafone. Vodafone rekur Cisco MPLS, IP og Ethernet flutningsnet, NG-SDH flutningsnet og ATM flutningsnet.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Þriggja ára reynsla af rekstri fjarskiptabúnaðar
- Haldgóð þekking á rekstri búnaðar frá Cisco
- Háskólamenntun í verkfræði eða tæknifræði

**Í boði er spennandi starf við eitt flottasta fjarskiptakerfi landsins. Nánari upplýsingar veita Pálmi Sigurðsson deildarstjóri, palmis@vodafone.is og Sonja M. Scott starfsmannastjóri, sonjas@vodafone.is**

**Umsóknir óskast sendar um vodafone.is fyrir 15. febrúar næstkomandi.**

**Við bjóðum gott fólk velkomið í skemmtilegan hóp starfsmanna sem setur viðskiptavininn í fyrsta sæti!**

power to you



AIR ATLANTA ICELANDIC

## Laus störf hjá Air Atlanta Icelandic

### Flugvirkjar

Laus eru til umsóknar störf flugvirkja í skipulags- og verkfræðideild félagsins.
Laun skv. kjarasamningi Air Atlanta Icelandic og FVFÍ. Um fullt starf er að ræða.

### Ferðadeild

Laust er til umsóknar starf í ferðadeild fyrirtækisins. Leitað er að einstaklingi með reynslu af bókunum viðskiptaferða, kunnáttu á Amadeus, góða almenna tölvuþekkingu og mjög góða enskukunnáttu. Um fullt starf er að ræða.

### Áhafnaskrá (Crewing)

**Helsu verkefni:**

- Eftirlit með að fylgt sé stöðlum varðandi vinnutíma flugáhafna og bregðast við og leysa breytingar sem koma upp án fyrirvara (flugum aflýst, veikindi áhafnameðlina o.s.frv.) með því að skipuleggja breytta áætlun.
- Skráning í gagnagrunn (RM-kerfi)
- Samskipti við flugáhafnir
- Dagleg samskipti við útstöðvar
- Um fullt starf er að ræða

**Hæfniskröfur:**

- Góð tölvukunnátta og hæfileiki til að tileinka sér nýjungar
- Frábær enskukunnátta (lesa, skrifa, tala)
- Stúdentspróf eða sambærilegt.
- Reynsla af störfum í fluggeiranum er kostur

**Eingöngu verður tekið við umsóknum á tölvupóstfang starfsmannasviðs; hr@airatlanta.com fyrir 15. febrúar 2010.**

Laust starf hjá Lyfjastofnun

## Sérfræðingur á sviði upplýsinga og skjalavistunar

**Lyfjastofnun óskar eftir að ráða metnaðarfullan og drífandi starfsmann til starfa. Í boði er fjölbreytt og krefjandi starf.**

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun á sviði upplýsinga og skjalavistunar
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Reynsla í skjalastjórnun nauðsynleg
- Reynsla af mannaforráðum æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvufærni
- Góð íslenskukunnátta
- Góð enskukunnátta nauðsynleg

**Helstu verkefni eru m.a.:**

- Uppbygging nýrrar þjónustudeildar
- Skipulag skjala/-gagnageymslu stofnunarinnar
- Þróun verkferla í samstarfi við önnur svið stofnunarinnar
- Þátttaka í þróun skjala og upplýsingamála stofnunarinnar
- Önnur tilfallandi störf

**Upplýsingar um starfið gefur Þórhallur Hákonarson, fjármálastjóri, sími 520 2100. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Umsókn um starfið óskast send, ásamt upplýsingum um fyrri störf og meðmælum, til Lyfjastofnunar merkt: Starfsumsóknir**

**Umsóknarfrestur er til og með 21. febrúar 2010.**
**Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**
**Umsóknareyðublað ásamt nánari upplýsingum um Lyfjastofnun má finna á vefsíðu stofnunarinnar www.lyfjastofnun.is**



# Innkaupa- og birgðastjóri

Skólamatur ehf. óskar eftir að ráða öflugan einstakling í stöðu innkaupa- og birgðastjóra. Viðkomandi þarf að hafa menntun á sviði vörustjórnunar/viðskipta og hafa góða reynslu og þekkingu á matvæla-/veitingageiranum. Eingöngu er unnið á virkum dögum á dagvinnutíma.

Við leitum að áhugasömum einstaklingi sem hefur drifkraft og frumkvæði, er ábyrgur og skipulagður og hefur ríka þjónustulund og samskiptahæfileika.

Skólamatur ehf. er fjölskyldufyrirtæki þar sem starfsandinn er til fyrirmyndar og metnaður er mikill. Skólamatur matreiðir hollan, góðan og heimilislegan mat fyrir grunnskólanemendur. Hjá fyrirtækinu starfa 40 manns á 15 starfsstöðvum. Rík áhersla er lögð á fjölskylduvænt starfsumhverfi og góðan starfsanda.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- *Vörustjórnunar- eða viðskiptanám*
- *Reynsla af matvæla-/veitingageiranum*
- *Brennandi áhugi á öllu sem viðkemur mat*
- *Góð skipulagshæfni*
- *Afburða samskiptahæfni*
- *Þjónustulund og vilji til að leysa úr vandamálum*

Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar 2010
Umsjón með starfinu hefur Lind Einarsdóttir hjá Talent Ráðningum, sími **552 1600** eða **lind@talent.is**
Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, **www.talent.is**

Skólamatur ehf. | Iðavellir 1 | 230 Reykjanesbær



SKÓLAMATUR
Holtt, gott og heimilislegt

BARNAVERNDARSTOFA

## Forstöðumaður meðferðar- og skólaheimilis á Suðurlandi

Á næstunni mun Barnaverndarstofa hefja rekstur meðferðarheimilis fyrir unglinga að Geldingalæk á Rangárvöllum. Meðferðin er ætluð unglingum sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda þegar önnur stuðningsúrræði samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga hafa ekki skilað árangri eða eru talin ófullnægjandi. Áhersla verður lögð á þátttöku foreldra og fjölskyldu í meðferðinni, þjálfun í félagsfærni og sjálfsstjórn, nám og starfshæfni, sem og undirbúning fyrir heimkomu að lokinni vistun.

Forstöðumaður meðferðarheimilisins heyrir undir Barnaverndarstofu en ber ábyrgð á starfsmannahaldi, meðferðarstarfi, daglegum rekstri og samskiptum heimilisins út á við. Forstöðumaður vinnur í nánu samstarfi við barnaverndarnefndir, Meðferðarstöð ríkisins að Stuðlum og aðra lykilaðila í meðferð fjölskyldu og barns.

Barnaverndarstofa leitar eftir einstaklingi í fullt starf sem getur veitt slíku heimili forstöðu og tekið þátt í að undirbúa og móta starfsemina.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á uppeldis, félags- eða heilbrigðissviði
- Reynsla af meðferð barna með alvarlegan hegðunarvanda og fjölskyldna þeirra
- Áhugi og færni í að beita viðurkenndum aðferðum svo sem atferlismótun, hugrænni atferlismeðferð, þjálfun í félagsfærni (ART), fjölskylduráðgjöf og -meðferð
- Æskileg reynsla af stjórnun og rekstri
- Lögð er áhersla á samskiptahæfni og einstaklingsbundna þætti sem að mati Barnaverndarstofu nýtast í starfi

Umsóknarfrestur er til 13. febrúar 2010. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í mars eða apríl. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Barnaverndarstofu við viðkomandi stéttarfélög.

Umsóknum skal skila til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík. Einnig má skila umsóknum rafrænt (halldor@bvs.is).

Nánari upplýsingar veitir forstjóri Barnaverndarstofu eða Halldór Hauksson sviðsstjóri í síma 530 2600.

Barnaverndarstofa áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum og framlengja umsóknarfrest ef umsækjendur uppfylla ekki skilyrði. Öllum umsóknum verður svarað skriflega þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Veðurstofa Íslands

## Sérfræðingur

### á sviði jarðeðlisfræði

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða jarðeðlisfræðing á Úrvinnslu- og rannsóknarsvið til að leiða framtíðaruppbyggingu og stefnumörkun GPS mælinets stofnunarinnar (ISGPS) og rannsóknir á landbreytingum. Um er að ræða framtíðarstarf.

**Starfssvið**

Rannsóknir, öflun og skipulagning innlendra og alþjóðlegra rannsóknaverkefna á jarðskorpuhreyfingum, m.a. til styrktar jarðváreftirliti stofnunarinnar, auk verkefnisstjórnunar slíkra verkefna. Sérfræðingurinn mun einnig hafa umsjón með, og vinna við þróun og gagnaúrvinnslu í ISGPS netinu og taka þátt í vöktun og eftirliti með jarðvá.

**Menntun og hæfniskröfur**

- Doktorspróf í jarðeðlisfræði með sérhæfingu í rannsóknum á aflögun jarðskorpunnar
- Farsæl reynsla af rannsóknum og verkefnisstjórnun
- Þekking og reynsla á gagnaúrvinnslu úr GPS mælineti er kostur
- Góð tölvukunnátta og þekking á Linux umhverfi
- Skipulögð vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Færni í mannlegum samskiptum

Á Úrvinnslu- og rannsóknarsviði starfa u.þ.b. 30 starfsmenn og innan stofnunarinnar eru 13 starfsmenn sem taka þátt í eftirliti og rannsóknum á jarðvá og jarðskorpuhreyfingum. Löng hefð er fyrir erlendu og innlendu rannsóknasamstarfi. Veðurstofan hefur umsjón með eftirliti á náttúruvá og ein af undirstöðum þess eftirlits er 24 stöðva samfellt GPS mælanet sem stofnunin rekur, auk u.þ.b. 40 annarra stöðva sem reknar eru í samstarfi við innlenda og erlenda aðila.

Um er að ræða fullt starf og fara launin eftir kjarasamningi ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veita Jórunn Harðardóttir, framkvæmdastjóri Úrvinnslu- og rannsóknarsviðs (jorunn@vedur.is , s. 8628323), Kristín S. Vogfjörð, rannsóknastjóri (vogfjord@vedur.is, s. 5226169) og Borgar Æ. Axelsson mannauðsstjóri (borgar@vedur.is, s. 5226000).

**Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar 2010.**

Umsóknir sem greina frá menntun, reynslu og fyrri störfum skulu berast Borgari Ævari Axelssyni, Bústaðavegi 9, 150 Reykjavík eða í tölvupósti á netfangið borgar@vedur.is merkt „GPS sérfræðingur á Úrvinnslu- og rannsóknarsviði".



LANDAKOTSSKÓLI ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA

# SKÓLASTJÓRA

Í BOÐI ER MJÖG ÁHUGAVERT OG SKAPANDI STARF
Í SJÁLFSTÆÐUM SKÓLA SEM REKINN ER AF METNAÐI

LEITAÐ ER AÐ EINSTAKLINGI SEM:

- HEFUR LIFANDI FAGLEGAN METNAÐ OG ÁHUGA Á SKÓLASTARFI OG ÞRÓUN
- HEFUR GÓÐA ÞEKKINGU OG ÁHUGA Á FJÁRHAGSLEGU SKIPULAGI OG EFTIRFYLGNI
- ER LIPUR Í MANNLEGUM SAMSKIPTUM
- ER ÁBYRGUR OG SKÝR LEIÐTOGI

Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt ferilskrá og tveimur nöfnum meðmælenda til formanns stjórnar Landakotsskóla, Evu Garðarsdóttur Kristmanns, Landakotsskóla, v/Túngötu, 101 Reykjavík, í síðasta lagi þann 1. mars 2010. Formaður stjórnar (sími 898 7700) og settur skólastjóri Sigríður Hjálmarsdóttir (sími 693 1360, netfang: sigridurhja@landakotsskoli.is) veita nánari upplýsingar um starfið.

**Landakotsskóli er sjálfseignarstofnun sem býður gott starfsumhverfi í litlum skóla þar sem áhersla er lögð á vandað námsframboð og hlýlegt umhverfi. Sérstök áhersla er lögð á tungumál, listir og vísindi í starfi skólans.**

# Lyfjafræðingar - Leyfishafar

**Lyf og heilsa** er leiðandi fyrirtæki í heilbrigðiskerfinu. Hjá okkur ríkir mikill faglegur metnaður.

Við erum og viljum vera mikilvægur hlekkur í heilbrigðismálum Íslendinga. Okkur er annt um viðskiptavini fyrirtækisins og látum okkur mál þeirra varða. Markmiðið er að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi þjónustu ásamt því að bjóða starfsfólki upp á góðan og spennandi vinnustað.
Við kappkostum að vera í fremstu röð þegar kemur að starfsanda, þróun og framsýni.

Vegna aukinna umsvifa leitum við nú eftir fleira metnaðarfullu og sjálfstæðu fagfólki í okkar öfluga starfsmannahóp. Í boði eru spennandi störf með möguleika á starfsþróun.

**Ef þú telur þig eiga heima í slíkum hópi þá langar okkur til að heyra í þér!**

**Leyfishafar - Lyfjafræðingar:**
- Fagleg ábyrgð apóteks
- Stjórnun apóteks

**Lyfjafræðingar:**
- Fagleg ráðgjöf
- Almenn lyfjafræðileg störf



Við leitum að lyfjafræðingum og leyfishöfum í apótek okkar á höfuðborgarsvæðinu og víðsvegar um landið.

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*

Umsóknarfrestur er til og með 12. febrúar 2010

TALENT RÁÐNINGAR

Umsjón með störfunum hefur Lind Einarsdóttir hjá Talent Ráðningum, lind@talent.is, sími: 552-1600

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is

DÓMSMÁLA- OG MANNRÉTTINDARÁÐUNEYTIÐ

## Laust embætti héraðsdómara við héraðsdóm Reykjaness

Embætti héraðsdómara, sem dómsmála- og mannréttindaráðherra veitir, að fenginni umsögn dómnefndar til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara, sbr. 3. og 4. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla, er laust til umsóknar.

Væntanlegur dómari mun eiga fast sæti við héraðsdóm Reykjaness, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Miðað er við að embættið verði veitt frá og með 1. maí 2010.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 2. mgr. 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Umsóknir berist dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu, Skuggasundi 3, 150 Reykjavík, eigi síðar en 25. febrúar nk.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu,
5. febrúar 2010.

DÓMSMÁLA- OG MANNRÉTTINDARÁÐUNEYTIÐ

## Embætti héraðsdómara laust til setningar

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið auglýsir laust til setningar embætti héraðsdómara við héraðsdóm Reykjavíkur, meðan á leyfi skipaðs dómara stendur, sbr. 3. mgr. 20. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Dómsmála- og mannréttindaráðherra setur í embættið, að fenginni umsögn dómnefndar til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara, sbr. 3. og 4. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla.

Miðað er við að dómsmála- og mannréttindaráðherra setji í embættið frá og með 16. apríl 2010 til og með 31. ágúst 2012.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 2. mgr. 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Umsóknir berist dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu, Skuggasundi 3, 150 Reykjavík, eigi síðar en 25. febrúar nk., merkt 0510.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu,
5. febrúar 2010.

DÓMSMÁLA- OG MANNRÉTTINDARÁÐUNEYTIÐ

## Laus embætti héraðsdómara við héraðsdóm Suðurlands

Embætti tveggja héraðsdómara, sem dómsmála- og mannréttindaráðherra veitir, að fenginni umsögn dómnefndar til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara, sbr. 3. og 4. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla, eru laus til umsóknar.

Væntanlegir dómarar munu eiga fast sæti við héraðsdóm Suðurlands, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Miðað er við að embættin verði veitt frá og með 1. maí 2010.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 2. mgr. 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Umsóknir berist dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu, Skuggasundi 3, 150 Reykjavík, eigi síðar en 25. febrúar nk.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu,
5. febrúar 2010.

# Sölumaður leiktækja

Ellingsen tók nýlega við söluumboði fyrir Can-Am fjórhjól, Ski-Doo vélsleða og Sea-Doo sæþotur og leitar nú að duglegum og ábyrgum sölumanni til að annast sölu á fjórhjólum og vélsleðum.

**Helstu verkefni:**

- Sala á fjórhjólum og vélsleðum
- Tilboðsgerð
- Fjármögnunarráðgjöf
- Heimsóknir til viðskiptavina

**Æskileg þekking og reynsla:**

- Reynsla af sölu á fjórhjólum og vélsleðum
- Tæknileg þekking á tækjunum
- Þekking á fellihýsum og hjólhýsum er kostur
- Færni í notkun excel

Umsóknir skal senda í tölvupósti til starfsmannastjóra, rbg@ellingsen.is, fyrir 11. febrúar nk.

Hjá Ellingsen er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsueflingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.

Umsækjendur þurfa að búa yfir ríkri þjónustulund, vera stundvísir, reglusamir og heiðarlegir.



LYNX ski-doo can-am SEA-DOO

**Ellingsen**

*-fullt hús ævintýra*

BRP

DÓMSMÁLA- OG MANNRÉTTINDARÁÐUNEYTIÐ

## Laus embætti héraðsdómara við héraðsdóm Reykjavíkur

Embætti þriggja héraðsdómara, sem dómsmála- og mannréttindaráðherra veitir, að fenginni umsögn dómnefndar til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara, sbr. 3. og 4. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla, eru laus til umsóknar.

Væntanlegir dómarar munu eiga fast sæti við héraðsdóm Reykjavíkur, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Miðað er við að embættin verði veitt frá og með 1. maí 2010.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 2. mgr. 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Umsóknir berist dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu, Skuggasundi 3, 150 Reykjavík, eigi síðar en 25. febrúar nk.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu,
5. febrúar 2010.

Bonita
SNYRTISTOFA
Hæðarsmári 6 Kópavogur

## *Atvinna í boði:*

Erum með laust herbergi til leigu fyrir snyrtifræðing eða fótaaðgerðafræðing.

***Upplýsingar í síma***
8661867 - Ingibjörg,
8694634 - Margrét

vörður
tryggingar hf.

Vörður tryggingar hf. er alhliða vátryggingarfélag í eigu Föroya Banka, NBI, Byrs – sparisjóðs og SP Fjármögnunar. www.vordur.is

# Viðskiptastjóri á fyrirtækjasviði

Í boði er fjölbreytt og krefjandi starf hjá traustu og vaxandi fyrirtæki sem leitar að einbeittum sóknarmanni í hópinn.

**Starfssvið:**

- Sala og vátryggingaráðgjöf til fyrirtækja
- Samskipti og þjónusta
- Greiningarvinna
- Áhættumat
- Yfirferð og mat ársreikninga

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði viðskipta
- Reynsla af sölu og vátryggingaráðgjöf æskileg
- Góð tölvufærni (excel, word, powerpoint)
- Frumkvæði og metnaður
- Forystuhæfileikar
- Áreiðanleiki og þjónustulund

**Nánari upplýsingar veitir:**
Rannveig J. Haraldsdóttir,
rannveig@hagvangur.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# Vaktstjóri
í eldhúsi óskast
á Suðurlandsbrautina



Eld Smiðjan

Ef þú ert
- 24 ára eða eldri
- þér kemur vel saman við 98,9% af fólkinu sem þú vinnur með
- ert vön/vanur pizzubakari
- ert snyrtileg/ur og stundvís

þá gætir þú verið með í samhentu liði á frábærum vinnustað þar sem gríðarlegur metnaður er fyrir að búa til hugsanlega bestu pizzurnar á Íslandi.

Sæktu um á: http://umsokn.foodco.is eða hafðu samband við yfirstrumpinn: hs@foodco.is

STOFA 53



Orr er skartgripafyrirtæki í miðborg Reykjavíkur sem rekið er af tveimur gullsmiðum sem þar þróa og smíða einstaka hluti.

## Verslunarstjóri

Við leitum að drífandi og sjálfstæðum einstaklingi til að sinna verslun okkar í Bankastræti 11. Jákvæðni, hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og faglegur metnaður eru skilyrði.

Nánari upplýsingar veitir Ástþór Helgason - astor@orr.is
Skrifleg umsókn með ferilskrá sendist til okkar merkt.
Orr "starfsumsókn" Bankastræti 11. 101 Rekjavík
Umsóknafrestur er til 18 febrúar.

Orr
Gullsmiðir . Bankastræti 11


**Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?**

**Við tökum vel á móti öllum ábendingum.**



FRÉTTABLAÐIÐ www.visir.is/posthusid – sími 585 8330


# ÍSTAK
*Framkvæmdagleði í fyrirrúmi*



## EFTIRTALIN STÖRF ERU LAUS TIL UMSÓKNAR VEGNA VIRKJANAFRAMKVÆMDA Á GRÆNLANDI OG ANNARRA VERKEFNA:

### VÉLAVERKFRÆÐINGUR / VÉLTÆKNIFRÆÐINGUR

ÍSTAK óskar eftir að ráða vélaverkfræðing/véltæknifræðing til starfa. Um er að ræða fjölbreytt verkefni og þátttöku í stjórnun framkvæmda. Viðkomandi mun hafa starfsstöð á Íslandi. Starfsreynsla við járnsmíði er æskileg en ekki skilyrði.

**Meðal verkefna:**
- Verkefnastjórnun
- Gerð kostnaðaráætlana
- Samskipti við innlenda og erlenda birgja
- Tilboðsgerð
- Úrlausn tæknilegra verkefna

### JARÐFRÆÐINGUR

ÍSTAK óskar eftir að ráða jarðfræðing til starfa við jarðgangagerð á Grænlandi. Meðal verkefna eru jarðvegsrannsóknir og kortlagning bergs. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sambærilegum störfum.

### MÆLINGAMAÐUR

ÍSTAK óskar eftir að ráða mælingamann til starfa. Um er að ræða landmælingar á framkvæmdasvæði fyrirtækisins á Grænlandi. Skilyrði er að viðkomandi hafi reynslu af sambærilegum störfum.

### BYGGINGARVERKFRÆÐINGUR / BYGGINGARTÆKNIFRÆÐINGUR

ÍSTAK óskar eftir að ráða byggingarverkfræðing/byggingartæknifræðing til starfa. Um er að ræða fjölbreytt verkefni og þátttöku í stjórnun framkvæmda. Viðkomandi þarf að hafa víðtæka reynslu af byggingaframkvæmdum. Þekking af virkjanaframkvæmdum æskileg.

**Meðal verkefna:**
- Verkefnastjórnun
- Samningar við innlenda og erlenda birgja
- Hönnunarstjórnun
- Úrlausn tæknilegra verkefna

### VERKSTJÓRI Á VÉLAVERKSTÆÐI

ÍSTAK óskar eftir að ráða verkstjóra á vélaverkstæði vegna framkvæmda fyrirtækisins í Grænlandi. Viðkomandi þarf að hafa víðtæka reynslu af viðgerðum tækja og vinnuvéla. Í starfinu felst almenn verkstjórn á vélaverkstæði auk vinnu við viðgerðir og viðhald tækja.

### VÉLVIRKI / VÉLSTJÓRI

ÍSTAK óskar eftir að ráða vélvirkja, vélstjóra eða einstaklinga vana viðgerðum vinnuvéla og vörubíla. Í starfinu felst vinna við viðgerðir og viðhald véla og tækja á framkvæmdasvæði fyrirtækisins á Grænlandi.

**Upplýsingar um störfin og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.**

**ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 400 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.**
**ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.**

vodafone

## Sölustarf

### Ert þú jákvæður, kraftmikill og vinnusamur einstaklingur?

Við leitum að sölufulltrúum, 20 ára og eldri, í söluver Vodafone til að selja fjarskiptaþjónustu til heimila.

### Hæfniskröfur:

- Þjónustulund og kurteisi
- Kappsemi og metnaður
- Sölureynsla er æskileg

**Í boði er sveigjanlegur vinnutími, hlutastarf eða fullt starf, og góð laun fyrir duglega einstaklinga.**

**Nánari upplýsingar veitir Vilhjálmur Sturla Eiríksson deildarstjóri, vilhjalmure@vodafone.is**
**Hafðu samband strax í dag!**

**Við bjóðum gott fólk velkomið í skemmtilegan hóp starfsmanna sem setur viðskiptavininn í fyrsta sæti!**

*power to you*



# VILTU VINNA?

## OKKUR VANTAR STARFSFÓLK Í VERSLUN OKKAR Í REYKJAVÍK



### SÖLUMAÐUR

**Fjölbreytt starf sem felst í ráðgjöf við val á tölvubúnaði til viðskiptavina. Góð þekking á helstu íhlutum og almennum tölvubúnaði skilyrði.**

### INNKAUPASVIÐ

**Innkaupafulltrúi sér um samskipti við innlenda og erlenda birgja og þarf að vera talnaglöggur einstaklingur með grunnþekkingu í Excel.**

**Sendið tölvupóst á starf@tolvutek.is með ferilskrá • Góð laun í boði og fullur trúnaður**

# TÖLVUTEK

**Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900**

Tölvutek er einn stærsti dreifingar- og söluaðili á tölvum og tölvubúnaði til einstaklinga og smærri fyrirtækja á Íslandi í dag. Hjá Tölvutek starfa 40 þrautþjálfaðir starfsmenn og skartar þjónustusvið Tölvuteks einhverjum öflugustu tæknimönnum landsins. Tölvutek er vottað af Microsoft sem Certified Partner samstarfsaðili auk þess að vera umboðs- og dreifingaraðili fyrir GIGABYTE, Packard Bell, BenQ, OCZ, Mushkin, Antec, Sarotech, AG Neovo, Hanns-G, TRENDnet, LaCie, Creative Labs og Sony OptiArc.

# ÍSOR

ÍSLENSKAR ORKURANNSÓKNIR
ICELAND GEOSURVEY

Grensásvegi 9 • 108 Reykjavík • Sími 528 1500 • isor@isor.is • www.isor.is

### Vélaverkfræðingur/efnaverkfræðingur

Störfin fela í sér fjölbreytta vinnu á sviði jarðhitafræða, s.s. við þróun og hönnun borholna og tækjabúnaðar tengdum jarðhitavinnslu, vinnu við prófanir og örvun borholna, mat á afköstum borholna, kennslu og þjálfun í jarðhitafræðum, rannsóknir og ráðgjöf vegna útfellinga og tæringar og verkefnastjórnun.

Nánari upplýsingar um störfin, menntunar- og hæfniskröfur má sjá á vef ÍSOR: **www.isor.is**

### Nýdoktor/doktorsnemi í jarðskjálftafræði

Starfið felur í sér vinnu við úrvinnslu jarðskjálftamælinga í jarðhitakerfum og tengingu þeirra við önnur gögn. M.a. er um að ræða vinnu í fjölþjóðlegu verkefni til þriggja ára sem styrkt er af Evrópusambandinu og jarðhitaklasanum GEORG.

Nánari upplýsingar á vef ÍSOR: **www.isor.is**

### Meistara-/doktorsnemi í jarðskjálftafræði

Starfið felur í sér vinnu við úrvinnslu gagna sem aflað var á Reykjanesskaga sumarið 2009 í samvinnu við franska vísindamenn og HS Orku. Verkefnið er styrkt af jarðhitaklasanum GEORG og lýkur vorið 2012. Hluti starfsins getur hentað sem lokaverkefni til meistara- eða doktorsprófs í jarðeðlisfræði.

Nánari upplýsingar á vef ÍSOR: **www.isor.is**

*Vakin er athygli á því að ÍSOR leggur áherslu á að auka hlutfall kvenna og yngra fólks í starfsliði sínu.*

*Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil þurfa að berast Guðnýju Þórsdóttur starfsmannastjóra ÍSOR, gudny@isor.is, eigi síðar en* ***1. mars 2010****.*

*Öllum umsóknum verður svarað.*

*ÍSOR er eitt stærsta og öflugasta fyrirtæki heims í rannsóknum og jarðvísindaþjónustu við jarðhitaiðnaðinn.*

BLUE LAGOON
ICELAND

## Sérfræðingur á sviði sölu- og markaðssetningar á internetinu

Bláa Lónið óskar eftir að ráða söludrifinn einstakling sem hefur áhuga og reynslu af því að nýta internetið sem sölu- og markaðstæki. Viðkomandi þarf að búa yfir tæknilegri þekkingu sem og reynslu af sölu- og markaðsstörfum. Reynsla og menntun á sviði margmiðlunar og/eða grafiskrar hönnunar er kostur.

Starfið:

- Umsjón með vef fyrirtækisins, vefgreining og leitarvélabestun
- Utanumhald um viðskiptamannagrunn og útgáfa fréttabréfa
- Uppbygging á vefviðmóti og pantanakerfi fyrir heildsölu aðila á erlendum mörkuðum

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking, reynsla og brennandi áhugi á internetinu sem markaðs- og sölutæki
- Grunnþekking og reynsla á vefkerfum og hönnunarforritum nauðsynleg
- Mjög gott vald á íslensku og ensku sem og færni til að tjá sig í ræðu og riti nauðsynleg
- Frumkvæði, drifkraftur og metnaður til að ná árangri í starfi
- Jákvætt viðmót og framúrskarandi samskiptahæfileikar

### Umsóknarfrestur er til og með 14. febrúar

Umsækjendur eru beðnir um að senda inn umsókn ásamt ferilsskrá á netfangið eyrun@bluelagoon.is

Bláa Lónið er reyklaus vinnustaður.



### NOKKUR DÆMI UM GÓÐ KAUPTÆKIFÆRI

**Prentarapappír með góðum afslætti**
**Allt að 40% afsláttur af heyrnartólum**
**Fjöldi músa og lyklaborða á útsölu**
**Mikil lækkun á völdum netbúnaði**
**Valdir flakkarar á ótrúlegu verði**
**Sjónvarpsflakkarar með allt að 30% afslætti**
**Skjákort á fáránlega góðu verði – Takmarkað magn**
**Síðustu eintök af fjölda fartölva á algjöru rýmingarverði**
**...og margt, margt fleira – Sjón er sögu ríkari!**



WD
**FLAKKARI**

**WD Elements 1.5TB**
1.5 TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0. Windows og Mac.

**24.990**
FULLT VERÐ KR. 27.990

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17 | STRANDGÖTU 9 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| S: 414 1700 | S: 414 1730 | S: 414 1735 | S: 414 1740 | S: 414 1745 | S: 414 1750 |

# Þegar stórt er spurt …

Fjölmörgum knýjandi spurningum hefur verið varpað fram í viðlögum **dægurlagatexta** í gegnum árin. *Kjartan Guðmundsson* leitaði til fræði- og kunnáttufólks í því augnamiði að fá svör við nokkrum þeirra og komst að því að ekki er allt sem sýnist.

Dægurlagatextahöfundar hafa margir hverjir verið allt annað en feimnir við að spyrja stórra og áleitinna spurninga í gegnum tíðina. „What Becomes of the Broken Hearted?“, „Where Have All the Flowers Gone?“, „Who Let the Dogs Out?“ og „Who the Fuck is Alice?“ eru einungis örfá dæmi um býsna mikilvægar spurningar sem erlendir listamenn hafa varpað fram, án þess hvorki að veita svör við þeim sjálfir né væntа svara frá öðrum.

Íslenskir popparar eru engir eftirbátar kollega sinna erlendis í þessum efnum og hafa sumar vangaveltur þeirra legið eins og mara á þjóðarsálinni svo árum skiptir. Blaðamaður leitaði svara við nokkrum af brýnustu spurningum íslenskrar poppsögu hjá fræði- og kunnáttufólki og er margs vísari fyrir vikið.

## ER ÁST Í TUNGLINU?


SIGRÚN JÚLÍUSDÓTTIR OG ÞORSTEINN VILHJÁLMSSON FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

*Máninn var Geira Sæm og Hunangstunglinu hugleikinn á plötunni Er ást í tunglinu sem kom út árið 1988.*

Hjónin Sigrún Júlíusdóttir og Þorsteinn Vilhjálmsson, prófessorar í félagsráðgjöf og eðlisfræði, eru tvímælalaust rétta fólkið til að leita til með slíkar vangaveltur.

„Spurningin um „ást í tunglinu“ getur haft margar merkingar. Stundum erum við spurð hvort hugur sé í okkur, hræðsla eða gleði. En tunglið er ekki lifandi eins og við og þess vegna getur ekki verið ást í því. Þannig er svarið nei ef spurningin er skilin svona, tunglið sem heild býr ekki yfir ást.

En er ást kannski einhvers staðar í tunglinu? Við vitum að það er ekkert líf á tunglinu, þar er ekkert loft eða vatn sem lífverur þurfa. Og ástin er órjúfanlega tengd lífi. Við drögum þá ályktun að það sé engin svona ást í tunglinu, þar er ekkert líf sem gæti búið yfir ást.

Býr karlinn í tunglinu ekki yfir ást? Þessi spurning er snúin. Er karlinn í tunglinu til? Við höldum að hann sé ekki til í veruleikanum heldur aðeins í huga okkar. En hugsum við okkur að hann finni fyrir ást? Er það til í dæminu í huga okkar? Við vitum ekki betur en hann sé alger einbúi. Hann hefur þá engan til að elska nema sjálfan sig. Það kallast sjálfselska, er alltént ólíkt öðrum tegundum ástar og vafamál að það rísi undir því nafni. Þannig þykir okkur hæpið að telja hugsanlega sjálfselsku karlsins í tunglinu til ástar í eiginlegasta skilningi.

En erum við kannski á villigötum í þessum pælingum? Rifjum upp textann: „Þegar við svífum saman öll út í geiminn. Er ást í tunglinu?“

Í þessu samhengi er spurningunni auðsvarað ef ljóðmælandinn og ferðafélagar hans ala með sér einhvers konar ást. Þegar þeir Armstrong og Aldrich gengu um á tunglinu 20. júlí 1969, þá var ást þar. Lokasvarið er því einfalt: Þegar heilbrigt og elskandi fólk er á tunglinu, þá er ást þar!,“ segja þau Sigrún og Þorsteinn.

## ER NAUÐSYNLEGT AÐ SKJÓTA ÞÁ?

*Bubbi Morthens spurði þessarar spurningar ásamt MX21 á plötunni Frelsi til sölu frá 1986.*

„Þarna spurði kóngurinn stórt, og Helgi Björns svaraði að bragði ef ég man rétt,“ segir Gísli Víkingsson, hvalasérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun.

„Hvenær er nauðsynlegt að skjóta eða drepa dýr? Sumir telja slíkt óréttlætanlegt nema kannski í sjálfsvörn eða við hungurmörk. Samkvæmt því er ekki nauðsynlegt að skjóta hvali frekar en ýmis önnur dýr sem menn dunda sér engu síður við að murka lífið úr. Þar má af innlendum vettvangi nefna hreindýr, mink, loðnu, ref, gæs, þorsk, ýsu, rjúpu og lax. Sé farið út fyrir landsteinana bætast við alls kyns bangsar og bambar. Sumar þessara tegunda veiða menn fyrst og fremst sér til ánægju, en aðrar teljast mikilvægar í þjóðhagslegum skilningi,“ segir Gísli og bætir við að hvalveiðar tilheyri klárlega síðarnefnda flokknum.

„Auk þess að skapa atvinnu og útflutningstekjur er ekki ólíklegt að afrán á, eða samkeppni við, fiskistofna skipti þarna líka máli. Fyrir mér er sjálfbærni mikilvægasta hugtakið í þessu samhengi, hvort sem um er að ræða tómstunda- eða atvinnuveiðar. Stofnar langreyðar og hrefnu hér við land eru í góðu ástandi og því engin haldbær náttúruverndarrök gegn veiðum á þeim,“ segir Gísli.

„Hvort nauðsynlegt sé að skjóta þá? Þegar Bubbi tekur flugið er erfitt, eða öllu heldur óviðeigandi, fyrir jarðbundna fræðimenn að blanda sér í málið og best að hver svari fyrir sig,“ segir Gísli að lokum.


GÍSLI VÍKINGSSON

## SKAPAR FEGURÐIN HAMINGJUNA?

*Bubbi og MX21 pældu stíft í leyndardómum lífsins og spurðu þessarar spurningar á smáskífu árið 1987.*

„Það er skammgóður vermir að ætla að byggja sjálfa lífshamingjuna á fegurðinni einni saman, sérstaklega ef hún er tengd efnislegum gæðum,“ segir Kolbrún Baldursdóttir, sálfræðingur og sérfræðingur í klíniskri sálfræði.

„Hver man ekki eftir Jóakim frænda, hinni forríku, önugu önd? Það er ekki hægt að ábyrgjast að öll hin fegurstu veraldlegu verðmæti gefi svo mikið sem eina mínútu af hamingju. Þeir sem eru í hamingjuleit er því ráðlagt að leita annað og þá ekki langt yfir skammt heldur inn í sitt eigið hugarfylgsni. Sú fegurð sem skipar stóran sess í hamingju sérhvers manns er nefnilega hans innri fegurð sem stundum er líka kölluð kærleikur. Kjarni hennar er innra jafnvægi, að vera í sátt við sjálfan sig og trúa að sérhver maður hefur eigin velgengni í höndum sér. Sá sem er óhamingjusamur á nefnilega erfitt með að sjá fegurðina í kringum sig. Þannig má segja að það sé hamingjan sem skapi í raun fegurðina frekar en að fegurðin skapi hamingjuna,“ segir Kolbrún Baldursdóttir.


KOLBRÚN BALDURSDÓTTIR

## ERU ÁLFAR KANNSKI MENN?

*Þessari spurningu, sem Magnús Þór Sigmundsson kastaði fram á plötunni Álfar árið 1979, þykir líklega mörgum vandsvarað, en ekki Magnúsi Skarphéðinssyni, skólastjóra Álfaskólans í Síðumúla.*

„Nei, álfar eru ekki menn. Álfar eru lágvaxnar verur, allt frá tíu til áttatíu sentimetra háar. Hins vegar ruglar fólk gjarnan saman hugtökunum álfar og huldufólk, því huldufólk hefur nákvæmlega sömu líkamsbyggingu og atgervi og menn,“ segir Magnús Skarphéðinsson.




MAGNÚS ÞÓR SIGMUNDSSON Var í meiri vafa um eðli álfa en nafni hans Skarphéðinsson.

## GETA PABBAR EKKI GRÁTIÐ?


ÞORGERÐUR EINARSDÓTTIR

*Spurðu Helgi Björns og félagar í Síðan skein sól á plötu samnefndri sveitinni árið 1989.*

„Í þessum skemmtilega texta setur Helgi Björnsson fingurinn á þá lífseigu hugmynd að karlar hvorki megi né eigi að sýna tilfinningar. Þetta er hluti af þeirri aldagömlu tvíhyggju að karlar séu rökvísar skynsemisverur en konur veiklundaðar tilfinningaverur með einkarétt á gráti,“ segir Þorgerður Einarsdóttir, prófessor í kynjafræði við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands.

„Grátur karla er talinn merki um „dugleysi og aumingjaskap“ eins og segir í textanum, þar með er sú athöfn kvengerð og smættuð. Sú karlmennskuímynd sem þarna birtist náði hápunkti í útrásarkarlmennskunni, þar sem mikilvægt var „að útiloka allar tilfinningar svo hægt væri að taka hagkvæmar ákvarðanir í fyrirtækjum …“ eins og einn víkingurinn orðaði það. En auðvitað geta pabbar grátið og sumir gera það, en áhugavert er að skoða við hvaða kringumstæður það verður fréttnæmt. Það vakti óskipta athygli þegar fréttir bárust af því að Ármann Þorvaldsson hafi „grátið með dótturina í fanginu“ þegar Kaupthing Singer & Friedlander fór í greiðslustöðvun. Hann barðist við að halda aftur af tárunum af því að „grátur merkir uppgjöf“.

Allt er þetta í samræmi við það að grátur tákngeri það sem í menningu okkar er hin fullkomna andstaða við karlmennsku, styrkleika, seiglu og úthald. Grátur bankastjórans er því í raun stórpólitísk tíðindi. Umhverfi sem fyrir nokkrum misserum of allt sér áhættusækna og fífldjarfa stjórnendur, hefur nú getið af sér grátandi feður. Stóra spurningin er hvort hér sé um að ræða raunverulega breytingu sem opnar rými fyrir tilfinningar karla eða hvort gráturinn verður hið nýja vörumerki athafnamanna í uppgjörinu við hið fallna Ísland – Grátkonur útrásarinnar.“ segir Þorgerður.

## ER ÞAÐ SATT SEM ÞEIR SEGJA UM LANDANN?



*…Spurðu meðlimir HLH-flokksins á plötunni Heima er best árið 1989.*

„Já, það er víst eitthvað til í því. Margt er því óvitlausara en að velta því fyrir sér sem „hinir“ sjá. Það er ekki víst að það sé allt óhróður og illmælgi!“ segir Sumarliði Ísleifsson, sagnfræðingur og sérfræðingur í ímynd Íslands og Íslendinga.


SUMARLIÐI ÍSLEIFSSON

## HVAR ER DRAUMURINN?

*Sálin hans Jóns míns velti þessari spurningu fyrir sér á samnefndri plötu árið 1989, eins og frægt er orðið.*

„Það má ímynda sér tvenns konar svör við þessari spurningu,“ segir Ólafur Páll Jónsson heimspekingur. „Annars vegar er það sú hugsun að draumurinn sé alltaf utan seilingar, útópíuhugsunin. Að það bíði alltaf eitthvað betra hinum megin þegar þessu lýkur. Svo er það hinn möguleikinn, að draumurinn sé mögulega innan seilingar. Svo er spurningin hvort svarið maður trúir á,“ segir Ólafur.


ÓLAFUR PÁLL JÓNSSON

**Framboð í trúnaðarstöður**

**FRV**

Samkvæmt 34. gr. laga Félags Rafeindavirkja skal fara fram kosning til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

Framboðsfrestur skal vera minnst 14 sólarhringar og skal tillögum skilað til kjörstjórnar innan þess tíma.

Með hliðsjón af framansögðu hefur framboðsfrestur verið ákveðinn til kl. 12 á hádegi 25.02.2010

Reykjavík 5. febrúar 2010

Stjórn Félags Rafeindavirkja

# nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*



SALTKJÖT
ÓDÝRT

**479** kr/kg
áður 772 kr/kg

DORIS
GULAR BAUNIR
500gr

**179** kr/pk

# *Velkomin í Nettó*

FISKIBOLLUR
ÝSA, 1kg



**798** kr/kg

GRÍSARIF
BBQ



35% afsláttur

**999** kr/kg
áður 1.537 kr/kg

GOÐI

ROAST BEEF
KRYDDAÐ



36% afsláttur

**1.778** kr/kg
áður 2.778 kr/kg

GOÐI

LAMBASALTKJÖT
BLANDAÐ
1. FLOKKUR



30% afsláttur

**1.049** kr/kg
áður 1.498 kr/kg

KJÖTSEL

SALTKJÖT
ÓDÝRT



30% afsláttur

**398** kr/kg
áður 569 kr/kg

KJÖTSEL

BACON



30% afsláttur

**1.154** kr/kg
áður 1.649 kr/kg

KJÖTSEL

HRÍSKÖKUR
MEÐ SÚKKULAÐI
4 STK. Í PAKKA




**129** kr/pk

LITTLE COOK NÚÐLUR
85gr
KJÚKLINGA,
NAUTA &
ORIENTAL




**37** kr/pk

GUACAMOLE
HRÁEFNI &
UPPSKRIFT



**298** kr/pk

www.markhonnun.is

Tilboðin gilda 4. - 7. febrúar eða meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ

# Ár Georgs, Daníels og Ólafs

Kvikmyndin Bjarnfreðarson og sjónvarpsþáttaröðin Fangavaktin gnæfa yfir aðra í tilnefningum til Eddu-verðlaunanna í ár. Samanlagt hljóta þessi fyrirbæri átján tilnefningar. Mamma Gógó getur einnig vel við unað, átta tilnefningar alls. Leikarar úr sjónvarpsþáttum eru áberandi á listanum. Freyr Gígja Gunnarsson rýndi í Edduna þetta árið.

Ársins 2009 verður sennilega minnst fyrir þrennt í íslenskri kvikmyndagerð: Ólafs Ragnars, Georgs Bjarnfreðarsonar og Daníels Sævarssonar. Þessi þrenning, jafnheilög og aðrar þrenningar, einokaði íslenska afþreyingarmenningu á því árinu; mynddiskar með gömlu þáttunum tveimur seljast enn eins og heitar lummur og íslenska þjóðin sat límd fyrir fyrir framan sjónvarpsskjáinn þegar síðasta þáttaröðin, Fangavaktin, var sýnd. Og síðan fór þjóðin í bíó, sá Bjarnfreðarson, lokakaflann í þessar einstöku sögu sem sennilega mun lifa jafnlengi með þjóðinni og hennar merkustu rit.



FYRIRBÆRI Kvikmyndin um Georg Bjarnfreðarson og félaga hans, Ólaf Ragnar og Daníel, var mest sótt af þeim íslensku kvikmyndum sem frumsýndar voru á árinu. Því er það varla tilviljun að myndin og sjónvarpsþættirnir skuli hljóta flestar tilnefningar til Eddunnar.

**Engin tilviljun**

Það er því varla tilviljun að þessi tvö fyrirbæri skuli einoka Edduverðlaunin þetta árið. Átján tilnefningar eru ágætis vitnisburður um yfirburði Georgs, Ólafs og Daníels. Fregnir af endurgerð þáttanna í Hollywood eru staðfesting á því að þetta er vafalítið eitt besta sjónvarpsefni sem litið hefur dagsins ljós á Íslandi.

Leikið íslenskt sjónvarpsefni er reyndar áberandi sigursælt sem og leikararnir þar. Að sjálfsögðu eru þeir Jón Gnarr, Pétur Jóhann og Jörundur Ragnarsson tilnefndir fyrir leik sinn í bæði Fangavaktinni og Bjarnfreðarsyni en auk þeirra eru þeir Björn Hlynur Haraldsson og Magnús Jónsson báðir tilnefndir fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttum; Björn fyrir Hamarinn en Magnús fyrir Rétt.

Þær Ilmur Kristjánsdóttir, Jóhanna Vigdís Arnardóttir og Margrét Helga Jóhannesdóttir eru einnig tilnefndar fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttum; Ilmur sem Ástríður, Jóhanna Vigdís fyrir frammistöðu sína í Rétti og svo auðvitað Margrét Helga sem Bjarnfreður í Fangavaktinni og Bjarnfreðarsyni. Auk þeirra er Laufey Elíasdóttir tilnefnd fyrir kvikmyndina Desember og Kristbjörg Kjeld fyrir Mömmu Gógó.

**Sjónvarp í stað hvíta tjaldsins**

Í flokki meðleikara, sem áður voru kallaðir aukaleikarar, eru fulltrúar sjónvarpsþátta einnig áberandi. Nokkuð sérkennileg staða, eins og greint er frá annars staðar í blaðinu, er komin upp meðal leikkvenna því þar eru amman, dóttirin og barnabarnið meðal keppinauta; Herdís Þorvaldsdóttir og Tinna Hrafnsdóttir eru tilnefndar fyrir leik sinn í Hamrinum og Tinna Gunnlaugsdóttir er tilnefnd fyrir hlutverk hórumömmunnar í Rétti. Guðrún Gísladóttir fær tilnefningu fyrir leik sinn í Desember og Þóra Karítas er tilnefnd fyrir frammistöðuna í Ástríði.

Hjá körlunum er fangarnir úr Fangavaktinni áberandi; Björn Thors, Ólafur Darri og Gunnar Hansson fá allir tilnefningu auk þess sem Rúnar Freyr Gíslason er tilnefndur fyrir Ástríði og Stefán Hallur Stefánsson fyrir Desember.

Varla kemur það nokkrum á óvart að Ragnar Bragason skuli vera tilnefndur í flokki bestu leikstjóra en hann fær verðuga samkeppni frá íslenska kvikmyndagerðarkónginum Friðriki Þór Friðrikssyni sem er tilnefndur fyrir Mömmu Gógó. Það vekur hins vegar athygli að þrátt fyrir að kvikmyndin Desember hafi fengið nokkrar tilnefningar er Hilmar Oddsson ekki tilnefndur sem leikstjóri. Þeir Friðrik og Ragnar keppa við þá Þorfinn Guðnason og Andra Snæ Magnason sem gerðu saman Draumalandið. Nýr flokkur lítur dagsins ljós, besta barnaefnið og þar eru Algjör Sveppi og leitin að Villa, Á uppleið, Latibær, Skoppa og Skrítla í bíó og Stundin okkar tilnefnd. Sigurvegarnir verða síðan tilkynntir laugardaginn 27.febrúar í Háskólabíó í beinni útsendingu Stöðvar 2.

## TILNEFNINGAR



### Kvikmynd ársins

**Bjarnfreðarson**
Leikstjóri: Ragnar Bragason
**Desember:**
Leikstjóri: Hilmar Oddsson
**Mamma Gógó**
Leikstjóri: Friðrik Þór Friðriksson

### Sjónvarpsmaður ársins

Bogi Ágústsson
Egill Helgason
Þóra Arnórsdóttir
Eva María Jónsdóttir
Sölvi Tryggvason



### Barnaefni ársins

**Algjör Sveppi og leitin að Villa**
Leikstjóri: Bragi Hinriksson
**Allt á uppleið**
Leikstjóri: Óskar Jónasson
**Latibær**
Leikstjórar: Magnús Scheving og Jonathan Judge
**Skoppa og Skrítla í bíó**
Leikstjóri: Þórhallur Sigurðsson
**Stundin okkar**
Dagskrárgerð: Eggert Gunnarsson og Björgvin Frans Gíslason

### Leikkona ársins í aðalhlutverki



**Ilmur Kristjánsdóttir** (Ástríður)
**Jóhanna Vigdís Arnardóttir** (Réttur)
**Kristbjörg Kjeld** (Mamma Gógó)
**Laufey Elíasdóttir** (Desember)
**Margrét Helga Jóhannesdóttir** (Bjarnfreðarson/Fangavaktin)

### Leikari ársins í aðalhlutverki



**Björn Hlynur Haraldsson** (Hamarinn)
**Jón Gnarr** (Bjarnfreðarson/Fangavaktin)
**Jörundur Ragnarsson** (Bjarnfreðarson/Fangavaktin)
**Pétur Jóhann Sigfússon** (Bjarnfreðarson/Fangavaktin)
**Magnús Jónsson** (Réttur)

### Meðleikkona ársins



**Guðrún Gísladóttir** (Desember)
**Herdís Þorvaldsdóttir** (Hamarinn)
**Tinna Gunnlaugsdóttir** (Réttur)
**Tinna Hrafnsdóttir** (Hamarinn)
**Þóra Karítas Árnadóttir** (Ástríður)

### Leikstjóri ársins



**Ragnar Bragason** (Fangavaktin/Bjarnfreðarson)
**Friðrik Þór Friðriksson** (Mamma Gógó)
**Þorfinnur Guðnason og Andri Snær Magnason** (Draumalandið)

### Meðleikari ársins



**Björn Thors** (Fangavaktin)
**Gunnar Hansson** (Fangavaktin)
**Ólafur Darri Ólafsson** (Fangavaktin)
**Rúnar Freyr Gíslason** (Ástríður)
**Stefán Hallur Stefánsson** (Desember)

### Leikið sjónvarpsefni ársins



**Áramótaskaup Sjónvarpsins**
Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson
**Ástríður**
Leikstjóri: Silja Hauksdóttir
**Fangavaktin**
Leikstjóri: Ragnar Bragason
**Hamarinn**
Leikstjóri: Reynir Lyngdal
**Réttur**
Leikstjóri: Sævar Guðmundsson


Enn meiri afsláttur á útsölunni!

Heimsþekkt vörumerki eins og Sonia Rykiel, Bonpoint, Isabel Marant , Orla Kiely og fleiri...



Opnunartími:
mán - lau
11:00 - 18:00

KISAN
CONCEPT STORE
Laugavegi 7 101 Reykjavík
Sími 561 6262 www.kisan.is


LAUGARDAGAR
eru
vængjadagar á
KFC
25
Hot Wings™ á
2000
KR.
TILVALIÐ MEÐ EUROVISION
Eurovision Song Contest
Hot Wings
BETRA BRAGÐ Í 30 ÁR
KFC
HOT Sauce
0 GRÖMM TRANS-FITA
PIPAR\TBWA • SÍA • 100310
HAFNARFIRÐI - KÓPAVOGI - REYKJAVÍK - SELFOSSI - REYKJANESBÆ - MOSFELLSBÆ - FOSSVOGI

**RONALD REAGAN FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„Fólk sem hefur frelsi til að kjósa kýs alltaf frið.“*

***Ronald Wilson Reagan (1911–2004) var bandarískur leikari og síðar forseti Bandaríkjanna frá 1981 til 1989. Hann var þekktur fyrir andstöðu sína við kommúnisma, sem lýsti sér í harðri afstöðu gegn Sovétríkjunum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 6. FEBRÚAR 1999**

## *Nýr vinstriflokkur stofnaður*

Vinstrihreyfingin – grænt framboð er vinstrisinnaður stjórnmálaflokkur á Íslandi sem var stofnaður á þessum degi árið 1999.

Aðdragandinn að stofnun flokksins var sá að nokkrir þingmenn úr Alþýðubandalaginu vildu ekkki ganga til liðs við Samfylkinguna þegar hún var stofnuð. Þeir settu því saman eigin stjórnmálaflokk undir fyrrnefndu heiti og buðu fyrst fram í kosningum til Alþingis árið 1999 og fengu þá sex menn kjörna á þing. Fylgi flokksins jókst mikið í alþingiskosningunum árið 2007, þegar flokkurinnn fékk níu þingmenn kjörna. Tveimur árum síðar fékk hann fjórtán kosna á þing.

Flokkurinn situr nú í ríkisstjórn með Samfylkingunni. Steingrímur J. Sigfússon er formaður flokksins og jafnframt fjármálaráðherra í ríkisstjórn Íslands. Katrín Jakobsdóttir er varaformaður flokksins og mennta- og menningarmálaráðherra í ríkisstjórn Íslands.



**MERKISATBURÐIR**

**1643** Abel Tasman, hollenskur landkönnuður, finnur Fídjieyjar.
**1658** Sænski herinn ræðst inn í Danmörku yfir Eyrarsund á ís.
**1819** Borgin Singapúr hefur uppbyggingu sína.
**1826** Timburstofan á Möðruvöllum í Hörgárdal brennur.
**1936** Vetrarólympíuleikarnir hefjast í Garmisch-Partenkirchen í Þýskalandi.
**1948** Fyrsti aðalritari Sameinuðu þjóðanna, Trygve Lie, kemur til landsins.
**1987** Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi stofnaður.
**1988** Alfred Jolson vígður biskup kaþólskra á Íslandi.



**KUNNUGLEG SJÓN** Hafliði ríður út fallega rauðskjóttum hesti með íbúðarhúsið að Ármóti í baksýn. MYND/JENS EINARSSON

**HAFLIÐI HALLDÓRSSON HESTAMAÐUR:** FAGNAR FIMMTUGU Á MORGUN

# Reisir reiðhöll eftir afmælið

„Ég sit hér undir húsvegg í Ármóti og læt sólina verma mig,“ sagði Hafliði Halldórsson hestamaður þegar slegið var á þráðinn til hans í vikunni. Tilefnið er fimmtugsafmælið sem stendur fyrir dyrum á morgun, sunnudag. „Ég ætlaði nú reyndar að láta mig hverfa í einn dag til Grænlands því þangað hef ég aldrei komið en var hálf neyddur til að vera heima,“ segir hann glettinn en bætir við að hann ætli ekki að taka á móti gestum heldur halda upp á afmælið með fjölskyldu sinni. Og verður gott í matinn? „Já, það verður villibráð, hann Úlfar Finnbjörnsson kokkur ætlar að matreiða fyrir okkur,“ segir Hafliði sem er sjálfur veiðimaður og þekktur sem skemmtilegur fararstjóri í veiðiferðum.

Fyrst og fremst er Hafliði þó þekktur sem hestamaður enda hefur hann verið áberandi á því sviði frá unga aldri. Hann er fæddur og uppalinn í Reykjavík og hvorugt foreldrið var viðriðið hestamennsku. Sumrin sem drengurinn dvaldi í sveit urðu þó til að vekja áhugann á þessum göfugu skepnum. „Ég hóf mína hestamennsku í Reykjavík með skóla, starfaði sem aðstoðarmaður hjá tamningamönnum og sá síðar um tamningastöð fyrir hestamannafélagið Fák,“ upplýsir Hafliði sem dvaldi um nokkurra ára bil í Svíþjóð. Þar starfaði hann við hestamennsku og æfði handbolta, en Hafliði var meðal annars í unglingalandsliðinu í handbolta. Eftir að heim var komið starfaði Hafliði hjá Sigurbirni Bárðarsyni um nokkurra ára skeið sem hann segir að hafi verið mjög lærdómsríkur tími.

Hafliði hóf síðar sjálfstæðan rekstur þar til hann fór árið 2001 í samstarf við vel stæðan Svía um að kaupa jörðina Ármót á Rangárvöllum. Hófst mikil uppbygging þar en húsakosturinn er mikill. „Hér er veiðihótel, gistihús, starfsmannahús, skemma, hesthús sem tekur 120 hross og bar auk 150 manna matsals,“ telur Hafliði upp. En uppbyggingunni er ekki lokið. Í næstu viku hefst bygging reiðhallar sem verður tuttugu sinnum fimmtíu metrar. „Í henni verður stór setustofa þar sem hægt verður að fylgjast með því sem er að gerast í höllinni,“ segir Hafliði og snýr sér að því búnu aftur að því að sinna hinum rúmlega sextíu hestum sem eru á húsi í Ármóti þessa stundina.

**solveig@frettabladid.is**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og mágur,*

**Björn Jónsson**
fv. skólastjóri Hagaskóla,

verður jarðsunginn frá Neskirkju mánudaginn 8. febrúar kl. 15.00.

**Heiður Agnes Björnsdóttir** **Hákon Óskarsson**
**Magnús Jón Björnsson** **Ragna Árnadóttir**
**Kjartan Hákonarson** **Ragnheiður Kristín Sigurðardóttir**
**Brynhildur Magnúsdóttir**
**Agnes Guðrún Magnúsdóttir**
**Helgi Magnússon** **Björg Baldvinsdóttir**



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar sambýlismanns míns og bróður,*

**Hjörleifs Bjarka Guðmundssonar**
Rauðalæk 14.

**Nanna Kristín Guðmundsdóttir**
**og systkini.**



†

*Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hjálmar Breiðfjörð Jóhannsson**

lést í Seljahlíð 27. janúar. Útförin fer fram í Langholtskirkju hinn 8. febrúar kl. 13.00.

**Guðmunda D. Sigurðardóttir**
**Sigríður Hjálmarsdóttir** **Jóhann Kristjánsson**
**Guðrún Hjálmarsdóttir** **Sigurður Ketilsson**
**Guðfinna Hjálmarsdóttir** **Þorvaldur Jóhannesson**
**Hörður Þór Hjálmarsson** **Ásdís Baldvinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Una Herdís Gröndal**
fiðluleikari
áður til heimilis að Háaleitisbraut 121

sem lést föstudaginn 29. janúar, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju mánudaginn 8. febrúar kl. 15.00.

**Guðrún G. Gröndal** **Sveinbjörn Össur Gröndal**
**Jón Halldór Jónasson** **Þóra Jónsdóttir**
**Össur Ingi Jónsson** **Ásgrímur Karl Gröndal**
**Hjálmar Snorri Jónsson.**



†

*Þökkum auðsýndan hlýhug og vináttu við andlát og útför hjartkærrar móður okkar, tengdamóður, systur, mágkonu, ömmu og langömmu,*

**Katrínar Jakobsdóttur Smára.**

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Hrafnistu við Brúnaveg.

**Helga Björg Yngvadóttir**
**Jakob Yngason** **Guðrún Kvaran**
**Bergþór Smári** **Anna Júlíusdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




Rúnar Geirmundsson
Sigurður Rúnarsson
Elís Rúnarsson
Þorbergur Þórðarson

**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**
**www.utfarir.is • runar@utfarir.is**

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

†

*Æviminning*

Fréttablaðið býður nú upp á birtingu æviminninga á tímamótasíðum blaðsins.

**Hafið samband í síma 512 5490-512 5495 eða sendið fyrirspurnir á netfangið timamot@frettabladid.is**



†



*Við þökkum þann mikla hlýhug sem okkur var sýndur með einum eða öðrum hætti vegna andláts og útfarar okkar ástkæra eiginmanns, föður, sonar, tengdasonar, bróður og mágs,*

## Halldórs Bjarnasonar

sagnfræðings.

**Elín Hannesdóttir**
**Hildur Halldórsdóttir**
**Hannes Halldórsson**
**Bjarni Halldórsson**
**Kristjana Halldórsdóttir**
**Hildur Aðalbjörg Bjarnadóttir**
**Kristjana Pálsdóttir**
**Hannes Flosason**
**systkini og aðrir aðstandendur.**

†



*Elskulegur eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,*

## Hinrik Hinriksson

Mánatúni 6,

andaðist 2. febrúar. Útför fer fram frá Langholtskirkju 12. febrúar kl. 13.00.

**Ólafía H. Bjargmundsdóttir**
**Ólafía K. Hjartardóttir**
**Ólafía Magnea Hinriksdóttir**
**Halldóra Guðrún Hinriksdóttir** — **Páll L. Sigurðsson**
**Bjargey Una Hinriksdóttir** — **Róbert Einar Jensson**
**Hinrik Ingi Hinriksson**
**og barnabörn.**

†



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og vinsemd við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, sonar, afa og bróður,*

## Jóhanns Péturs Halldórssonar

vélvirkja, Núpalind 2, Kópavogi.

**Ingileif Hafdís Björnsdóttir**
**Halldór Guðjón Jóhannsson** — **Sigurlín Jóna Baldursdóttir**
**Davíð Freyr Jóhannsson** — **Pálína Þorgilsdóttir**
**Ingvi Karl Jóhannsson** — **Þórdís Ólöf Viðarsdóttir**
**Jóhann Ingi Jóhannsson** — **Sólveig Lára Kjærnested**
**Sigríður Júlíusdóttir**
**afabörn og systkini.**

†



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Elín Svava Sigurðardóttir

Skaftahlíð 42,

er lést sunnudaginn 31. janúar, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 8. febrúar kl. 13.00.

**Bergsteinn Ragnar Magnússon** — **Else Möllnitz Magnússon**
**Bogi Sigurðsson**
**Ragnhildur Magnúsdóttir** — **Kristinn Eymundsson**
**Sigrún Magnúsdóttir**
**Magnús Svavar Magnússon** — **Hafdís Magnúsdóttir**
**Margrét Halla Magnúsdóttir** — **Hafsteinn Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**






†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför*

## Guðrúnar Guðmundsdóttur

frá Víkingavatni, Dalbraut 16, Reykjavík.

**Jónína S. Jónasdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

†



*Fósturmóðir mín og móðursystir okkar,*

## Ingibjörg Ingólfsdóttir

frá Fjósatungu í Fnjóskadal, síðast til heimilis á Hrafnistu Reykjavík,

andaðist miðvikudaginn 27. janúar. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 8. febrúar klukkan 15.00.

**Agnar Erlendsson**
**Karl Kristjánsson**
**Karítas Kristjánsdóttir**
**Guðbjörg Kristjánsdóttir.**

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

## Laufeyjar Haflínu Finnsdóttur.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hjúkrunarheimilisins Garðvangi Garði, fyrir frábæra hjúkrun og umönnun.

**Finnur Óskarsson** — **Ásgerður Einarsdóttir**
**Þorbjörg Óskarsdóttir** — **Einar Gunnarsson**
**Erla Vigdís Óskarsdóttir**
**Ingibjörg Óskarsdóttir** — **Guðjón Guðjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Okkar ástkæra,*

## Helga Guðjónsdóttir

verður jarðsungin frá Bústaðakirkju, mánudaginn 8. febrúar kl. 11.00. Jarðsett verður í Stóra-Dalskirkjugarði kl. 15.30.

**Hanna Kristín Brynjólfsdóttir**
**Úlfar Brynjólfsson** — **Rósa Aðalsteinsdóttir**
**Guðrún Bjarnadóttir** — **Geir Þórólfsson**
**Ragnheiður Brynjólfsdóttir** — **Jón Þorkell Rögnvaldsson**

†



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Ólafur Kr. Magnússon

fyrrverandi skólastjóri, Bólstaðarhlíð 13, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju mánudaginn 8. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Björg Jóhannsdóttir**
**Jóhann Ólafsson** — **Jeanne Miller**
**Sigrún Ólafsdóttir** — **Helgi Bergþórsson**
**afabörn og langafabörn.**

†



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Ingigerður Oddsdóttir

frá Hróarslæk,

lést 31. janúar sl. á dvalarheimilinu Lundi á Hellu. Útförin fer fram frá Keldnakirkju laugardaginn 13. janúar nk. kl. 11.30. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vildu minnast hinnar látnu er vinsamlegast bent á minningarsjóð dvalarheimilisins Lundar á Hellu eða líknarfélög.

**Helgi Skúlason** — **Fríða Proppé**
**Guðmundur Skúlason** — **Erna Sigurðardóttir**
**Ragnheiður Skúladóttir** — **Þröstur Jónsson**
**Sólveig Jóna Skúladóttir** — **Bjarni Sveinsson**
**Þóroddur Skúlason** — **Fanney Karlsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

## Rósu Maríu Sigurgeirsdóttur

Bakka, Melasveit.

Sérstakar þakkir til starfsfólks E-deildar Sjúkrahússins á Akranesi fyrir góða umönnun hennar.

**Fanney Valdís Guðbjörnsdóttir** — **Stefán Jónas Þorsteinsson**
**Jóhann Þórðarson** — **Sigrún Birna Svavarsdóttir**
**Sigvaldi Geir Þórðarson** — **Valdís Ragnheiður Jakobsdóttir**
**Sigurður Björn Þórðarson** — **Ásta María Einarsdóttir**
**Sigurgeir Þórðarson** — **Sigríður Kristjánsdóttir**
**Sigríður Þórdís Reynisdóttir** — **Rafn Elfar Svanbergsson**
**og ömmubörn.**

†



*Frændi okkar og vinur,*

## Orri Ómarsson

verður jarðsettur í Víðistaðakirkju mánudaginn 8. febrúar kl. 13.00. Fyrir hönd foreldra eru blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeir sem vilja minnast Orra er bent á minningarsjóð sem hefur verið stofnaður í hans nafni.

Reikningsnúmer 309- 26- 030693 kt. 030378-5399.

Markmið sjóðsins er að hjálpa ungu fólki, á yngsta stigi framhaldsskóla, sem upplifir í hjarta sínu og sál djúpa dali.

**Guðlaug Helga Guðlaugsdóttir** — **Einar Þór Hafberg**
**Valborg Guðlaugsdóttir** — **Hlynur Harðarson**
**Bjarni Friðrik Bragason** — **Hrönn Þorgeirsdóttir**
**Ingunn S. Bragadóttir** — **Magnús R. Kristjánsson**
**Margrét Einarsdóttir** — **Valur Fannar Gíslason**

†



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

## Steingrímur Hermannsson

fyrrv. forsætisráðherra,

verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 9. febrúar kl. 14.00. Jafnframt verður hægt að fylgjast með athöfninni af skjá í sal Oddfellowhússins að Vonarstræti.

**Guðlaug Edda Guðmundsdóttir**
**Jón Bryan Hermannsson** — **Lieselotte Hermannsson**
**Ellen Herdís Hermannsson** — **Cary Vhugen**
**Neil Hermannsson**
**Hermann Ölvir Steingrímsson** — **Erla Ívarsdóttir**
**Hlíf Steingrímsdóttir** — **Halldór Ó. Zoëga**
**Guðmundur Steingrímsson** — **Alexía Björg Jóhannesdóttir**
**og barnabörn.**



## AUGLÝSING UM STYRKI ÚR MÓTVÆGISSJÓÐI VELFERÐARVAKTARINNAR

Velferðarvaktin auglýsir eftir umsóknum í mótvægissjóð vaktarinnar í samræmi við reglur sjóðsins. Tilgangur sjóðsins er að styðja við aðgerðir sem draga úr afleiðingum efnahagskreppunnar fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu. Að þessu sinni eru til ráðstöfunar 15 milljónir króna. Styrkfjárhæð skal að jafnaði ekki vera lægri en 500.000 krónur og að hámarki helmingur heildarkostnaðar við verkefni.

**Verkefni sem til greina kemur að styrkja eru:**

- **Ný tímabundin verkefni fyrir tiltekna hópa sem orðið hafa illa úti í efnahagsástandinu.**
- **Sérstök verkefni til að styðja starfsfólk sem aðstoðar þá sem eiga í miklum erfiðleikum.**
- **Samræming verkefna og samstarfsverkefni á vegum þriðja geirans.**

**Umsóknarfrestur er til 1. mars næstkomandi.**

Sótt skal um styrk á sérstöku umsóknareyðublaði. Reglur sjóðsins og eyðublaðið er að finna á vefslóð velferðarvaktarinnar www.felagsmalaraduneyti.is/velferdarvaktin/

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Broddadóttir í síma 545 8100 eða með tölvupósti um netfangið ingibjorg.broddadottir@fel.stjr.is



# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


# Englar Guðs

BAKÞANKAR Davíðs Þórs Jónssonar



Orðið „engill“ er myndað af gríska orðinu „angelos“ sem strangt til tekið merkir aðeins „sendiboði“. Það er af sama stofni og orðið „angelion“ sem merkir „frétt“. Með forskeytinu „ev-„ sem merkir „vel“ verður til orðið „evangelion“ sem merkir „gleðifrétt“, en hefð hefur skapast fyrir því að þýða það sem „fagnaðarerindi“.

**EINU** sinni varð mikið flóð í dal nokkrum. Fólk þusti til kirkjunnar því hún var uppi á hól. Presturinn var guðhræddur og grandvar maður og hann leiddi söfnuðinn í bæn til Guðs um að hann léti flóðinu linna. Þá var kirkjudyrunum hrundið upp og hjálparsveit kom til að bjarga fólkinu. Presturinn harðneitaði þó að láta bjarga sér. „Drottinn er minn hirðir,“ sagði hann. „Mig mun ekkert bresta.“ Hjálparsveitin hélt því leiðar sinnar án hans.

**ENN** hækkaði vatnið og presturinn varð að príla upp á þak kirkjunnar til að drukkna ekki. Þá bar þar að fólk á flekaskrifli sem það hafði tjaslað saman úr hinu og þessu. Fólkið vildi endilega bjarga prestinum, en hann harðneitaði enn og sagði: „Drottinn bjargar mér. Guð sér um sína.“ Fólkið neyddist því til að skilja hann eftir þarna á þakinu.

**ÁFRAM** hélt vatnið að hækka og presturinn varð að klifra upp í kirkjuturninn til að drukkna ekki. Hann stóð ofan á krossinum og vatnið náði honum upp í höku þegar björgunarþyrla kom á vettvang. Sigmaður var látinn síga niður eftir prestinum, en hann barðist um á hæl og hnakka og vildi ekki sjá neina björgun. Hann var sannfærður að Guð myndi koma honum til bjargar, bænahiti hans og guðhræðsla væri með svo miklum eindæmum að annað væri óhugsandi. Þyrlan varð því að halda sína leið án hans.

**VATNIÐ** hélt áfram að hækka og presturinn drukknaði. Hann fór til himna og gekk á fund Guðs sársvekktur. „Ég hef verið góður og grandvar maður og hagað lífi mínu í einu og öllu eftir fyrirmælum þínum,“ sagði hann við Guð. „Hvers vegna komst þú mér ekki til bjargar þegar ég þarfnaðist þín?“

**GUÐ** svaraði á móti sárreiður: „Hvað meinarðu? Ég sendi hjálparsveit eftir þér, ég sendi þér fólk á fleka, ég sendi meira að segja heila björgunarþyrlu. Við hverju bjóstu? Kraftaverki?“

**BOÐSKAPUR** sögunnar er þessi: Ekki bíða eftir kraftaverki. Guð sendir þér engla sína. Ef þú ert með augu og eyru opin, að ekki sé minnst á hjartað, þá þekkirðu þá þegar þeir birtast þér. Ekki á vængjunum, heldur erindinu.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# HEILDSÖLU LAGERSALA

**VIÐ ERUM AÐ RÝMA TIL Á LAGERNUM FYRIR NÝJUM VÖRUM OG SELJUM ÞVÍ ELDRI LAGER OG SÝNISHORN Á ÓTRÚLEGU VERÐI!**

# 40-60% afsláttur

**FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR**

## - aðeins í 3 daga!




Mikið úrval af vetrarfatnaði, golffatnaði, útivistarfatnaði, softshell og super stretch peysum, barna fatnaði og mörgu fl.

| Verðdæmi: | verð áður | verð nú |
|---|---|---|
| 3 laga jakkar | 37.990- | **18.900-** |
| 3 laga buxur | 37.990- | **18.900-** |
| Golfjakkar | 19.990- | **9.900-** |
| Golfregnbuxur | 22.900- | **12.900-** |
| Útivistarjakkar | 24.900- | **14.900-** |
| Barnaúlpur | 17.900- | **7.900-** |
| Skíðabuxur barna | 13.900- | **6.900-** |
| Skíðaúlpur 2 laga | 29.900- | **14.900-** |
| Skíðabuxur 2 laga | 21.900- | **12.900-** |
| Soft-shell barnapeysur | 14.900- | **5.900-** |
| Barnagallar | 11.990- | **7.900-** |
| Barnaregnjakkar | 10.990- | **5.900-** |
| Regnbuxur | 8.990- | **4.900-** |

| OPNUNARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| Laugardagur | 6. feb. | kl. 10-18 |
| Sunnudagur | 7. feb. | kl. 11-18 |
| Mánudagur | 8. feb. | kl. 12-20 |

**Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 (Dalbrekku megin) - Kópavogi - www.zo-on.is**

ZO•ON ICELAND

**> Í kvöld kl. 22**

Höfundaforlagið Nýhil stendur fyrir opnum hljóðnema (open mic), ljóðakvöldi, á barnum Bakkus sem stendur við Tryggvagötuna þar sem Gaukur á Stöng með sitt bjórlíki var áður til húsa. Vonandi verður þó ekkert ljóðlíki í boði. Þetta er fjórða ljóðakvöldið í röðinni og vandræðalegheita-stemningin hefur ítrekað vikið fyrir sannri raust óforskammaðra ljóðmælenda. Hljóðneminn er öllum opinn og enginn er aðgangseyririnn.

# menning

menning@frettabladid.is

## Afmælisblástur

Hinn 31. janúar sl. voru liðin 60 ár frá stofnun Lúðrasveitar Hafnarfjarðar. Af því tilefni verða haldnir afmælistónleikar í dag í Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði. Haft var samband við flesta sem starfað hafa með lúðrasveitinni á liðnum árum og þeim boðið að taka þátt í þessum tónleikum. Viðbrögð voru góð og hafa milli 50 og 60 manns æft stíft að undanförnu. Afrakstursins fá tónleikagestir að njóta á þessum tónleikum.

Efnisskráin er fjölbreytt og spannar sögu sveitarinnar. Göngulög verða áberandi, ættjarðarlög og skemmtimúsík verða leikin í bland. Stjórnendur á tónleikunum eru þeir Stefán Ómar Jakobsson og Hans Ploder. Tónleikarnir hefjast kl. 16 og það er ókeypis aðgangur.



**SEXTUGSAFMÆLI** Hér er mynd af æfingu á 6. áratugnum. Albert Klahn stjórnar af röggsemi.

**> Ekki missa af**

Curver Thoroddsen listamaður fjallar um eigin verk í hádegisfyrirlestri Opna Listaháskólans í húsnæði myndlistardeildar Listaháskóla Íslands, Laugarnesvegi 91, stofu 024, nú á mánudaginn 8. febrúar kl. 12.30. Á undan fyrirlestrinum framkvæmir Curver hálftíma langan nektargjörning (sem hefst þá klukkan 12.00).


Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Listmunauppboð í Galleríi Fold

fer fram mánudaginn 8. febrúar, kl. 18.15 í Galleríi Fold, á Rauðarárstíg

Á uppboðinu er úrval góðra verka, meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna



Jóhannes S. Kjarval

Verkin verða sýnd: í dag laugardag 11–17, sunnudag 12–17 og mánudag 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is


## Sex á Havaríi

Enn heldur fjörleg myndlistarstarfssemin áfram í Havarí í Austurstrætinu. Í dag opnar sýning sex ungra kyndilbera íslensku myndlistarsenunnar.

Sexmenningarnir eiga það nær allir sameiginlegt að hafa látið til sín taka á öðrum sviðum listarinnar. Það er eiginlega bara Davíð Örn Halldórsson, sem hefur einbeitt sér að myndlistinni. Hans stóru litríku málverk hafa slegið í gegn að undanförnu. Nú má einnig sjá verk eftir hann á sýningunni Ljóslitlífun í Hafnarhúsinu. Þetta er í annað sinn sem hann sýnir í Havaríi.

Elín Hansdóttir er sístækkandi nafn í hinum alþjóðlega listaheimi. Innsetningar hennar vekja athygli hvert sem þær fara. Eflaust kannast margir við við Elínu úr kvikmynd Dags Kára Sigurðssonar; Nóa albínóa, en þar lék hún sjoppustelpuna Írisi.

Kvikmyndatengsl má einnig finna í Bjarna Massa. Hann er einn af meðlimum kvikmyndagrúppunnar Lortur. Massinn er þekktur fyrir ást sína á landsbyggðinni og nú er það Flateyri sem kallar. Fannst Massanum viðeigandi að henda upp nokkrum verkum til að minna á sig áður en hann lætur sig hverfa vestur í nokkra mánuði. Pétur Már Gunnarson er einn af heilunum á bakvið DVD tímaritið Rafskinnu.



**Í HAVARÍ** Verk eftir Elínu Hansdóttur.

Hann sýnir skúlptúra og myndir.

Þá eru það poppararnir. Egill Sæbjörnsson átti stórleik á síðasta ári. Gaf út plötu og hélt stóra einkasýningu í Listasafni Reykjavíkur. Þá kom út bók um verkin hans og RÚV sýndi heimildarmynd um hann í desember. Hann sýnir fótósjoppaðar ljósmyndir af sjálfum sér á baðströndum. Örvar Þóreyjarson Smárason er öllu þekktari fyrir framlag sitt til íslenskrar dægurtónlistar, enda í múm og FM Belfast. Teikningar eftir Örvar hafa birst í bókum, á plötuumslögum og á sýningum víða um heim. Og nú sýnir hann í Havaríi. - drg





Alþjóðlegi netöryggisdagurinn 2010 verður haldinn **9. febrúar** næstkomandi undir yfirskriftinni „Hugsaðu áður en þú sendir". Í tilefni dagsins stendur SAFT fyrir opnu málþingi í Skriðu, aðalbyggingu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands v/Stakkahlíð, **kl 14.30-16.30**.

**Á málþinginu verður m.a. fjallað um netið og:**

- vinasöfnun á félagsnetsíðum
- myndbirtingar
- rafræn tengsl og persónusköpun ungs fólks
- friðhelgi og persónuvernd
- lögreglurannsókn mála
- veitt verða verðlaun í nemendasamkeppni um gerð jafningjafræðsluefnis um jákvæða og örugga netnotkun

**Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu SAFT (www.saft.is)**

Heimili og skóli Landssamtök foreldra · vodafone · Microsoft · Safer Internet Day 2010 · NÝHERJI · LÝÐHEILSUSTÖÐ · MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ


## Fíflarnir koma upp

Tvær sýningaropnanir verða í Listasafni ASÍ kl. 15 í dag. Önnur þeirra er sýning Guðrúnar Gunnarsdóttur, sem horfir á fífla frá ýmsum sjónarhornum.

„Ég er að vinna út frá fíflum og þessu orðatiltæki að muna sinn fífil fegri," segir Guðrún. „Öll hugmyndafræðin í sýningunni er út frá þeirri setningu. Ég er að hugsa um íslensku þjóðina. Það er táknmál í þessu. Það er engin tilviljun að fífill verður stundum að fífli. Ég er samt ekki að vinna út frá neinni pólitík."

Guðrún vinnur með ýmis efni; plast, vír, útsaum og klippir út úr landakortum. Henni finnst fífilinn vera vanmetinn. „Hann er fyrsta sumarblómið sem stingur upp kollinum og við gerum varla annað en að tæta hann upp. Og þjóðin má svo sannarlega muna sinn fífil fegri. En fíflarnir koma samt alltaf stoltir upp á hverju vori sama hvað gengur á og þannig sé ég fyrir mér að þjóðin muni rísa upp. Það getur nú ekki annað verið."



**ÖLL Í FÍFLUNUM** Guðrún Gunnarsdóttir. MYND/GUÐMUNDUR INGÓLFSSON

Hin sýningin sem opnar í Listasafni ASÍ er sýning Guðmundar Ingólfssonar. en hann sýnir ljósmyndaröð af rýmum. Þá sýningu kallar hann Heimild um horfinn tíma. - drg


**Ársfundur Hins íslenska biblíufélags 7. febrúar kl. 12:30 í safnaðarheimili Seltjarnarneskirkju**

**Dagskrá**

1. Ársreikningur 2009
2. Skýrsla stjórnar og stefnulýsing
3. Tillögur að lagabreytingum
4. Kjör í stjórn
5. Önnur mál

HIÐ ÍSLENZKA BIBLÍUFÉLAG 1815


LOKAHELGI
ÚTSÖLUNNAR
ÞÚSUNDIR TITLA Á ALLT AÐ
80%
AFSLÆTTI
TÓNLIST · TÖLVULEIKIR · DVD
SKÍFAN
SKÍFAN · LAUGAVEGUR 26 · KRINGLAN · SÍMI 591 5300 · WWW.SKIFAN.IS

# ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



## Brennuvargarnir (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Mið 17/2 kl. 20:00 U | Mið 24/2 kl. 20:00 Aukas. Ö | |
| Fim 18/2 kl. 20:00 Síðasta sýn. U | | |

„Besta leiksýning ársins" MBL, IÞ. Aukasýning 24. febrúar komin í sölu!



## Oliver! (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 6/2 kl. 15:00 U | Sun 28/2 kl. 15:00 U | Sun 21/3 kl. 15:00 Ö |
| Lau 6/2 kl. 19:00 Ö | Sun 28/2 kl. 19:00 Ö | Sun 21/3 kl. 19:00 Ö |
| Sun 14/2 kl. 15:00 U | Sun 7/3 kl. 15:00 Ö | Lau 27/3 kl. 15:00 Ö |
| Sun 14/2 kl. 19:00 U | Sun 7/3 kl. 19:00 Ö | Lau 27/3 kl. 19:00 |
| Sun 21/2 kl. 15:00 U | Sun 14/3 kl. 15:00 U | Sun 28/3 kl. 15:00 |
| Sun 21/2 kl. 19:00 Ö | Sun 14/3 kl. 19:00 Ö | |

Oliver! ★★★★ MBL, GB. Nýjar sýningar komnar í sölu.



## Gerpla (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 12/2 kl. 20:00 Frums. U | Fim 25/2 kl. 20:00 Aukas. U | Fös 5/3 kl. 20:00 7. K Ö |
| Lau 13/2 kl. 20:00 2. K U | Fös 26/2 kl. 20:00 5. K Ö | Lau 6/3 kl. 20:00 8. K Ö |
| Fös 19/2 kl. 20:00 3 K Ö | Lau 27/2 kl. 20:00 6. K Ö | Fim 11/3 kl. 20:00 Ö |
| Lau 20/2 kl. 20:00 4. K U | | |

Miðasala hafin – tryggið ykkur sæti á fyrstu sýningar!



## Fíasól (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 13/3 kl. 15:00 Frums. U | Lau 27/3 kl. 15:00 U | Lau 17/4 kl 15:00 Ö |
| Sun 14/3 kl. 13:00 U | Sun 28/3 kl. 13:00 U | Sun 18/4 kl 13:00 Ö |
| Sun 14/3 kl. 15:00 U | Sun 28/3 kl 15:00 U | Sun 18/4 kl 15:00 U |
| Lau 20/3 kl. 13:00 U | Lau 10/4 kl 13:00 U | Lau 24/4 kl 16:00 U |
| Lau 20/3 kl. 15:00 U | Lau 10/4 kl 15:00 U | Sun 25/4 kl 13:00 |
| Sun 21/3 kl. 13:00 U | Sun 11/4 kl 13:00 U | Sun 25/4 kl 15:00 |
| Sun 21/3 kl. 15:00 U | Sun 11/4 kl 15:00 U | |
| Lau 27/3 kl. 13:00 U | Lau 17/4 kl 13:00 Ö | |

Sprellfjörug sýning um gleðisprengjuna ómótstæðilegu!



NOTAÐU LEIKHÚSKORTIÐ!


HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

## Laugardagur 06. febrúar 2010

### Tónleikar

**16.00** Afmælistónleikar Lúðrasveitar Hafnarfjarðar verða í Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði. **Enginn aðgangseyrir.**

**21.00** Miri verður með útgáfutónleika á Karamba við Laugaveg 22.

**22.00** Menn ársins verða með tónleika á **Kaffi Rósenberg** við Klapparstíg.

### Fundir

**13.00** Unifem umræður í húsnæði Miðstöðvar Sameinuðu þjóðanna á Laugavegi 42. Erindi flytja Sigríður Lillý Baldursdóttir og Brynhildur Flóvenz. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir. Nánari upplýsingar á **www.jafnretti.is.**

### Hláturjóga

**10.30** Opinn hláturjógatími verður hjá Maður lifandi við Borgartún 26. Leiðbeinandi er Hlíf Kristjánsdóttir. Nánari upplýsingar **www.madurlifandi.is.**

### Ópera

**14.00** Nemendaópera Söngskólans sýnir óperuna Don Djammstaff í Íslensku óperunni við Ingólfsstræti. Nánari upplýsingar á www.opera.is.

### Kvikmyndir



**16.00** Kvikmyndasafn Íslands sýnir kvikmynd Lárus Ýmis Óskarssonar **„Andra dansen" (1983)**. Sýningin fer fram í Bæjarbíói við Strandgötu í Hafnarfirði. Íslenskur texti. Nánari upplýsingar á www.kvikmyndasafn.is.

### Ljóð

**22.00** Höfundaforlagið Nýhil stendur fyrir **Open mic** ljóðakvöldi á Bakkusi við Tryggvagötu 22. Enginn aðgangseyrir.

### Fyrirlestrar

**13.00** Halldór Björnsson flytur erindið: Hitnar í kolunum - gróðurhúsaáhrif og loftlagsbreytingar í fortíð og framtíð. Fyrirlesturinn fer fram í Öskju við Sturlugötu 7 (sal 132). Nánari upplýsingar á **www.visindavefur.hi.is.**

## Sunnudagur 07. febrúar 2010

### Félagsvist

**14.00** Félagsvist verður spiluð í Breiðfirðingabúð að Faxafeni 14.

### Kvikmyndir

**15.00** Fyrri hluti sovésku kvikmyndarinnar **„Daríja"** (1971) verður sýndur hjá MÍR við Hverfisgötu 105. Enskur texti og aðgangur ókeypis. Seinni hluti verður sýndur mánudagskvöldið 8. feb. kl. 20.

### Dans

**20.00** ÍD sýnir Endalaus, nýtt verk eftir Alan Lucien Oyen í **Borgarleikhúsinu** við Listabraut. Nánari upplýsingar á www.borgarleikhus.is.

### Leiðsögn

**14.00 Kristín Arngrímsdóttir** myndlistarmaður verður með leiðsögn um sýninguna Carnegie Art Award 2010 sem stendur yfir í **Listasafni Íslands** við Fríkirkjuveg. Opið alla daga nema mánudaga kl. 11-17.

**14.00** Í **Þjóðminjasafni Íslands** við Suðurgötu verður boðið upp á barnaleiðsögn. Opið alla daga nema mánudaga kl. 11-17.

**15.00** Helga Lára Þorsteinsdóttir verður með leiðsögn á Kjarvalsstöðum við Flókagötu. **Opið alla daga kl. 10-17.**



**15.00** Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir verður með leiðsögn um sýningu sína Ljósbrot sem nú stendur yfir í **Hafnarborg** við Strandgötu í Hafnarfirði. Opið alla daga nema þriðjudaga kl. 12-17. Fimmtudaga til kl. 21.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**




Andrew D'Angelo & STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR




Höfundur tónlistar, stjórnandi og einleikari á saxófón verður Bandaríkjamaðurinn Andrew D'Angelo.

D'Angelo er í hópi fremstu manna á sviði framsækinnar tónlistar í New York um þessar mundir.

Kaffi Rosenberg
Sunnudag 7. feb. kl. 21:00
Mánudag 8. feb. kl. 21:00

Styrkt af Reykjavíkurborg
Tónlistarsjóður

Aðgangseyrir kr. 1.000
Námsmenn og eldri borgarar kr. 500





• Er raflögnin orðin gömul eða úr sér gengin?
• Hefur þú áhyggjur af öryggi fjölskyldunnar?

ÓKEYPIS SKOÐUN!

Við hjá **Rafsól** skoðum eldri raflagnir og gerum kostnaðaráætlanir á þeim úrbótum sem þurfa þykir, **húseigendum að kostnaðarlausu.**

**Fyrirbyggjum slys - aukum öryggi!**

Upplýsingar í síma:
696 5600
rafsol@rafsol.is

RAFSÓL

Skúlagata 30 • 101 Reykjavík • Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

Rafsól er löggiltur rafverktaki og starfar í Reykjavík og nágrenni










Fiskislóð 31 - Til leigu

Vel staðsett atvinnuhúsnæði neðst á Fiskislóð við sjávarsíðuna. Til afhendingar í mars, apríl og maí. Húsið er á tveimur hæðum með sex stigagöngum. Á efstu hæð eru inndregnar svalir með glæsilegum útsýnissvölum. Eignarhlutar eru 24. Hægt er að leigja einn eða fleiri eignarhluta.

- Rýmin eru í þremur stærðum: 110 fm, 160 fm og 220 fm.
- Fjölbreyttir notkunarmöguleikar.
- Hægt er að koma að hönnun innra skipulags.
- Húsnæðið afhendist tilbúið sem opið rými.
- Hægt er að stúka rýmin niður í skrifstofur og fundarherbergi allt eftir óskum leigutaka.
- Frábær staðsetning með glæsilegu útsýni.
- Hagstæð langtíma leiga.
- Einstakt útsýni.

**Nánari upplýsingar á www.northproperties.is**

Upplýsingar veitir Steinarr Logi í síma 842 0402, netfang steinarr@northbygg.is

512 50 50 Auglýsingasími – Mest lesið

Tónlist ★★★

**The Go-Go Darkness**

The Go-Go Darkness




The Go-Go Darkness er dúó skipað þeim Henrik Björnssyni úr Singapore Sling og Elsu Maríu Blöndal sem meðal annars hefur sungið bakraddir með Sling, en þau semja öll lögin á þessari fyrstu plötu sveitarinnar nema eitt og sjá um hljóðfæraleik og söng. Tónlistin er svipaðrar náttúru og tónlist Singapore Sling, nema hér er gítarinn ekki allsráðandi og hljómborð og trommuheili áberandi í mixinu. Helstu áhrifavaldar sveitarinnar eru ofursvalir listamenn á borð við The Velvet Underground, Alan Vega og Cramps, en hljóðfæraskipanin og söngur Elsu Maríu gefa tónlist The Go-Go Darkness skemmtilega poppað yfirbragð. Lagasmíðarnar eru margar ágætar og platan heldur kúlinu alveg út í gegn. Lokalagið er tökulag, It's Just That Song eftir Charlie Feathers, sem margir þekkja einmitt í frábærri útgáfu The Cramps.

The Go-Go Darkness er ágætt innlegg í íslenska poppflóru. Ekkert sérstaklega ferskt innlegg, en skemmtilegt engu að síður. **Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Poppuð útgáfa af Singapore Sling

## METSÖLULISTI FÍBÚT

| Titill | Rithöfundur | útgefandi |
|---|---|---|
| Loftkastalinn sem hrundi | Stieg Larsson | Bjartur |
| Matur og drykkur | Helga Sigurðardóttir | Opna |
| Svörtuloft | Arnaldur Indriðason | Vaka-Helgafell |
| Stúlkan sem lék sér að eldinum | Stieg Larsson | Bjartur |
| Týnda táknið | Dan Brown | Bjartur |
| Almanak Háskóla Íslands 2010 | | Háskóli Íslands |
| Skemmtilegu smábarnabækurnar | Ýmsir | Björk |
| Horfðu á mig | Yrsa Sigurðardóttir | Veröld |
| Kirkja hafsins | Ildefonso Falcones | JPV |
| Snorri - Ævisaga 1179-1241 | Óskar Guðmundsson | JPV |

*Listinn er tekinn saman af Rannsóknarsetri verslunarinnar og er byggður á tölum frá tímabilinu 15.-31. janúar frá eftirtöldum sölustöðum: Bókabúð Máls og menningar, Bókabúðin Eskja, Bókabúðin Hamraborg, Bókabúðin Iða, Bókabúðin við höfnina (Stykkishólmi), Bóksala stúdenta, Bónus, Hagkaup, Kaupás, N1, Office 1, Penninn - Eymundsson og Samkaup*

## MEST SELDU BÆKURNAR Í JANÚAR

| Titill | Höfundur | Útgefandi |
|---|---|---|
| Loftkastalinn sem hrundi | Stieg Larsson | Bjartur |
| Almanak Háskóla Íslands | | Háskóli Íslands |
| Svörtuloft | Arnaldur Indriðason | Vaka-Helgafell |
| Stúlkan sem lék sér að eldinum | Stieg Larsson | Bjartur |
| Skemmtilegu smábarnabækurnar | Ýmsir | Björk |
| Matur og drykkur | Helga Sigurðardóttir | Opna |
| Konur eiga orðið 2010 | Ritstj. Kristín Birgisdóttir | Salka |
| Prjónaperlur | Halldóra Skarphéðinsdóttir | Prjónaperlur |
| Meiri hamingja | Tal Ben-Shahar | Undur og stórmerki |
| Týnda táknið | Dan Brown | Bjartur |



STIEG LARSSON


IÐNÓ

TILBRIGÐI VIÐ STEF

eftir Þór Rögnvaldsson — Stef: Hin sterkari eftir Strindberg

**Næstu sýningar:** 4/2, 6/2, 11/2, 14/2, 21/2, 25/2, 27/2 – kl. 20

Fbl.★★★★★ Elísabet Brekkan — *Klassískt verk fullt af leikgleði.*

Mbl. ★★★ Ingibjörg Þórisdóttir — *Leikstjóranum Ingu Bjarnason tekst vel upp enda enginn nýgræðingur í faginu.*

Sími: 562 9700 kl. 11–16 og tveim tímum fyrir sýningu – www.midi.is

CARNEGIE ART AWARD 2010

8.1. – 21.2. 2010

Leiðsögn þriðjudaga og föstudaga kl. 12.10
Sjá nánar fræðsludagskrá á www.listasafn.is
Ókeypis aðgangur | Opið daglega kl. 11-17 | Lokað mánudaga
Fríkirkjuvegi 7 | 101 Reykjavík
LISTASAFN ÍSLANDS NATIONAL GALLERY OF ICELAND









## > SPENNANDI VÖRUR Á MARKAÐI

Sjöundi „pop-up“-markaðurinn verður haldinn í dag og er í þetta sinn haldinn í Nýlenduvöruverslun Hemma og Valda. Meðal hönnuða sem verða með varning til sölu eru Serendipity, Eight of Hearts, Varius, Anna Soffía og AC Bullion.

# stíll

utlit@frettabladid.is



Æðislegt heklað hálsmen frá Elvu. Fæst á Pop-Up markaðnum í Hemma og Valda í dag.

## OKKUR LANGAR Í ...




Hárnæringu sem bjargar þurru, lituðu og líflausu hári frá L'Oreal.




Nýtt varagloss frá Bobbi Brown sem lætur varirnar líta þrýstnari út.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

# *Sjónrænir mannfræðingar*

Mannfræði er fræðigrein sem kannar alla kima samfélagsins og mannlegs eðlis. Í raun mætti flokka allt sem viðkemur lífi mannsins undir mannfræði. Mannfræðingar kynna sér lifnaðarhætti fólks og í dag hafa mannfræðingar í auknum mæli sýnt vistarverum og tísku manna aukinn áhuga.

Sumir vilja meina að tískubloggarar heimsins séu „sjónrænir mannfræðingar“ þar sem þeir fylgjast með og skrásetja tískustrauma og klæðaburð manna víðs vegar um heiminn og gera svo „rannsóknir“ sínar aðgengilegar öllum með hjálp netsins. Vegna þessara „rannsókna“ hinna „sjónrænu mannfræðinga“ get ég fylgst með tískustraumum í löndum víðs fjarri Íslandi. Með þessum hætti get ég nú kynnt mér klæðaburð íbúa Brasilíu, Suður-Kóreu og Lettlands án þess að þurfa að hafa fyrir því að ferðast sjálf til þessara landa. Þegar þessi tískublogg eru skoðuð kemur það eflaust fáum á óvart hversu keimlíkur klæðnaður fólks er orðinn. Vissulega er einhver herslumunur á þeim fatnaði sem Íslendingar klæðast og þeim sem íbúar í brasilísku borginni Sao Paulo klæðast en ég held að sá munur stafi heldur af loftlagsástæðum en einhverju öðru.



Að auki eru íbúar hins netvædda heims óþreytandi við að skrásetja sitt eigið líf með aðstoð alheimsvefjarins og má þar nefna samskiptasíður líkt og Facebook í þeim efnum og ljósmyndasíðuna Flickr. Enn aðrir halda sérstaka tískudagbók þar sem fatasamsetningar hvers dags eru skrásettar á síðum líkt og Lookbook.nu.

Í fyrsta sinn í sögu mannkyns er fjöldi fólks meðvitað að deila lífi sínu, áhugamálum, hugleiðingum og fatasmekk með hvað öðru á bloggum, samskiptasíðum eða Youtube. Og að sama skapi getum við nú skyggnst inn í líf fólks í öðrum heimsálfum án þess að þurfa nokkurn tímann að ferðast þangað.



**LEÐUR** Fallegur stuttur kjóll.



**NÚTÍMALEGT** Falleg hvít blússa við stutt A-pils.



**STUTT** Ótrúlega fallegur leðurkjóll með stuttum ermum.



**SVART** Skemmtilega einfaldur kjóll með leðurbryddingum.

## PHOEBE PHILO SLÆR Í GEGN HJÁ CELINE

# Minnir á ljósmyndir Helmuts Newton

Chloé-hönnuðurinn fyrrverandi, Phoebe Philo hefur sest við stjórnvölinn í hönnunardeild franska tískuhússins Celine. Celine var mjög frægt á sjöunda og áttunda áratugnum en var farið að dala en nú er ljóst að ráðning Philo hefur borgað sig. Lína hennar fyrir vor og sumar 2010 vakti mikla hrifningu, sérstaklega hjá kvenpenningum sem taldi þetta einstaklega klæðilegan og nútímalegan fatnað. „Mig langaði til þess að gera fötin meira straumlínulöguð, svona í naumhyggjustíl samtímans fyrir konur á þrítugs- og fertugsaldri.“ Fötin voru í senn kynþokkafull og praktísk: mikið bar á aðsniðnum kápum og kjólum, stuttum pilsum og fallegum skyrtum. Tískubloggarar sögðu margir hverjir fatnaðinn minna sig á erótískar ljósmyndir meistara Helmuts Newton, og þá sérstaklega leðurkjólarnir og pilsin. - amb



**SEXÝ** Þröng aðsniðin leðurkápa með belti.



**TÖFF** Flottur skyrtukjóll með reimum.



# FERMING 2010



"strákarnir okkar"



"stelpurnar okkar"

galleri sautján

Laugavegi | Kringlunni | Smáralind | www.ntc.is | erum á facebook

## > JUSTIN HEIÐRAÐUR

Popparinn Justin Timberlake hefur verið útnefndur maður ársins af Hasty Pudding-leiklistarsamtökum Harvard í Bandaríkjunum. Stutt er síðan leikkonan Anne Hathaway var kjörin kona ársins af samtökunum.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Gáfu hálfa milljón til styrktar Haítí

Tónlistarmennirnir Arnar Már Friðriksson og Birgir Sævarsson, sem vöktu fyrst athygli í þættinum Bandið hans Bubba, söfnuðu rúmri hálfri milljón króna á styrktartónleikum sem þeir héldu á Nasa 20. janúar. Þar komu fram Páll Óskar Hjálmtýsson, Stefán Hilmarsson og fleiri kunnir tónlistarmenn og voru áheyrendur fjögur hundruð. Allur ágóðinn rennur til fórnarlamba jarðskjálftans á Haítí í gegnum Rauða krossinn og afhentu þeir félagar samtökunum ávísun með þeirri upphæð í gær.

„Við vissum ekki hverju við áttum von á. Þessir tónleikar voru skipulagðir á fimm sólarhringum. Miðað við að auglýsingar voru keyrðar í tvo daga og að þetta var fimm daga fyrirvari þá erum við mjög ánægðir með þessa upphæð," segir Arnar Már. Alls söfnuðust 451 þúsund á tónleikunum á Nasa og N1 bætti síðan við 100 þúsund krónum. „Ef tveir gæjar frá Íslandi ná hálfri milljón þá spyr maður sig hvað allur heimurinn gæti gert. Við Biggi erum rosalega stoltir af þessu."

Þeir Arnar og Birgir feta þar með í fótspor heimsþekktra tónlistarmanna sem hafa lagt Haítí lið að undanförnu. Í Hollywood komu 75 stjörnur úr tónlistar- og kvikmyndaheiminum saman til að taka upp nýja útgáfu af laginu We Are The World sem kom upphaflega út árið 1985. Á meðal þeirra sem tóku þátt voru Pink, Santana, Celine Dion, Jeff Bridges, Vince Vaughn og Snoop Dogg. Allur ágóði lagsins rennur til fórnarlamba jarðskjálftans en það verður fyrst spilað á sjónvarpsstöðinni NBC 12. febrúar. - fb



**ÁVÍSUN AFHENT** Arnar Már og Birgir afhenda Kristjáni Sturlusyni og Ottó Tynes hjá Rauða krossinum ávísun með peningaupphæðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**LEE DOUGLAS** Plötusnúðurinn Lee Douglas spilar á Kaffibarnum í kvöld.

## Douglas þeytir skífum

**Bandaríski plötusnúðurinn Lee Douglas þeytir skífum á Kaffibarnum í kvöld. Douglas hefur verið duglegur við að færa gömul, sjaldheyrð diskólög í nýjan búning. Hann er í tveimur öðrum hljómsveitum sem heita TBD og Stallions. Með honum í fyrrnefndu sveitinni er Justin Vandervolgen úr hljómsveitinni !!! sem hefur spilað á Airwaves-hátíðinni.**

**Andrew Hogge, eða Lovefingers, spilar með Douglas í Stallions. Það eru Haukur Heiðar Leifsson og Símon Ragnar úr dúóinu FKNHNDSM sem skipuleggja komu Douglas til landsins. Enginn aðgangseyrir er á tónleikana.**

# Þeir ríkustu í Hollywood

**Kvikmyndaframleiðandinn og -leikstjórinn Michael Bay græddi mest allra í Hollywood á síðasta ári, samkvæmt rannsókn tímaritsins Vanity Fair, eða um sextán milljarða króna.**

Þrátt fyrir að minna fjármagn hafi flögrað um í Hollywood í fyrra en oft áður virðist það ekki hafa haft áhrif á toppana í kvikmyndaborginni.

Samkvæmt útreikningum Vanity Fair, sem eru byggðir á áætluðum tekjum, græddi Michael Bay um 9,6 milljarða króna á hasarmyndinni Transformers: Revenge of the Fallen, bæði fyrir leikstjórn sína og framleiðslu. Alls græddi myndin tæpa 107 milljarða í miðasölu víðs vegar um heiminn, þrátt fyrir að hún hafi fengið misjafna dóma gagnrýnenda. Bay fékk einnig í vasann um 3,6 milljarða fyrir DVD-sölu myndarinnar og um 1,6 milljarða fyrir leikfangasölu og gjöld tengd höfundarrétti hans. Alls námu tekjur hans um 16 milljörðum bæði fyrir Transformers og önnur verkefni sem hann kom nálægt, sem eru ekki slæm árslaun hjá einum og sama manninum.



**LEPJA EKKI DAUÐAN ÚR SKEL**

Þeir **Michael Bay**, **Steven Spielberg**, Roland Emmerich, **James Cameron** og Todd Philips eru ekki á neinum sultarlaunum í Hollywood. Þeir eru tekjuhæstu mennirnir í kvikmyndaborginni og geta leyft sér nánast hvað sem er þegar kemur að kvikmyndum. **Daniel Radcliffe** er síðan tekjuhæsti leikarinn og skýtur mönnum á borð við Ben Stiller og **Tom Hanks** ref fyrir rass.

Framleiðendur og leikstjórar eru einnig í næstu fjórum sætum á eftir Bay, eða þeir Steven Spielberg, Roland Emmerich, James Cameron og Todd Philips. Spielberg fékk tæpa 10,8 milljarða á síðasta ári, þar af um 2,5 milljarða fyrir að framleiða og leikstýra nýrri ævintýramynd um teiknimyndahetjuna Tinna sem kemur út á næsta ári. Emmerich græddi tæpa níu milljarða á stórslysamyndinni 2012 sem var sýnd síðasta sumar en alls halaði hún inn tæpa 96 milljörðum króna. Cameron þénaði um 6,4 milljarða á stórmyndinni Avatar, sem er þegar orðin tekjuhæsta mynd allra tíma, og Todd Phillips fékk um 5,6 milljarða í vasann fyrir hinn óvænta gamansmell The Hangover.

Tekjuhæsti leikarinn á listanum var sjálfur Harry Potter, eða Daniel Radcliffe, með svipaðar tekjur og Phillips, eða um 5,2 milljarða. Næstir á eftir honum komu leikararnir Ben Stiller og Tom Hanks.

freyr@frettabladid.is








**ÓLI OFUR** Plötusnúðurinn er að byrja með skemmtikvöldin SunDaze ásamt Fúsa Axfjörð og Bjarka Balrock.

## Áreynslulaus danstónlist

**Plötusnúðarnir Óli Ofur, Fúsi Axfjörð og Bjarki Balrock hefja á sunnudagskvöld nýja tegund skemmtikvölda sem nefnast SunDaze. Fyrsta kvöldið verður á Jacobsen og verður það í höndum Bjarka Balrock. „Músíkin á að vera áreynslulaus og í hæsta gæðaflokki. Hún þarf líka að búa yfir þeim eiginleikum að afrétta, gleðja og upplífga," segir Óli Ofur. „Með þessum kvöldum gefst tækifæri til að spila tónlist sem á það til að búa yfir töluvert meiri sál og hjarta en sú músík sem drífur helgargólfin áfram."**

Landsins stærsta

# Skósprengja

Lágmark

50%

afsláttur

opnunartími
mán - fös: 11 - 18
lau: 11 - 16
sun: 12 - 16

Opið í dag 11 - 16
og sunnudag 12 -16

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco
Laugarvegi - Kringlunni
Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

Toppskórinn
Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075 - bara lúxus




TILBOÐ í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| EDGE OF DARKNESS | kl. 5.40, 8 og 10.20 | 16 |
| IT'S COMPLICATED | kl. 5.40, 8 og 10.20 | 12 |
| SKÝAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM... 3D- Ísl. tal | kl. 2(900 kr) og 3.50 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2- Ísl. tal | kl. 2(600 kr) og 4 | L |
| MAMMA GÓ GÓ | kl. 2 og 3.50 | 10 |
| AVATAR 3D | kl. 6 og 9 | 10 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE BOOK OF ELI | kl. 8D - 10:30D | 16 |
| THE BOOK OF ELI | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| AN EDUCATION | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:30 | L |
| WHERE THE WILD THINGS ARE | kl. 1:30 - 3:40 | 7 |
| UP IN THE AIR | kl. 5:50 - 8:10 - 10:40 | L |
| PLANET 51 M/ ísl. Tali | kl. 1:30D - 3:40D - 5:50D | L |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| BJARNFREÐARSON | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:30 | L |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ ísl. Tali | kl. 1:20 - 3:20 | L |
| OLD DOGS | kl. 1:30 | L |

SÝNINGARTÍMAR GILDA FYRIR LAUGARDAG
KYNNIÐ YKKUR SUNNUDAGSTÍMANA Á
WWW.SAMBIO.IS

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SIMON BOCCANEGRA Ópera í Beini útsendingu | kl. 6 | L |
| MAYBE I SHOULD HAVE | kl. 5:50 - 10 | L |
| THE BOOK OF ELI | kl. 8:10D - 10:40D | 16 |
| IT'S COMPLICATED | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| SHERLOCK HOLMES Sýnd á morgun | kl.10:40D | 12 |
| PLANET 51 M/ ísl. Tali | kl. 1:30D - 3:40D | L |
| BJARNFREÐARSON | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ ísl. Tali | kl. 1:30 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PLANET 51 M/ ísl. Tali | kl. 2 | L |
| TOY STORY 1 - 3D | kl. 4 | L |
| MAYBE I SHOULD HAVE | kl 6 | L |
| THE BOOK OF ELI | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 | L |
| BJARNFREÐARSON | kl. 5:40 | L |
| WHIP IT | kl. 8 | 7 |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 10:20 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 600 kr.

| | | |
|---|---|---|
| EDGE OF DARKNESS | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| EDGE OF DARKNESS LÚXUS | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| IT´S COMPLICATED | kl. 8 - 10.35 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 3D | kl. 1 950 kr. - 3.40 - 5.50 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | kl. 1 - 3.40 - 5.50 | L |
| DYHAT MORGANS | kl. 10 | 7 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 - 8 | L |
| AVATAR 3D | kl. 1 950 kr. 4.40 - 8 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 1 - 3.50 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 600 kr.

| | | |
|---|---|---|
| NINE | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 3D | kl. 1.30 950 kr. 3.40 - 5.50 | L |
| IT´S COMPLICATED Laugardag | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.35 | 12 |
| IT´S COMPLICATED Sunnudag | kl. 8 - 10.35 | L |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 2-4 -6 -8- 10 ekki 10 sun | 10 |
| AVATAR 3D | kl. 8 | |
| NIKULÁS LITLI Sunnudag | kl. 2 - 4 - 6 - 10 | |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 600 kr.

| | | |
|---|---|---|
| NINE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| CLOUDY WITH MEATBALLS 2D | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | kl. 3.40 - 5.50 íslenskt tal | L |
| HARRY BROWN | kl. 10.35 | 16 |
| THE ROAD | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR 2 | kl. 4 - 6 íslenskt tal | L |
| JULIE & JULIA | kl. 8 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 550 kr.

| | | |
|---|---|---|
| EDGE OF DARKNESS | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | kl. 2 - 4 | L |
| IT´S COMPLICATED | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| AVATAR 2D | kl. 4 | 10 |
| NIKULÁS LITLI | kl. 6 Aðeins laugardag | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 2 | L |
| GÓÐ LÖGGA, VOND LÖGGA | kl. 6 Aðeins sunnudag ensk.text | 12 |


# Verður mjótt á mununum

**Í kvöld ræðst hvaða lag verður 23. Eurovision-framlag Íslands. Sex lög berjast um hylli landsmanna og spennan er gífurleg.**







## HVER GERIR ÞETTA FULLKOMIÐ Í KVÖLD?

Flytjendur laganna sex, **Íris Hólm**, **Matti**, **Hvanndalsbræður**, **Jógvan**, **Sjonni** og **Hera Björk**. **Bubbi** er alveg slakur yfir kvöldinu en **Páll Óskar** er spenntur. Hann verður svo með Eurovisiongleði á Nasa strax á eftir því að úrslit verða kunn í kvöld.

Það sem vakti mesta athygli í byrjun Söngvakeppninnar í ár var að Bubbi Morthens sendi lag í keppnina í félagi með Óskari Páli. Bubbi hafði hingað til verið algjörlega á móti keppninni, en sá ljósið þegar hann sá kvikmyndina Mamma Mia og uppgötvaði að hann var aðdáandi Abba. Lagið er „One more day“ sungið af Færeyingnum Jógvani. Bubbi er ekkert að æsa sig yfir þessu.

„Það er til fólk sem heldur að Eurovision sé upphaf og endir veraldar og það voru einhverjir svoleiðis sem fóru í gang í paniki yfir því að við Óskar og Jógvan vorum þarna,“ segir hann. „Þeim fannst sér ógnað. En nei, blessaður maður, ég er alveg slakur yfir þessari keppni. Ég er að fara að vinna næstu plötu og á svo eftir að vinna meira með Óskari Páli.“

*En sendir Bubbi aftur inn lag í Söngvakeppnina?*

„Hver veit? Kannski verð ég langt fram á áttræðisaldur sendandi inn Eurovision-lög! Það væri ágætis húmor. Sérðu Johnny Lee Hooker fyrir þér?

## LÖGIN Í KVÖLD:

**Íris Hólm - The One**
eftir Birgi Jóhann Birgisson.
*Símanúmer: 900-9001*

**Matti Matt - Out of Sight**
eftir Matthías Stefánsson.
*Símanúmer: 900-9002*

**Hvanndalsbræður - Gleði og glens**
eftir Rögnvald gáfaða Rögnvaldsson.
*Símanúmer: 900-9003*

**Jógvan - One More Day**
eftir Óskar Pál Sveinsson og Bubba Morthens. *Símanúmer: 900-9004*

**Sjonni Brink - Waterslide**
eftir Sjonna Brink.
*Símanúmer: 900-9005*

**Hera Björk - Je ne sais quoi**
eftir Örlyg Smára og Heru Björk Þórhallsdóttur. *Símanúmer: 900-9006*

### Fjögur góð lög

En hvað segir Eurovision-spekingur Íslands? Gjörðu svo vel, Páll Óskar: „Ég er ánægður með þessi undanúrslit. Undanfarin ár hafa kannski bara verið tvö lög sem ég hef fílað og finnst skilið að fara út, en núna eru þau fjögur. Hera Björk er ofsalega flott söngkona með klæðskerasniðið Eurovision-keppnislag. Jógvan er svo sætur að mig langar til að kreista hann og klípa í nefið á honum. Mig hefur langað til þess síðan ég var að dæma hann í gamla daga í X-factor. Óskar Páll er búinn að flíkka upp á lagið svo það verður gaman að fylgjast með því. Mér finnst Hvanndalsbræður koma mjög sterkir inn með svona Madness-legt lag. Ég fíla þá alveg í botn og þeirra húmor. Svo skal ég lofa þér því að Sjonni Brink er með hittara í höndunum og það lag verður spilað í klessu í útvarpinu eftir keppnina. Svo þarna eru fjórir mögulegir til að vinna þetta. Við megum samt ekki gleyma Írisi Hólm, sem á góða möguleika til að verða Celine Dion okkar Íslendinga. Það sem hana vantar eru bara betri lög. Eina lagið sem mér finnst hvorki fugl né fiskur er lagið með Matta, en það hefur ekkert með hann að gera sem söngvara.“

Palli segir það sýnt og sannað að sá sem vinnur er flytjandinn, ekki tegund lagsins.

„Það verður mjótt á mununum en sá sem er að fara út er sá sem gerir þetta perfekt í kvöld. Það er alltaf flytjandinn sem dregur sigurinn í land, hvort heldur sem það eru finnskir þungarokkarar í skrýmslalatexi eða eróbikgella frá Úkraínu með vinum sínum úr pinninghópnum. Það er með þetta – eins og með allt annað í lífinu – það skiptir öllu að gera hlutina af heilindum. Ef hugurinn fylgir máli þá nær maður langt. Það er þetta sem ég verð að hugsa um þegar ég ýti á takkana á símanum mínum í kvöld.“

drgunni@frettabladid.is





TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ REGNBOGINN HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ




SPARBÍÓ SAMBÍÓIN




SPARbíó kl. 1.30 í Álfabakka og Kringlunni. kl. 2 á Ak, Kefl og Self
SPARbíó í Álfabakka kl. 1.30 í Álfabakka
SPARbíó kl. 1.20 í Álfab, kl. 1.30 í Kringlu og Self., kl. 2 á Ak

# Lést úr lungnabólgu

**Bandaríska leikkonan Brittany Murphy lést af völdum lungnabólgu í desember síðastliðnum. Hún hefði getað lifað af ef hún hefði farið til læknis í tæka tíð, samkvæmt úrskurði dánarstjóra í Los Angeles. Járnskortur og blanda ýmissa lyfseðilsskyldra lyfja átti einnig þátt í dauða hennar.**


BRITTANY MURPHY

**Eiginmaður Murphy, Simon Monjack, og móðir hennar sögðu að leikkonan hefði verið með einkenni flensu nokkrum dögum áður en hún lést.**

**Murphy var þekktust fyrir leik sinn í myndunum Clueless, Sin City og 8 Mile. Einnig talaði hún fyrir Luanne Platter í yfir 200 þáttum af teiknimyndunum King Of The Hill. Hún var aðeins 32 ára.**

# Leiðinlegt í ræktinni

**Leikkonan Charlize Theron stundar meiri líkamsrækt en áður vegna þess að hún óttast að hún sé að fitna með aldrinum. Theron, sem er 37 ára, leiðist samt fátt meira en líkamsrækt. Þrátt fyrir það æfir hún sig nokkrum sinnum í viku til að halda línunum í lagi.**


CHARLIZE THERON

**„Ég hef alltaf nóg fyrir stafni. Ég á hunda og mér finnst gaman að vera úti í náttúrunni," sagði Theron. „Ég er ekki nógu dugleg í ræktinni en ég verð að fara þangað.**

**Ég er komin yfir þrítugt og brennslan í líkamanum hefur minnkað. Ég fitna ef ég borða og æfi ekki. Ég borða nefnilega mjög mikið."**

# Frances á nýrri plötu

**Frances Bean Cobain, dóttir Kurts Cobain úr Nirvana og Courtney Love, kemur fram á sinni fyrstu plötu 30. mars. Platan nefnist Evelyn Evelyn frá samnefndri hljómsveit. Frances, sem er átján ára, syngur bakraddir í laginu My Space ásamt hópi þekktra einstaklinga á borð við Weird Al Yankovich, Andrew W.K., Gerard Way úr hljómsveitinni My Chemical Romance og rithöfundinum Neil Gaiman. Á meðal annarra laga á plötunni er ukulele-útgáfa af lagi Joy Division, Love Will Tear Us Apart.**


**MÆÐGUR** Frances Bean Cobain og móðir hennar, Courtney Love.

# Lil Wayne hlakkar til að fara í fangelsi

„Ég hlakka til að fara í fangelsi," sagði rapparinn Lil Wayne í nýlegu viðtali.

Lil Wayne var á dögunum dæmdur í árs fangelsi fyrir ólöglegan vopnaburð. Hann hefur afplánun í New York seinna í mánuðinum. „Enginn sem ég get talað við getur sagt mér hvernig er að vera í fangelsi," sagði Wayne og bætti við að fangavistin hafi verið eitthvað sem átti að gerast. „Ég lít svo á að hlutirnir gerist ekki að ástæðulausu. Ég veit að þetta er upplifun sem ég þarf á að halda þar sem Guð er að láta þetta gerast."

Lil Wayne gaf nýlega út plötuna Rebirth, sem markar hans fyrstu spor í rokkbransanum – en hann hefur hingað til verið þekktur sem rappari. Platan hefur fengið slæma dóma og gagnrýnendur tala um slæma tilraun. Hann þarf ekki að velta sér upp úr því þar sem hann mun sitja inni næstu mánuði.


**Í STEININN** Lil Wayne var gripinn með byssu og tekur afleiðingunum.

# Læknir ákærður

Conrad Murray, læknir popparans sáluga Michaels Jackson, verður að öllum líkindum ákærður fyrir manndráp af gáleysi. Lögfræðingur Murrays segir að skjólstæðingur sinn sé staddur í Los Angeles og muni gefa sig fram við lögreglu ef óskað verði eftir því. Ef Murray verður ákærður mun dómari skera úr um hvort réttað verði yfir honum.

Úrskurðað hefur verið að Jackson hafi verið myrtur síðasta sumar og hefur dauði hans verið rekinn til deyfilyfja. Murray hefur ávallt haldið fram sakleysi sínu og segist ekki hafa útvegað lyf sem hafi valdið dauða popparans. Fjöldi lyfja fannst í líkama Jacksons en talið er að hið sterka deyfilyf Propofol hafi átt stærstan þátt í dauða hans. Murray segist hafa gefið Jackson Propofol vegna svefnleysis sem hann þjáðist af.


**CONRAD MURRAY** Læknir Michaels Jackson verður líklega ákærður fyrir manndráp af gáleysi.




## > Myljandi hagnaður hjá skuldlausu KSÍ

Knattspyrnusamband Íslands, KSÍ, skilaði hagnaði upp á 50 milljónir á síðasta ári. Það sem meira er þá hefur KSÍ greitt upp 600 milljóna króna skammtímalán vegna stúkubyggingarinnar og því hvíla engar vaxtaberandi skuldir á sambandinu nú. Það hefur ekki gerst í rúm tíu ár. Knattspyrnusambandið er ekki á neinni vonarvöl eins og svo mörg sérsambönd hér á landi því eigið fé sambandsins er nú tæpar 234 milljónir króna.



**sport**

sport@frettabladid.is

**ARI FREYR SKÚLASON:** SETTUR ÚT Í KULDANN HJÁ SUNDSVALL EFTIR AÐ HAFA NEITAÐ NÝJUM SAMNINGSBOÐUM

# *Þetta er í raun og veru orðið algjört bull*



Ari Freyr Skúlason stendur nú í miklu stappi við forráðamenn sænska b-deildarfélagsins Sundsvall en viðræður um nýjan samning leikmannsins hafa dregist á langinn og er nú mikil óvissa með framtíð hans hjá félaginu. Ari Freyr var í lykilhlutverki hjá Sundsvall á síðasta tímabili og spilaði þá 28 af 30 leikjum í deildinni og skoraði 5 mörk og átti 9 stoðsendingar en liðinu mistókst hins vegar að vinna sér aftur sæti í efstu deild.

Hinn 22 ára gamli Ari Freyr hefur hafnað tveimur samningsboðum sænska liðsins og hefur í kjölfarið verið settur út í kuldann hjá félaginu og ekki fengið að taka þátt í síðustu tveimur æfingarleikjum liðsins en málið hefur notið mikillar athygli í sænskum fjölmiðlum undanfarið.

„Þetta er búið að vera mikið leiðindamál og þetta er ekki skemmtileg staða sem ég er í. Þeir [forráðamenn Sundsvall] hafa verið að segja að ég sé lykilleikmaður og að þeir vilji byggja liðið í kringum mig en þessi samningsboð þeirra hafa ekki undirstrikað það. Þvert á móti í raun og veru, og svo hafa þeir núna tekið upp á því að banna þjálfaranum að nota mig í síðustu tveimur æfingarleikjum liðsins. Ég á heldur ekki von á að vera með í næsta æfingarleik sem er á sunnudag því þeir hafa hótað mér í bréfi að ef ég skrifi ekki undir þá muni ég ekkert fá að spila. Þetta er í raun og veru orðið algjört bull og að mínu mati samningsbrot hjá þeim að hóta mér með þessum hætti,“ segir Ari Freyr en núgildandi samningur hans við félagið rennur út um næstu áramót.

„Við vorum á fundi í dag [í gær] og þeir vilja að ég komi með svar á mánudag um hvort ég vilji skrifa undir eða koma með móttilboð. Málið er bara að ég vildi alveg vera áfram hjá félaginu ef ég myndi fá samning sem ég yrði ánægður með en eins og þeir hafa hagað sér undanfarið þá sé ég ekki fram á að það gerist. Það er náttúrlega hundleiðinlegt að vera að æfa á fullu og fá svo ekkert að spila,“ segir Ari Freyr en þess má geta að Hannes Þ. Sigurðsson, sem leikur einnig hjá Sundsvall, er í svipuðum málum og Ari Freyr.

# Rio mun leiða England á HM

**Fabio Capello, landsliðsþjálfari Englands, ákvað í gær að svipta John Terry fyrirliðastöðu landsliðsins vegna hneykslismála. Rio Ferdinand verður fyrirliði enska landsliðsins á HM næsta sumar en Steven Gerrard verður varafyrirliði. Capello segir það best fyrir liðið að Terry verði ekki áfram fyrirliði.**

**FÓTBOLTI** Það var mikið fjölmiðlafár á Englandi í gær þegar Fabio Capello, landsliðsþjálfari Englands, og John Terry landsliðsfyrirliði hittust loksins á fundi.

Ástæða fundarins var kynlífshneykslið sem tengist Terry. Hann hélt fram hjá eiginkonu sinni með barnsmóður Wayne Bridge, sem leikur með honum í enska landsliðinu og var félagi hans hjá Chelsea. Terry barnaði konuna en hún fór í fóstureyðingu.

Eiginkona Terrys tók tíðindunum illa og flúði til Dubai með tvíburabörn hennar og Terrys. Er talið að hún hafi farið fram á skilnað. Terry getur tekið leyfi hjá Chelsea og elt konuna til Dubai í von um að bjarga hjónabandinu kjósi hann svo.

Capello er augljóslega maður fárra orða og stóð ekki í miklu rifrildi við Terry því fundur þeirra stóð aðeins yfir í tólf mínútur. Hvorugur aðilinn gaf kost á viðtali eftir fundinn en Capello sendi frá sér yfirlýsingu þar sem meðal annars stóð:

„Eftir mikla íhugun hef ég ákveðið að það sé best að ég taki fyrirliðabandið af John Terry. Sem fyrirliði liðsins hefur Terry verið til fyrirmyndar. Ég þarf aftur á móti að vega og meta alla hluti í þessu sambandi og það er með hagsmuni liðsins að leiðarljósi sem ég hef tekið þessa ákvörðun. Það er best fyrir liðið að Terry verði ekki áfram fyrirliði,“ sagði í yfirlýsingu Capello en hann tekur einnig skýrt fram að Terry hafi fyrstur allra fengið að vita ákvörðun hans.



**Í ERFIÐUM MÁLUM** John Terry á erfitt uppdráttar þessa dagana. Eiginkonan flúin til Dubai og nú hefur hann misst fyrirliðastöðuna hjá landsliðinu. NORDIC PHOTOS/GETTY

Rio Ferdinand, varnarmaður Man. Utd, mun taka við fyrirliðabandinu af Terry og Steven Gerrard, leikmaður Liverpool, verður varafyrirliði.

„Þegar ég valdi Terry sem fyrirliða valdi ég einnig varafyrirliða og þriðja fyrirliða. Það er engin ástæða til þess að breyta þeirri ákvörðun,“ segir í yfirlýsingunni.

Samkvæmt heimildum Sky-fréttastofunnar tók Terry tíðindunum ekkert sérstaklega vel og virtist vera brugðið þegar hann yfirgaf fundinn. Hann lét þó ekki hafa neitt eftir sér heldur sendi frá sér yfirlýsingu þar sem hann segist ætla að halda áfram að gefa allt sem hann á fyrir enska landsliðið. „Ég ber fulla virðingu fyrir ákvörðun þjálfarans. Ég mun halda áfram að gefa allt sem ég á fyrir landsliðið,“ var allt og sumt sem stóð í yfirlýsingu Terrys.

henry@frettabladid.is





**MERKI EM 2012** Keppnin fer fram í Póllandi og Austurríki. MYND/AFP

Mögulegir riðlar Íslands:

## Draumur eða martröð?

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið í fótbolta fær að vita um mótherja sína í undankeppni EM um helgina. Hér fyrir neðan eru styrkleikaflokkarnir og nokkrar útgáfur af mögulegum riðlum Íslands.

**Flokkur 1:** Spánn, Þýskaland, Holland, Ítalía, England, Króatía, Portúgal, Frakkland og Rússland
**Flokkur 2:** Grikkland, Tékkland, Svíþjóð, Sviss, Serbía, Tyrkland, Danmörk, Slóvakía og Rúmenía
**Flokkur 3:** Ísrael, Búlgaría, Finnland, Noregur, Írland, Skotland, Norður Írland, Austurríki og Bosnía
**Flokkur 4:** Slóvenía, Lettland, Ungverjaland, Litháen, Hvíta Rússland, Belgía, Wales, Makedónía og Kýpur
**Flokkur 5:** Svartfjallaland, Albanía, Eistland, Georgía, Moldavía, **Ísland**, Armenía, Kasakstan og Liechtenstein
**Flokkur 6:** Aserbaídsjan, Lúxemborg, Malta, Færeyjar, Andorra og San Marínó. - óój

### NOKKRIR MÖGULEIKAR:

**Drauma-riðill**

| | |
|---|---|
| England | Danmörk |
| Írland | Wales |
| Ísland | Færeyjar |

**Martraðar-riðill**

| | |
|---|---|
| Króatía | Serbía |
| Bosnía-Hersegóvína | Makedónía |
| Ísland | Aserbaídsjan |

**Góðkunningja-riðill**

| | |
|---|---|
| Holland | Svíþjóð |
| Skotland | Ungverjaland |
| Ísland | Malta |

**Suðrænn riðill**

| | |
|---|---|
| Ítalía | Grikkland |
| Ísrael | Kýpur |
| Ísland | Malta |

**Ferðalaga-riðill**

| | |
|---|---|
| Rússland | Tyrkland |
| Ísrael | Hvíta-Rússland |
| Ísland | Aserbaídsjan |

Á morgun verður dregið í undankeppni Evrópumótsins í knattspyrnu 2012:

# Hvaða stjörnur mæta í Laugardalinn?

**FÓTBOLTI** Íslenska knattspyrnulandsliðið verður í fimmta styrkleikaflokki þegar dregið verður í riðla í undankeppni fyrir EM 2012 á morgun en úrslitakeppnin fer fram að þessu sinni í Póllandi og Úkraínu.

Ísland lendir því í riðli með fjórum „sterkari“ þjóðum og vonast knattspyrnuáhugamenn að einhverjir af frægustu og bestu knattspyrnuleikmönnum Evrópu mæti á Laugardalsvöllinn næstu tvö ár.

Þjóðunum er skipt niður í sex styrkleikaflokka og eru níu þjóðir í efstu fimm flokkunum en sex þjóðir skipa sjötta flokkinn. Það verða því sex riðlar með sex þjóðum og þrír riðlar með fimm þjóðum.

Sigurvegarar hvers riðils komast beint í úrslitakeppnina ásamt þeirri þjóð sem verður með bestan árangur í öðru sæti. Hinar átta þjóðirnar sem lenda í öðru sæti riðlanna leika svo umspilsleiki um sæti í úrslitakeppninni. Þá hafa fjórtán þjóðir tryggt sér þátttökurétt og síðustu tvær þjóðirnar eru svo gestgjafarnir, Pólland og Úkraína.

Mesta spennan meðal íslenskra knattspyrnuáhugamanna er örugglega að sjá hvaða þjóð úr efsta styrkleikaflokki verður með okkur í riðli en íslenska landsliðið hefur lent áður í riðli með sex af þjóðunum níu sem álitnar eru sterkustu knattspyrnuþjóðir Evrópu.

Þessar þrjár þjóðir, England, Ítalía og Portúgal, eru til alls líklegar á HM í Suður-Afríku í sumar og það væri mikill happadráttur að flestra mati ef einhver þeirra myndi lenda í riðli með Íslandi sem þýddi að menn eins og Wayne Rooney eða Cristiano Ronaldo fengju að spreyta sig í Laugardalnum.

Drátturinn fer fram í Varsjá og hefst klukkan 11.00 að íslenskum tíma á sunnudaginn. - óój



**TVEIR GÓÐIR** Það væri gaman að fá annaðhvort Wayne Rooney eða Cristiano Ronaldo á Laugardalsvöllinn. MYND/AFP





Ulrik Wilbek svarar gagnrýni:

## Þeir myndu hlæja á Íslandi

**HANDBOLTI** Ulrik Wilbek, landsliðsþjálfari Dana, segist ekki hafa neytt línumanninn Michael Knudsen til að spila meiddan á EM í Austurríki og að Knudsen hafi meiðst fyrir EM.

„Við verndum okkar leikmenn betur en flestir aðrir. Ég held til dæmis að menn á Íslandi myndu hlæja að þessum ásökunum Þjóðverjanna. Ég held að forráðamenn hjá Flensburg ættu bara að þakka fyrir að Knudsen sé danskur en ekki íslenskur,“ segir Wilbek í viðtali við TV2. - óój



**30 STIG OG 17 FRÁKÖST** Hlynur Bæringsson lék vel á móti Keflavík á fimmtudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Undanúrslit Subway-bikars:

## Breytist eitthvað á 3 dögum?

**KÖRFUBOLTI** Keflavík og Snæfell mætast í undanúrslitaleik Subway-bikars karla í Toyota-höllinni í Keflavík klukkan 15.00 á sunnudaginn en í boði er sæti í úrslitaleiknum í Höllinni 20. febrúar.

Snæfell vann deildarleik liðanna með 20 stigum á fimmtudagskvöldið, 106-86, en sá leikur fór fram í Hólminum.

Snæfell sló Keflavík út úr bikarnum á leið sinni að bikarmeistaratitlinum sínum fyrir tveimur árum en Keflavík var þá búið að vinna sex fyrstu bikarleiki félaganna. - óój

Tiger Woods:

## Gæti snúið aftur í febrúar

**GOLF** Sögusagnir um að stjörnukylfingurinn Tiger Woods sé að undirbúa endurkomu sína á golfvöllinn hafa farið eins og eldur í sinu síðustu daga.

Hinn 34 ára gamli Woods tilkynnti í lok síðasta árs að hann ætlaði að taka sér frí frá keppnisgolfi í óákveðinn tíma vegna fjölskylduvandamála sinna en það var búið að vera sannkallað fjölmiðlafár út af fregnum um ítrekuð framhjáhöld kappans.

BBC-fréttastofan hefur heimildir fyrir því að Woods hafi í hyggju að taka þátt í WGC Match Play-meistaramótinu í Arizona í Bandaríkjunum en golfsérfræðingurinn Iain Carter er þó ekki alveg sannfærður um að svo verði.

„Ég hef heyrt um hugsanlega endurkomu Woods í febrúar frá mjög áreiðanlegum aðila en það myndi samt koma mér á óvart ef hann myndi taka þátt í mótinu,“ segir Carter í viðtali við BBC. - óþ




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000





**KLÁR Í SLAGINN** Eiður Smári Guðjohnsen er í leikmannahópi Tottenham sem mætir Aston Villa í dag. NORDIC PHOTOS/GETTY

Eiður Smári Guðjohnsen:

## Byrjar líklega á bekknum í dag

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen mun líklega fá að spreyta sig í sínum fyrsta leik með aðalliði Tottenham síðan hann gekk í raðir félagsins á láni frá Mónakó á dögunum.

Tottenham mætir Aston Villa á White Hart Lane-leikvanginum í dag í gríðarlega mikilvægum leik í ensku úrvalsdeildinni en liðin eru í harðri baráttu um fjórða sætið í deildinni sem gefur þátttökurétt í Meistaradeild Evrópu á næsta tímabili. Eiður Smári byrjar leikinn að öllum líkum á varamannabekknum þar sem framherjarnir Jermain Defoe og Peter Crouch hafa verið að spila vel saman undanfarið. Eiður Smári lék með varaliði Tottenham á þriðjudag og skoraði þá tvö mörk í 4-1 sigri gegn Dagenham &Redbridge. - óþ

# Rosalegir borgarslagir um helgina

**Heil umferð fer fram í ensku úrvalsdeildinni um helgina þar sem hæst ber borgarslagi Liverpool og Everton í dag og Chelsea og Arsenal á morgun. Meistararnir í Manchester United mæta botnliði Portsmouth.**

**FÓTBOLTI** Borgarslagur Liverpool og Everton annars vegar og Chelsea og Arsenal hins vegar eru í fyrirrúmi þegar litið er yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

Bæði Liverpool og Everton mega reyndar vissulega muna sinn fífil fegri þegar félögin mætast á Anfield-leikvanginum í hádeginu í dag. Liverpool er löngu búið að missa af lestinni í titilbaráttunni við Manchester United, Chelsea og Arsenal og Everton er rétt núna upp á síðkastið að rétta úr kútnum eftir vægast sagt afleita byrjun á tímabilinu.

Liverpool hefur reyndar ekki tapað í síðustu sex deildarleikjum sínum en þrátt fyrir það hefur liðið ekki virkað sannfærandi og meðal annars þurft að sætta sig við jafntefli við bæði Stoke og nýliða Wolves á síðustu vikum.

Stuðningsmenn Liverpool hafa þó ærna ástæðu til bjartsýni fyrir heimsókn erkifjendanna því Everton hefur ekki unnið á Anfield-leikvanginum síðan í september árið 1999, tapað sex af síðustu tíu viðureignum félaganna þar og gert fjögur jafntefli.

**LEIKIR HELGARINNAR:**

| | |
|---|---|
| **Laugardagur:** | |
| Liverpool-Everton | kl. 12.45 |
| Bolton-Fulham | 15.00 |
| Burnley-West Ham | 15.00 |
| Hull-Manchester City | 15.00 |
| Manchester Utd-Portsmouth | 15.00 |
| Stoke-Blackburn | 15.00 |
| Tottenham-Aston Villa | 17.30 |
| **Sunnudagur:** | |
| Birmingham-Wolves | 13.30 |
| Chelsea-Arsenal | 16.00 |



**ALLT UNDIR** Lundúnafélögin Chelsea og Arsenal mætast í mikilvægum toppbaráttuslag á Stamford Bridge-leikvanginum á morgun. Chelsea hefur haft tak á Arsenal undanfarið en gestirnir þurfa nauðsynlega á sigri að halda til þess að halda sér í titilbaráttunni. NORDIC PHOTOS/AFP

Knattspyrnustjórinn Rafa Benitez hjá Liverpool bindur vonir við að heimastrákarnir Steven Gerrard og Jamie Carragher gefi Liverpool neistann til þess að taka stigin þrjú gegn Everton.

„Ég er mjög ánægður með að fyrirliðinn minn [Gerrard] sé heimamaður því hann þekkir Liverpool-borg út í gegn og veit hvað er í húfi í þessum grannaslögum. Hann og Carragher geta leitt hina leikmennina áfram í baráttunni og hjálpað okkur að ná fram sigri. Hvernig sem við förum að því þá eru stigin þrjú það sem skiptir máli,“ sagði Benitez á blaðamannafundi í gær.

**Barátta á Brúnni**

Toppliðs Chelsea bíður erfitt verkefni á Stamford Bridge-leikvanginum á sunnudag þegar Arsenal mætir í heimsókn en sex stig skilja liðin að í fyrsta og þriðja sæti deildarinnar.

Chelsea hefur þó verið með nokkuð gott tak á grönnum sínum og hefur Arsenal aðeins unnið tvo af síðustu fimmtán viðureignum Lundúnafélaganna, gert fimm jafntefli og tapað átta.

Knattspyrnustjórinn Carlo Ancelotti hjá Chelsea endurheimtir Ashley Cole og John Obi Mikel úr meiðslum fyrir leikinn og telur að Chelsea geti bundið enda á titilmöguleika Arsenal með sigri á sunnudag.

„Ef við vinnum þennan leik verður mjög erfitt fyrir Arsenal að koma til baka. Þá yrði bilið á milli okkar og Manchester United og svo Arsenal of mikið. Við skulum sjá til hvernig þetta verður en við þurfum að spila góðan varnarleik og sækja hratt á þá, það er rétta leiðin til að vinna Arsenal,“ sagði Ancelotti í gær.

Knattspyrnustjórinn Arsene Wenger hjá Arsenal sér hlutina í öðru ljósi en kollegi sinn hjá Chelsea án þess þó að gera lítið úr mikilvægi leiksins á sunnudag.

„Úrslit leiksins gegn Chelsea hafa auðvitað mikið að segja upp á framhaldið að gera en hvernig sem fer þá tel ég að við séum enn samt sem áður í góðri stöðu.

Ég er hins vegar sannfærður um að við höfum trúna, samheldnina og hungrið til þess að ná hagstæðum úrslitum. Það hafa margar efasemdaraddir heyrst eftir tapið gegn United en við munum sýna hvað í okkur býr,“ sagði Wenger í gær.

Englandsmeistarar Manchester United geta aftur á móti hirt toppsætið í dag, tímabundið í það minnsta, með sigri gegn botnliði Portsmouth á Old Trafford-leikvanginum en Hermann Hreiðarsson getur ekki leikið með gestunum vegna meiðsla.

omar@frettabladid.is

LÝÐHEILSUSTÖÐ

Styrkir úr Forvarnasjóði 2010

Lýðheilsustöð auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Forvarnasjóði

**Tilgangur sjóðsins er að stuðla að forvörnum á sviði áfengis- og vímuvarna og eru styrkir veittir til verkefna eða afmarkaðra rannsókna.**

Skilyrði fyrir rannsóknastyrkjum til gagnaöflunar er að Lýðheilsustöð hafi aðgang að ópersónugreinanlegum frumgögnum og nauðsynlegum stoðupplýsingum ári eftir að gagnasöfnun lýkur. Í samvinnu við styrkþega getur Lýðheilsustöð einnig veitt þriðja aðila aðgang að gögnunum.

Áhersla er lögð á að verkefnin séu samstarfsverkefni og að þau tengist börnum og ungu fólki í eða utan skóla. ***Í ár verða umsóknir sérstaklega metnar með tilliti til stefnu ríkisstjórnarinnar um að efla heilsugæsluna og lýðheilsustarf og forvarnir í þeim grunni.*** Þá er mikilvægt að um sé að ræða stærri, umfangsmeiri og markvissari verkefni sem hægt er að fylgjast náið með hvað framkvæmd og framvindu varðar.

